



ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Nr. 87-4

# Orkuöflun til húshitunar í Vestmannaeyjum



ORKUSTOFNUN  
OS-87016/JHD-01

Apríl 1987



# Orkuöflun til húshitunar í Vestmannaeyjum

**Nefnd um orkuöflun til húshitunar  
í Vestmannaeyjum**

5



Til Iðnaðarráðuneytisins.

Iðnaðarráðuneytið skipaði 28. nóvember 1986 undirritaða í nefnd að kanna leiðir til að afla Vestmannaeyjakaupstað orku til húshitunar eftir að núverandi hraunhitaveita annar ekki lengur eftirspurn kaupstaðarins.

Niðurstöður nefndarinnar voru kynntar iðnaðarráðherra á fundi í ráðuneytinu 6. mars 1987. Í framhaldi af því fól ráðherra nefndinni það viðbótarverkefni að láta bora rannsóknaholur í hraunið til að kanna möguleika á að afla heits vatns af botni þess. Þetta verk er nú í undirbúningi, en nánari greinargerð um niðurstöður þess er utan ramma þessarar skýrslu.

Nefndin hefur lokið störfum sínum samkvæmt upphaflegrí skipun og skilar hér með ráðuneytinu skýrslu sinni.

Reykjavík 15. apríl 1987

Guðmundur Pálason

Eiríkur Bogason

Sigmund Jóhannsson

Sveinbjörn Björnsson

Wilhelm V. Steindórsson

Örn Helgason



## EFNI

bls.

EFNISYFIRLIT .....	5
MYNDASKRÁ .....	8
INNGANGUR .....	11
<u>1. Niðurstöður</u> .....	13
<u>2. Tillögur</u> .....	18

### A. REKSTRARSKILYREI OG FORSENDUR

<u>3. Rekstrarskilyrði Fjarhitunar Vestmannaeyja (FJAVE)</u> .....	21
3.1 Afl- og orkuþörf FJAVE .....	21
3.2 Orkuframleiðsla FJAVE .....	22
3.3 Afl- og orkukaup Rafveitu Vestmannaeyja (RV) .....	27
3.4 Gráðudagar í Vestmannaeyjum .....	31
3.5 Rafhitunarmarkaðurinn .....	33
3.6 Framrásarhiti dreifikerfis (kerfishiti) .....	33
3.7 Raforkuflutningskerfið .....	34
3.8 Rekstrarstaða FJAVE .....	37
<u>4. Forsendur um verð</u> .....	38
4.1 Ótrygg orka (afgangsorka) frá Landsvirkjun .....	38
4.2 Orkuverð .....	38
4.3 Stofnkostraður búnaðar til orkuframleiðslu .....	41
4.4 Skýringar á hagkvæmnisútreikningum .....	41

### B. LEIÐIR TIL ORKUFRAMLEIÐSLU

<u>5. Hraunhiti</u> .....	45
5.1 Hitaástand hrauns .....	45
<u>6. Varmaskiptar á hrauni</u> .....	52
6.1 Vökjun hrauns og söfnun gufu .....	52
6.1.1 Lýsing .....	52
6.1.2 Forsendur .....	52
6.1.3 Haçkvænni .....	53
6.2 Dæling úr hrauni .....	54
6.2.1 Lýsing og forsendur .....	54
6.2.2 Haçkvænni .....	56
<u>7. Varmadæla</u> .....	58
7.1 Lýsing .....	58
7.2 Nýting 40°C – 60°C heitrar gufu frá hrauni .....	60
7.2.1 Forsendur .....	60
7.2.2 Haçkvænni .....	61
7.3 Nýting 40°C heitrar gufu frá hrauni .....	62
7.3.1 Forsendur .....	62
7.3.2 Haçkvænni .....	63

bls.

7.4	Nýting 40°C – 60°C heits vatns frá borholu á hrauni .....	63
7.4.1	Forsendur .....	63
7.4.2	Hagkvæmni .....	64
7.5	Nýting 40°C heits vatns frá borholu á hrauni .....	66
7.5.1	Forsendur .....	66
7.5.2	Hagkvæmni .....	66
7.6	Nýting 40°C heits vatns frá borholu við Skiphella .....	68
7.6.1	Forsendur .....	68
7.7	Nýting 20°C heits vatns frá Skansinum .....	68
7.7.1	Forsendur .....	68
7.8	Nýting 8°C heits sjávar .....	69
7.8.1	Forsendur .....	69
7.8.2	Hagkvæmni .....	71
7.9	Nýting varma frá iðnaði .....	74
7.9.1	Forsendur .....	74
7.10	Slöngukerfi á hrauni .....	76
7.10.1	Forsendur .....	76
8.	<u>Rafskautsketill</u> .....	77
8.1	Lýsing .....	77
8.2	Forsendur .....	78
8.3	Hagkvæmni .....	78
9.	<u>Vindorkuver</u> .....	82
9.1	Rafmagnsmylla .....	82
9.1.1	Lýsing .....	82
9.1.2	Forsendur .....	82
9.1.3	Hagkvæmni .....	83
9.2	Hitamylla .....	84
9.2.1	Lýsing .....	84
9.2.2	Forsendur .....	85
9.2.3	Hagkvæmni .....	85
10.	<u>Sorpbrennsluver</u> .....	86
10.1	Lýsing .....	86
10.2	Forsendur .....	86
10.3	Hagkvæmni .....	87
11.	<u>Svartoliuketill</u> .....	89
11.1	Lýsing .....	89
11.2	Forsendur .....	89
11.3	Hagkvæmni .....	90
12.	<u>Kolaketill</u> .....	92
12.1	Lýsing .....	92
12.2	Forsendur .....	92
12.3	Hagkvæmni .....	93
13.	<u>Dieselstöð</u> .....	95
13.1	Lýsing .....	95
13.2	Forsendur .....	95
13.3	Hagkvæmni .....	95

14. Ferjuflutningar á heitu vatni .....	96
14.1 Lýsing .....	96
14.2 Forsendur .....	96
14.3 Hagkvæmni .....	96
15. <u>Miðlunargeymir</u> .....	98
15.1 Lýsing .....	98
15.2 Forsendur .....	98
15.3 Kostnaður .....	99
16. <u>Samrekstur rafskautaketils og nýtingar á hraunhita</u> .....	100
16.1 Heitt vatn úr hrauni og rafskautaketill .....	100
16.2 Heitt vatn, söfnun gufu og rafskautaketill .....	100
16.3 Hraunhiti, varmadæla og rafskautaketill .....	102
16.4 Áfangaskipti í samrekstri .....	103
16.4.1 Rekstrarform, I. - áfangi .....	103
16.4.2 Rekstrarform, II. - áfangi .....	104
16.4.3 Rekstrarform, III. - áfangi .....	105
16.4.4 Rekstrarform, IV. - áfangi .....	105
16.4.5 Rekstrarform, V. - áfangi .....	106
17. <u>Samanburður á hagkvænni orkugjafa</u> .....	109
17.1 Hagkvænni einstakra orkugjafa .....	109
17.2 Hagkvænni í samrekstri orkugjafa .....	112
17.3 Samrekstur raforku- og varmaframleiðslu .....	114
17.4 Samrekstur FJAVE, RV, og raforku- og gufuframleiðslu fiskiðnaðarfyrirtækja .....	114
HEIMILDASKRÁ .....	117
<u>C. VIÐAUKAR</u>	
18.1 Viðauki A, forsendur .....	121
18.2 Viðauki B, töflur .....	129
<u>D. FYLGIRIT</u>	
19. <u>Hiti í Eldfelli</u> .....	135
20. <u>Vindafar og nýting vindorku til húshitunar í Vestmannaeyjum (31.01.87/ÖH)</u> .....	136
21. <u>Dæmi um þróun fjárhagsstöðu FJAVE, (20.03.87/E.B.)</u> .....	152

MYNDASKRÁ.

	bls.
Mynd 1. Orkuöflunarkostir .....	12
" 2. Hlutfall framleidds afls FJAVE og orkunotkunar .....	21
" 3. Framleiðsla afls FJAVE árið 1985 .....	24
" 4. Framleiðsla afls FJAVE árið 1986 .....	24
" 5. Framleiðsla orku FJAVE árið 1985 .....	25
" 6. Framleiðsla orku FJAVE árið 1986 .....	25
" 7. Langæislínurit FJAVE árið 1985 .....	26
" 8. Langæislínurit FJAVE árið 1986 .....	26
" 9. Vikuleg raforkunotkun RV árið 1985 .....	28
" 10. Vikuleg raforkunotkun RV árið 1986 .....	28
" 11. Ónýtt raforka RV árið 1985 .....	29
" 12. Ónýtt raforka RV árið 1986 .....	29
" 13. Raforka sem FJAVE gæti notað af ónýttri raforku RV árið 1985 ..	30
" 14. Raforka sem FJAVE gæti notað af ónýttri raforku RV árið 1986 ..	30
" 15. Meðalhiti og skipting gráðudaga í Vestmannaeyjum .....	31
" 16. Samanburður á skiptingu gráðudaga og orkuframleiðslu FJAVE 1986	32
" 17. Raforkuflutningskerfið og nýjar framkvæmdir .....	35
" 18. Áætluð orkunotkun til húshitunar á ári miðað við hússtærð .....	40
" 19. Hiti á þurru bergi undir hrauni .....	47
" 20. Hiti í hrauni og undir því, 12,5 árum eftir goslok .....	48
" 21. Hiti í hrauni og undir því, 25 árum eftir goslok .....	49
" 22. Hugsanlegt hitaástand í Eldfellshrauni í ársbyrjun 1987 .....	50
" 23. Afstöðukort vinnslusvæðis FJAVE. Hugmyndir að staðsetningu borhola A-D í Eldfellshraunið .....	51
" 24. Söfnun gufu á hrauni .....	53
" 25. Áætlaður vatnshiti úr hrauni og nýting hans .....	55
" 26. Dæling úr hrauni, I. áfangi .....	56
" 27. Uppbygging varmadælu, einfölduð mynd .....	58
" 28. Tenging gufuvarmaskipta á hrauni, varmadælu og varmaskiptis í dælustöð .....	60
" 29. Tenging gufuvarmaskipta á hrauni og varmadælu í dælustöð .....	62
" 30. Dæling úr hrauni, III. áfangi .....	64
" 31. Dæling úr hrauni, IV. áfangi .....	66
" 32. Mældur sjávarhiti við Vestmannaeyjar .....	70
" 33. Tenging sjávarvarmadælu .....	71
" 34. Nýting afgangsvarma frá fiskiðnaðarfyrirtækjum .....	75
" 35. Tenging rafskautaketils .....	77
" 36. Vatnsbremsa .....	84

	bls.
-"- 37. Rekstrarform, I.-áfangi .....	104
-"- 38. Rekstrarform, II.-áfangi .....	104
-"- 39. Rekstrarform, III.-áfangi .....	105
-"- 40. Rekstrarform, IV.-áfangi .....	106
-"- 41. Rekstrarform, V.-áfangi .....	106
-"- 42. Áætlað orkuverð samnýtingar gufuvarmaskipta á hrauni og hraundælingar. Lengri ending hraunvarma .....	107
-"- 43. Áætlað orkuverð samnýtingar gufuvarmaskipta á hrauni og hraundælingar. Skemmri ending hraunvarma .....	108
-"- 44. Hagkvænni einstakra orkugjafa .....	111
-"- 45. Hagkvænni í samrekstri orkugjafa, langtíma orkuöflunarkostir ..	113
-"- 46. Samrekstur FJAVE, RV, og raforku- og gufuframleiðslu fiskiðnaðarfyrirtækja, framleiðsla á raforku og varma .....	115



## INNGANGUR

Með bréfi dagsettu 28. nóvember 1986 skipaði Albert Guðmundsson þáverandi iðnaðarráðherra nefnd til að kanna leiðir til að afla Vestmannaeyjakaupstað orku til húshitunar í framtíðinni. Nefndin skyldi skilgreina og bera saman leiðir til öflunar orku í Vestmannaeyjakaupstað eftir að núverandi hraunhitaveita annar ekki lengur eftirspurninni.

Í nefndina voru skipaðir Guðmundur Pálason (formaður), Eiríkur Boga-son, Sigmund Jóhannsson, Sveinbjörn Björnsson, Wilhelm V. Steindórsson og Örn Helgason.

Nefndin hóf störf 8. desember 1986. Hún hefur haldið 15 bókaða fundi, þar af þrjá í Vestmannaeyjum, og einnig hefur hún átt two fundi með RARIK og einn með Landsvirkjun auk eins sameiginlegs fundar. Þá hefur hún átt einn fund með bæjartæknifræðingi Vestmannaeyja.

Nefndin kynnti iðnaðarráðherra niðurstöðurnar af starfi sínu á fundi í ráðuneytinu 6. mars 1987. Einig var veitustjórn og bæjarfulltrúum í Vestmannaeyjum gerð grein fyrir meginniðurstöðunum af starfi nefndarinnar á fundi í Vestmannaeyjum 3. apríl 1987.

Vestmannaeyingar hafa undanfarin 10 ár eða þar um bil búið við einstæðan orkugjafa til hitunar híbýla sinna, þar sem er hraunið frá Heimeyjargosinu 1973. Senn líður að því að sú tækni, sem notuð hefur verið og byggir á gufumyndun úr vatni í hrauninu gengur ekki lengur vegna storknunar hraunsins og vaxandi reksturskostnaðar. Engu að síður er mikill varmi eftir í hrauninu, sem getur borgað sig að vinna með öðrum aðferðum og að nýta í tengslum við aðra orkugjafa, sem sinnt geta hluta af orkupörfinni.

Nefndin hefur skoðað flestar þær leiðir til orkuöflunar, sem eru tæknilega á því stigi að treysta megi á öryggi þeirra til húshitunar. Markmiðið hefur verið að finna þá leið sem gæfi lægstan hitunarkostnað á hverjum tíma næstu 15 árin. Búnaður er afskrifaður á þeim tíma, sem reynslan krefst, og reiknivextir eru settir 6%. Miðað er við verðlag í janúar 1987.


Þær leiðir, sem skoðaðar hafa verið, eru m.a. áframhaldandi nýting hraunhitans með gufusöfnun annars vegar og með dælingu heits vatns úr borholum hins vegar, varmaframleiðsla með rafskautakatli, kolakatli eða svartoliúkatli, nýting varma frá sorpbrennsluveri, nýting vindorku, flutningur á heitu vatni úr landi, o.fl. Þá hafa verið skoðaðar leiðir til að nota varmadælur til að nýta afgangsvarma frá fiskiðjuverum, lághitavarma úr hrauninu og varma úr sjónum, sjá mynd 1.

Margar af þeim forsendum, sem nota þarf, eru talsvert óvissar. Ein þeirra er verð á ótryggri orku (afgangsorku) frá RARIK-Landsvirkjun, sem talið er að verða muni til staðar í kerfi Landsvirkjunar næstu

10-20 árin. Núverandi kerfi flutningslína RARIK getur ekki annað því viðbótarálagi, sem full rafhitun í Vestmannaeyjum hefði í för með sér og því þyrfti að koma til ný fjárfesting, og e.t.v. fyrr en ella. Gjaldskrá Landsvirkjunar er einnig í endurskoðun og að sögn forsvarsmanna þar má gera ráð fyrir verulegri hækjun á verði ótryggrar orku. Í þessari stöðu hefur nefndin valið þann kostinn að reikna með breytilegu verði raforku og borið saman hinum ýmsu leiðir miðað við mismunandi verð á raforkunni.

Það verk sem hér er lagt fram hefur orðið umfangsmeira en í upphafi var áætlað vegna þess hve margra kosta er völ í orkuöflun í Vestmannaeyjum og þeirrar sérstöðu sem hraunhitinn skapar sem einn af valkostunum næstu árin. Nefndin hefur sem slík stýrt þeirri vinnu, sem hér hefur verið unnin, en auk þess hafa einstakir nefndarmenn unnið að ákveðnum þáttum verksins. Mestur er þar hlutur Wilhelms V. Steindórssonar, sem auk veru sinnar í nefndinni hefur jafnframt verið starfsmáður hennar. Sveinbjörn Björnsson hefur lagt til mikið efni varðandi hraunhitinn og nýtingu hans. Örn Helgason hefur séð um vindorkuna og skrifat sérstaka greinargerð um hana, sem fylgir með sem fylgirit. Eiríkur Bogason hefur lagt til allar nauðsynlegar upplýsingar um Fjarhitun Vestmannaeyja og rekstur hennar, og gert reikninga á afkomu hennar fyrir mismunandi forsendur. Eru niðurstöðurnar einnig sýndar í fylgiriti.

Þess skal einnig getið, að Orkustofnun hefur lagt nefndinni til skrifstofuaðstöðu, þar með talið ritvinnslu, teknivinnu og útgáfu á lokaskýrslunni. Einig hefur starfsfólk Fjarhitunar Vestmannaeyja veitt margvislegar upplýsingar. Kann nefndin þessum aðilum bestu þakkir fyrir.



Mynd 1. Orkuöflunarkostir.

## 1. Niðurstöður.

Orkuþörf FJAVE til húshitunar í Vestmannaeyjum er alls um 60 GWh á ári, þar af er grunnorka um 30 GWh á ári. Um fjölmargar leiðir er að velja til öflunar þessarar orku. Eru þær leiðir mishagkvæmar eins og gengur. Sumar byggja á "innlendri" orku eyjanna eins og hraunhitum, varma frá sorpbrennslu, afgangsvarma frá stórum iðnfyrirtækjum, sjávarhita, vindorku o.fl. Aðrar fela í sér orkukaup úr landi og þá fyrst og fremst raforku. Enn aðrar gera ráð fyrir kaupum á brennslu-efnum erlendis frá.

Áframhaldandi nýting hraunhitans með breyttri vinnsluaðferð er álit-legur orkuöflunarkostur fyrir FJAVE í nokkur ár, eða þar til hagkvænnin ekki stenst samanburð við aðra valkosti. Sú vinnsluaðferð, sem nefndin telur hagkvæmasta, er að dæla vatni (sjó) úr hrauninu og nýta það með varmaskiptum. Jafnframt að núverandi varmaskiptar á hrauni verði notaðir áfram að því marki, sem hagkvæmt þykir, en að flutningi vinnslusvæðanna og vökvun hraunsins verði að mestu hætt.

Borað verði í Eldfellshraunið og gerðar hita- og dæluprófanir í holunum, sjá mynd 23 um hugmyndir að staðsetningu borhola. Á mynd (a) í þessum kafla er sýnd áætlun um vatnshita úr hrauninu og nýtingu hans. Horft er til 15-20 ára og því tímabili skipt í 5 rekstrar-áfanga, sjá myndir (d) - (h) í þessum kafla.

Allar myndir í þessum kafla eru smækkaðar mjög, en eru sýndar stærri aftar í skýrslunni.

I.- áfangi. Miðað við að áætlanir um vatnsgæfni hraunsins og hita vatns gangi eftir, mun áframhaldandi gufusöfnun á hrauni með lágmarks reksturskostnaði ásamt dælingu  $90^{\circ}\text{C}$  -  $100^{\circ}\text{C}$  heits vatns úr hrauni anna allri orkuþörf FJAVE, þ.e. 60 GWh á ári, sjá mynd (d).

II.- áfangi. Þegar hiti vatns úr hrauni hefur fallið í  $60^{\circ}\text{C}$  -  $90^{\circ}\text{C}$ , mun áframhaldandi gufusöfnun á hrauni og dæling úr hrauni anna 40 GWh varmaframleiðslu á ári. Rafskautaketill verður þá settur upp og 20 GWh á ári framleiddar með honum, sjá mynd (e).

III.- áfangi. Þegar hiti vatns úr hrauni hefur fallið í  $40^{\circ}\text{C}$  -  $60^{\circ}\text{C}$ , er ekki talið að hagkvæmt verði að safna gufu úr hrauninu lengur. Settur verður upp varmaskiptir og varmadæla í dælustöð FJAVE til aukinnar nýtingar á vatni frá hrauni. Varmaframleiðsla úr hrauni verður alls 40 GWh á ári eins og áður og rafskautaketillinn mun áfram framleiða 20 GWh á ári, sjá mynd (f).

IV.- áfangi. Þegar hiti vatns úr hrauni hefur fallið í 40°C verða framleiddar 30 GWh á ári með varmadælunni og aðrar 30 GWh með rafskautakatlinum, sjá mynd (g).

V.- áfangi. Þegar hiti vatns úr hrauni hefur fallið það mikil að ekki verður talið hagkvæmt að nýta hann, verður nýtingu hraunhitans hætt, endingartími varmadælunnar er þá liðinn og rafskautsketillinn mun framleiða 60 GWh á ári, sjá mynd (h).

Verð á ótryggri orku (afgangsorku) frá Landsvirkjun hefur mikil áhrif á meðalhagkvænni orkuframleiðslu hvers áfanga, eftir I.- áfanga. Afgangsorkuverðið hefur meiri áhrif á meðalframleiðsluverð orkunnar hjá FJAVE eftir því sem hlutdeild raforku í heildarframleiðslunni vex og eykst eftir því sem líður á áfangana, sjá mynd (b) í þessum kafla. Sýnd eru áhrif afgangsorkuverðsins  $k_L = 0,235 - 0,45 \text{ kr/kWh}$  á meðalframleiðsluverð orku FJAVE.

Hefja þarf þegar viðræður við LV/RARIK um sölu og afhendingu á afgangsorku í Vestmannaeyjum. Að samningar náist, er forsenda þess að ráðist verði í II. - V.- áfanga hér að framan.

Ef dæling heits vatns úr hrauninu reynist erfiðleikum háð, er rekstur varmadælu, sem framleiddi grunnorku FJAVE, 30 GWh á ári og nýtti varma úr gufu frá hrauninu hagkvæmur kostur.

Ef samningar við LV/RARIK næðust ekki um sölu og afhendingu á afgangsorku í Vestmannaeyjum, er varmadæla, sem nýtti varma úr sjónum og framleiddi 55 GWh á ári, og svartolíuketill, sem framleiddi 5 GWh á ári, hagkvæmur kostur, sjá mynd (c) í þessum kafla.

Ef rekstur kolaketils þætti álitlegur kostur fyrir FJAVE, er ástæða til að kanna hagkvænni þess að framleiða raforku fyrir RV og varma fyrir FJAVE í samþyggðu kolaorkuveri.



Álitlegur kostur virðist vera fyrir bæjarfélagið, ef um semdist, að nýta að vissu marki þá afgangsorku, sem til fellur hjá fiskiðnaðar-fyrirtækjum bæjarins. Ástæða er því til að FJAVE taki upp viðræður við Fiskimjölsverksmiðjuna í Vestmannaeyjum (FIVE) og Fiskimjöls-verksmiðju Einars Sigurðssonar (FES) um möguleika á samvinnu um framleiðslu á gufu og rafmagni með svartolíu eða kolum fyrir verksmiðjurnar, RV og FJAVE.

Brennsla á sorpi í sorpbrennsluveri í Eyjum, þar sem varminn yrði nýttur fyrir FJAVE er áhugaverður orkuöflunarkostur, ef um semst við þann aðila sem reka myndi verið. Flutningur á sorpi úr landi til brennslu og nýtingar í Eyjum er athyglisverður möguleiki. Þannig yrði Vestmannaeyjakaupstaður miðstöð sorpeyðingar byggðanna við suður-

ströndina. Þær 16 GWh, sem áætlað er að sorpbrennsluverið geti framleitt á ári, gætu lengt þann tíma, sem með viðunandi móti væri hægt að nýta hraunhitann.


Í Eldfellinu eða rótum þess er án efa geymdur mikill varmi, sem mun haldast þar um alllangan tíma. Kostnaður við nýtingu þess varma miðað við núverandi þekkingu á eðli hitadreifingarinnar í kringum Eldfellið verður tiltölulega hár í samanburði við aðra valkosti. Ekki er hægt að segja nánar til um vinnsluaðferð eða kostnað fyrr en að undangengnum allkostnaðarsömum rannsóknum.

Útreikningar á hagkvæmni vindmylla grundvallast á vindmælingum frá Stórhöfða umreiknuðum til að gilda á Eldfellshrauninu. Vilji menn treysta þær forsendur nánar, þurfa að fara fram vindmælingar á hrauninu í nokkur ár, samanber kafla 20.




Mynd (a).


Mynd (b).




Mynd (c).




Mynd (d). I.- áfangi.




Mynd (e). II.- áfangi.



Mynd (f). III.-áfangi.



Mynd (g). IV.- áfangi.




Mynd (h). V.- áfangi.

## 2. Tillögur.

Eftirfarandi tillögur beinast fyrst og fremst að því að treysta ýmsar forsendur sem óvissar eru í sambandi við val á framtíðar orkuöflunarleiðum fyrir FJAVE. Niðurstöður þeirra aðgerða sem nefndin leggur til gætu haft úrslitaáhrif á hvaða leiðir yrðu valdar af þeim sem ræddar eru í niðurstöðunum hér á undan.

1. Að kannað verði með borun gengum hraunið og með tilraunadælingu hvort þess er kostur að fá allt að  $100^{\circ}\text{C}$  heitt vatn úr hrauninu í nokkurn tíma. Varðandi staðsetningu borhola, sjá mynd 23.
2. Leitað verði samninga við Landsvirkjun (LV) um sölu og afhendingu á ótryggri orku (afgangsorku) til reksturs varmadælu og rafskautaketils. Stefna þarf að afgangsorkuverði í Vestmannaeyjum sem næst gildandi verði LV á afhendingarstað í landi, 0,235 kr/kWh.
3. Að könnuð verði hagkvæmni þess fyrir Vestmannaeyjakaupstað að framleiða með kolum eða olíu bæði raforku fyrir Rafveitu Vestmannaeyja (RV) og varma fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja (FJAVE) í samþyggðu orkuveri í Vestmannaeyjum.
4. Að FJAVE taki upp viðræður við fiskiðnaðarfyrirtækin í Vestmannaeyjum um athugun á hagkvæmni þess að FJAVE nýti þann afgangsvarma sem frá þeim fellur. Jafnframt verði kannaðir hugsanlegir kostir þess að FJAVE sjái um raforku- og gufuframleiðslu fyrir Fiskimjölsverksmiðjuna í Vestmannaeyjum (FIVE) og Fiskimjölsverksmiðju Einars Sigurðssonar (FES) jafnframt því sem framleidd yrði raforka fyrir RV og varmi fyrir FJAVE.
5. Að kannað verði hugsanlegt form á samstarfi bæjarsjóðs Vestmannaeyja og FJAVE um byggingu og rekstur sorpbrennsluvers, þar sem varminn yrði nýttur inn á kerfi FJAVE. Jafnframt verði gerð úttekt á magni og gerð brennanlegs sorps í Vestmannaeyjum og möguleikum þess að flytja sorp úr landi til brennslu og nýtingar í Eyjum.

## A. REKSTRARSKILYRÐI OG FORSENDUR






### 3. Rekstrarskilyrði Fjarhitunar Vestmannaeyja (FJAVE).

#### 3.1 Afl- og orkuþörf FJAVE.

Orkuframleiðsla FJAVE þarf með viðunandi öryggi að mæta orkuþörfinni á hverjum tíma. Orkuþörfin felst í orkuþörf húskerfa og orkutöpum í dreifikerfi. Mikilvægt er, að halda töpum í lágmarki með því að lækka framrásarhita dreifikerfisins þegar hlýtt er í veðri.

Mælingar sýna að mismunur framrásarhita og bakrásarhita dreifikerfisins er  $39^{\circ}\text{C}$  að meðaltali yfir árið ( $38^{\circ}\text{C}$ - $42^{\circ}\text{C}$  eftir álagsskilyrðum). Bakrásarhiti dreifikerfis er að meðaltali um  $35^{\circ}\text{C}$ . Af þessum mælingum má álykta að nokkuð víða séu ofnkerfi, sem ekki ná að kæla vatnið um  $40^{\circ}\text{C}$  að meðaltali. Algengt er að ástæður þessa séu of litlir ofn-fletir í húsum, ónog stýring ofnkerfa eða lágt framrásarhitastig á viðkomandi stað vegna langra dreifikerfislagna o.fl.



Mynd 2. Hlutfall framleidds afsl FJAVE og orkunotkunar.

Varað er við beinum orkumælum til lausnar þessum vanda, vegna þess að orkumælirinn dregur úr viðleitni notenda til góðrar nýtingar í ofn-kerfum. Reynsla annarra veitna sýnir, að við notkun beinna orkumæla

hækkar meðalhiti bakrásarvatns verulega. Honum fylgja aukin kerfistöp og aukin hringrásardæling. Draga má þó úr þessum ágalla orkumælingarinnar með innheimtu blandaðs gjalda fyrir rúmmetra og orku.

Ýmsar aðrar leiðir eru færar í þessu sambandi, þannig að hvatning til notenda haldist til góðrar nýtingar á vatnshita, viðunandi jöfnuður náist í útgjöldum notenda, ásamt því að mestu rekstrarhagkvæmni verði haldið fyrir heildina. Má þar t.d. benda á samspil skilgreiningar á lágmarks framrásarhita (inntakshita) og framhjárennslis í húsum með reiknilegum leiðréttингum orkureikninga notenda. Eftir að FJAVE hefur skilgreint lágmarks inntakshita hjá notendum við mesta álag, þarf að setja upp framhjáhlaup við inntök, þar sem þessi skilyrði eru ekki uppfyllt. Með útreikningum má síðan finna leiðréttингarstuðul fyrir hvern notanda.

Á mynd 2 er sýnt hlutfall framleidds varmaafls FJAVE og orkunotkunar. Súlur tákna nýtingartíma hvers  $MW_t$  í viðbótaraflí í virkjun.

### 3.2 Orkuframleiðsla FJAVE.

Á myndum 3-6 er framleiðsla afsl og orku frá FJAVE sýnd fyrir árin 1985 og 1986. Úm er að ræða meðalgildi afsl og orku yfir hverja viku.

Á myndum 7 og 8 eru sýnd langæislínurit aflframleiðslu FJAVE fyrir árin 1985 og 1986. Tafla yfir framleitt afl FJAVE er sýnd í viðauka V,B-1.

Grunnafl er það afl, sem framleiða þarf stöðugt allt árið. Minnsta meðalafl á viku, sem FJAVE kemst af með er um  $3,2 MW_t$ . Vegna þess hve hár nýtingartími fæst á framleiðslu afsl næst grunnaflí og að búast má við aukningu álags með árunum er grunnafl FJAVE ( $P_{min}$ ) hér skilgreint sem  $3,5 MW_t$  og grunnorkan  $30 GWh$  á ári.

Meðalafl FJAVE á viku er að jafnaði um  $\bar{P} = 6 MW_t$  og mesta meðalafl á viku allt að  $11,4 MW_t$ . Vegna sveiflna í alagi milli ára og væntanlegrar aukningar álags með árunum, er mesta meðalafl FJAVE á viku ( $P$ ) áætlað  $12 MW_t$ .

Þar sem um meðalgildi er að ræða yfir viku tímabil, er ljóst að hámarksaflpörf FJAVE ( $\hat{P}_{max}$ ) er hærri en ( $P$ ). Samkvæmt reynslu starfsmanna FJAVE koma fyrir allt að  $15 MW_t$  afltoppar, sem standa í allt að 1,5 klukkustund (h) tvisvar á dag á kaldasta tíma. Jafnframt að afltoppar allt að  $18 MW_t$  geti komið fyrir í mjög skamman tíma við mestu álagsskilyrði. Hámarksafl FJAVE ( $\hat{P}_{max}$ ) er í þessari athugun skilgreint sem  $18 MW_t$ .


þar sem afltoppar yfir 12 MW<sub>t</sub> standa að jafnaði mjög skammt, krefjast þeir tiltölulega lítillar orku. Vegna þess varaaflsbúnaðar, sem FJAVE hefur þegar til umráða, er eðlilegt að íhugað verði gaumgæfilega á hverjum tíma að mæta hæstu afltoppum með keyrslu varaafls. Á þetta sérstaklega við, ef FJAVE hefur þörf fyrir raforkukaup, sem að einhverju leyti verða háð aftaxta og fjárfesta þarf í orkuframleiðslubúnaði, sem hlutfallslega er dýr á hverja uppsættu afleiningu.

Á það má benda, að þótt skammtíma aflþörf eins og þeirri, er hér um ræðir, yrði ekki mætt með aflframleiðslu, myndi það aðeins hafa þau áhrif, að kerfishiti félli í skamman tíma, háð tímalengd aflvöntunarinnar og stærð hennar.


Ef kerfishiti lækkaði meira en viðunandi þætti vegna afleskerðingar mætti með byggingu safngeymis tengdum hinni lokaðu hringrás kerfisins, draga úr áhrifum stærstu hitasveiflnanna.

Fram til þessa hefur meginhluti orkuframleiðslu FJAVE komið úr hraunhita. Kostnaður við viðhald og tilfærslur á gufusöfnun úr hrauninu hefur aukist til muna frá því er var, og á árinu 1986 var beinn reksturskostnaður vegna þessa um 0,30 kr á hverja framleidda kWh. Vegna kólnunar hraunsins hefur hlutdeild olíu í orkuframleiðslunni einnig farið vaxandi og má búast við verulegri aukningu í oliunotkun á næstu árum, ef ekki kemur til breytt orkuöflunaraðferð.


Öllu bakrásarvatni dreifikerfisins hefur verið dælt upp á hraun í gegnum varmaskiptana þar, sjá kafla 6.




Mynd 3. Framleiðsla afsls FJAVE árið 1985.




Mynd 4. Framleiðsla afsls FJAVE árið 1986.




Mynd 5. Framleiðsla orku FJAVE árið 1985.



Mynd 6. Framleiðsla orku FJAVE árið 1986.



Mynd 7. Langæislínurit FJAVE árið 1985.




Mynd 8. Langæislínurit FJAVE árið 1986.

### 3.3 Afl- og orkukaup Rafveitu Vestmannaeyja (RV).


Rafveita Vestmannaeyja kaupir afl og orku af RARIK á 30 kV spennu í aðveitustöð RV í Vestmannaeyjum. Keypt afl hefur verið 6,5 MW<sub>e</sub> og keypt orka um 37 GWh á ári. Jafngildir þetta um 5.600 stunda nýtingu afls á ári. Myndir 9 og 10.

Ljóst er, að tölverð orka er ónýtt af RV undir þeim aftoppi, sem greitt er fyrir. Vegna ákvæða í heildsölugjaldskrá RARIK, stendur RV því til boða orka á lægsta orkugjaldsbrepni RARIK, sem er 0,376 kr/kWh, ef unnt er að nýta hana án þess að til komi aukning á greiðslumyndandi afli. Ær hér um að ræða um 20 GWh orku á ári undir 6,5 MW<sub>e</sub> rafaflstoppni, sjá myndir 11 - 12.


Þessa orku mætti nýta til að knýja t.d. varmadælu, þótt beita yrði afleskerðingu á mestu álagstínum. Á þetta ekki síst við, ef ekki tækjust samningar við RARIK og LV um sölu og afhendingu afgangsorku til varmadælureksturs í Vestmannaeyjum, sjá myndir 13 - 14.




Mynd 9. Vikuleg raforkunotkun RV árið 1985.




Mynd 10. Vikuleg raforkunotkun RV árið 1986.




Mynd 11. Ónýtt raforka RV árið 1985.



Mynd 12. Ónýtt raforka RV árið 1986.



Mynd 13. Raforka sem FJAVE gæti notað af ónýttri raforku RV árið 1985.



Mynd 14. Raforka sem FJAVE gæti notað af ónýttri raforku RV árið 1986.


### 3.4 Gráðudagar í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt reynslu er að jafnaði góð fylgni á milli orkunotkunar til hitunar og svokallaðra gráðudaga, sjá mynd 16 og viðauka V,B-2. Fer það eftir stöðum, hve mikilvægt er að leiðréttu gráðudaga með tilliti til vindstyrks og sólarstunda. Í Vestmannaeyjum má áætla, að vindur sé nokkuð áhrifamikill í orkupörf til húshitunar.

Veðurathugunarstöð er á Stórhöfða og mælingar þaðan til yfir langan tíma. Óvarlegt er að nota veðurmælingar frá Stórhöfða til mats á veðráttu í bænum sjálfum, vegna þess mikla munar, sem oft er á veðurhæð á þessum stöðum, sérstaklega á tímum mesta álags.

Í V,B-2 er sýndur útreikningur á gráðudagafjölda hvers mánaðar árin 1984, 1985 og 1986 ásamt meðaltali áranna 1971-1980, byggður á mælingum frá Stórhöfða.

Á mynd 15 er sýnd hlutfallsleg skipting gráðudaga og mældur meðalhiti á Stórhöfða.




Mynd 15. Meðalhiti og skipting gráðudaga í Vestmannaeyjum.

Miðað við mælingar á Stórhöfða, en án þess að taka tillit til áhrifa vinds og sólar, er gráðudagafjöldi áranna 1985 og 1986 svipaður meðaltali gráðudagafjölda áranna 1971-1980. Gráðudagafjöldi ársins 1984 er hinsvegar 19% hærri en þetta meðaltal.

Orkuframleiðsla FJAVE árið 1986 var um 51 GWh, en um 16% hærri eða 59 GWh árið 1984. Aftur á móti var orkuframleiðsla FJAVE árið 1985 um 56 GWh þrátt fyrir að gráðudagafjöldi þess árs á Stórhöfða hafi verið nálægt því sami og árið 1986. Mismunurinn gæti legið í hlutfallslega miklum vindu í bænum árið 1985, sveiflum í iðnaðarnotkun o.fl.

Miðað við að notendafjöldi FJAVE haldist, verður að telja, að orkunotkun ársins 1984 hafi verið meiri en áætla má að verði til jafnaðar á næstu árum. Meðaltal áranna 1985 og 1986 ætti að vera nokkuð marktækt um orkuþörf FJAVE að meðaltali til lengri tíma litið miðað við óbreyttan markað, þ.e. 54 GWh á ári.

Ef í ljós kemur að orkusala verður minni en hér er áætlað þarf FJAVE að gera viðeigandi rekstrarráðstafanir strax, en slikt gæti gerst ef notendur í auknum mæli aftengjast veitunni vegna lágs orkuverðs í olíu miðað við orkuverð FJAVE. Sama gildir ef íbúar í Vestmannaeyjum gera umtalsverðar breytingar á kerfum sínum vegna verðlagshlutfalla. Á þetta fyrst og fremst við á meðan skuldir FJAVE eru miklar og fjármagnskostnaður er ríkjandi rekstrarliður hjá veitunni.



Mynd 16. Samanburður á skiptingu gráðudaga og orkuframleiðslu FJAVE 1986.

### 3.5 Rafhitunarmarkaðurinn.

Dreifikerfi FJAVE hefur verið lagt um mestan hluta Vestmannaeyjabæjar og flest hús eru tengd því. Þó eru nokkur svæði ennþá rafhituð og hafa götulagnir ekki verið lagðar þar. Allt aðliggjandi flutningskerfi og dælukerfi mun þó anna þessum markaði.

Samkvæmt samantekt FJAVE mun raforkusala RV til húshitunar vera um 6 GWh á ári, og er þar um að ræða 210 íbúdir. Miðað við 40°C meðalhitafall í húskerfum jafngildir sú orkunotkun um 130 þús. rúmmetrum heits vatns á ári. Miðað við nágildandi gjaldskrá FJAVE jafngildir rafhitunarmarkaðurinn því um 8,8 Mkr sölu á ári. Reynslan sýnir, að óvarlegt er að áætla svo mikla sölu af yfirtöku rafhitunarmarkaðar. Um 80% hafa reynst nær sanni, þ.e. um 7,2 Mkr í tilfelli FJAVE. Ástæður þessa eru, að í flestum tilvikum er um að ræða hús með beina rafhitun, þ.e. rafmagnsbilofna. Í slíkum tilvikum þarf að breyta ofnkerfum frá grunni og setja upp vatnsöfna. Nýting vatnsins er fyrst og fremst háð stærð ofnflata, og ný ofnkerfi eru að jafnaði byggð með hlutfallslega stórum ofnflötum, sem gefa meira meðalhitafall en eldri ofnkerfi gera.

Ljóst er, að yfirtaka rafhitunarmarkaðarins mun geta haft veruleg áhrif á rekstrarrafkomu FJAVE til lengri tíma litið, án þess þó að hafa nein úrslitaáhrif á, hvaða orkugjafar verða hagkvæmastir fyrir veituna.

Orkuverð hefur mjög mikil áhrif á það, hvern orkugjafa notendur velja. Hitaveitur bjóða notendum sínum að jafnaði upp á aðeins einn taxta til hitunar og neyslu. Rafveitur eru aftur á móti með margbreytilega taxta, eftir því til hvers orkan er notuð. Er þannig unnt að halda einum taxtanum niðri á kostnað annars. Hver rafveita byggir síðan tekjur sínar á meðalorkuverði þessara taxta. Meðalorkuverð RV er um 1,70 kr/kWh. Taxti RV til húshitunar er 1,08 kr/kWh og taxti til heimilisnotkunar t.d. 2,80 kr/kWh. Miðað við 400 m<sup>3</sup> húsrymi er orkuverð FJAVE til notenda 1,37 kr/kWh.

Einungis hluti hitunarafls RV er talinn greiðslumyndandi vegna þess að dieselvélar veitunnar eru notaðar til að keyra niður afltoppinn á mestu álagstínum. Hrár framleiðslukostnaður hverrar orkueiningar frá dieselvélunum er 2,30 kr/kWh. Ættu þessi verðhlutföll að vekja til umhugsunar.

### 3.6 Framrásarhiti dreifikerfis (kerfishiti).

Orkuframleiðsla FJAVE verður að fullnægja orkuþörf húskerfa notenda að viðbættum orkutöpum í dreifikerfi. Leitast skal við að halda orkutöpum í dreifikerfi í lágmarki. Miðað við ákveðið dreifikerfi er meðalhiti vatns í dreifikerfinu mest ráðandi um, hve stór

dreifikerfistöpin verða. Hár dreifikerfishiti á tímum lítils álags (rennslis) veldur miklum töpum. Þegar um lokað dreifikerfi er að ræða og orkugjafinn er rafmagn, olía eða kol, er töpum haldið í lágmarki með því að breyta kerfishita eftir álagi. Hita framrásarvatns er breytt eftir útihiita. Á kaldasta tíma, þegar rennsli er mest og mestrar orku er þörf, er framrásarhiti hafður hæstur, allt að  $80^{\circ}\text{C}$ . Á hlýjasta tíma, þegar rennsli er minnst og minnstrar orku er þörf, er framrásarhiti hafður lægstur, allt að  $65^{\circ}\text{C}$ .

Auk þess að lækka dreifikerfistöpin með þessu móti, minnkar þetta mismun í meðalhita þess vatns, sem best setti og verst setti notandinn fær úr dreifikerfinu. Í hlýju veðri fá þeir notendur, sem búa við lengstu dreifikerfislagnirnar, vatn við mjög lágan hita. Gerist þetta þótt framrásarhita dreifikerfis frá stöð sé haldið háum og orsakast fyrst og fremst af hægu meðalrennsli í dreifikerfinu. Þeir notendur, sem búa við stytti dreifikerfislagnir, njóta hins vegar hás framrásarhita, og mismunur á hita notaðs vatns er oft verulegur við þessar aðstæður. Með því að lækka framrásarhita dreifikerfis eykst heildarrennslið í dreifikerfinu og vatnshiti til notenda verður jafnari. Með lakkun framrásarhita utan mesta álags skilar kerfið hlutfallslega meiri orku til notenda, sem búa við langar dreifikerfislagnir, sem annars féri til að hita upp jarðveginn í nánasta umhverfi dreifikerfislagnanna, engum að gagni.


Af hagkvænnis- og sanngirmisástæðum er því eðlilegt, að FJAVE stjórni framrásarhita sínum eftir útihiita, frá t.d.  $65^{\circ}\text{C}-80^{\circ}\text{C}$ . Einfaldast væri, að útihitaskynjari stýrði framrásarhita sjálfvirkт á hverjum tíma samkvæmt ákveðinni skilgreiningu.

### 3.7 Raforkuflutningskerfið.

Ef reka á rafskautaketil í Vestmannaeyjum fyrir allt að  $18 \text{ MW}_t$ , þarf nokkra styrkingu á því raforkuflutningskerfi, sem til staðar er í dag, sjá mynd 17. Allar þær framkvæmdir, sem þessi flutningur krefðist, eru á framkvæmdaáætlun RARIK og LV, en þeim þyrfti að flýta, ef rafskautaketill yrði settur upp nú.

Endurbyggja þyrfti núverandi 30 kV línu frá Landeyjasandi að Hvolsvelli. Byggja þyrfti nýja línu frá Hvolsvelli að Búrfelli og hækka spennu á báðum þessum línum með tilheyrandi breytingum í aðveitustöðvum. Auka þyrfti jafnframt spennafl LV í Búrfelli. Áætlað er, að þessar breytingar muni kosta á nágildandi verðlagi um 250 Mkr.

Ljóst er, að þessar framkvæmdir nýttust mun víðar en aðeins fyrir raforkuflutning til Vestmannaeyja. Rekstur rafskautaketils í Vestmannaeyjum mundi hins vegar valda flýtingarkostnaði vegna framgreindra framkvæmda. Mikilvægt er, að kannáðar verði leiðir til orkuöflunar fyrir FJAVE, sem gætu minnkað flýtingarkostnaðinn. Möguleiki ætti að vera á takmarkaðri aflúttekt í Vestmannaeyjum á næstu árum, sem ekki krefðist nema lágmarksflýtingar á áætlaðri framkvæmdaröð RARIK og LV.



Mynd 17. Raforkuflutningskerfið og nýjar framkvæmdir.

Samkvæmt áætlun RARIK myndi rekstur rafskautaketils í Vestmannaeyjum í hvaða mynd sem væri útheimta einhvern framkvæmdakostnað.

Í eftirfarandi töflu er niðurstaða athugunar RARIK á kostnaði við flutning á raforku frá Búrfellsvirkjun til Vestmannaeyja við mismikla aflúttekt. Flutningskostnaði raforkunnar er skipt í fjárfestingakostnað (flýtingarkostnað) og tapakostnað. Í efri hluta töflunnar eru tög reiknuð á forgagnsorkuverði, en í neðri hluta töflunnar eru þau reiknuð á afgangsorkuverði.

**Flutningskostnaður raforku frá Búrfelli til Vestmannaeyja í aðrum á kWh**

---

Ketilafl ( $MW_e$ )	5	6	7	Óskert afl
v. fjárfestinga	6	8	11	20
v. tapa (forg.verð)	15	15	15	0
Samtals	21	23	26	20
<hr/>				
v. fjárfestinga	6	8	11	20
v. tapa (afg.verð)	1	1	1	0
Samtals	7	9	12	20

---

Mestu munar í kostnaðinum, hvort tög eru reiknuð á afgangsorkuverði eða forgangsorkuverði. Við 5 MW aflúttekt munar 0,14 kr/kWh á flutningskostnaði, eftir því hvorri reikniaðferðinni er beitt. Afgangsorkuverð LV er 0,235 kr/kWh og jafngildir því framangreindur mismunur í flutningskostnaði um 60% hækkan á verði LV. Ekki verða í fljótu bragði séð nein haldbær rök fyrir því, að tög vegna afgangsorkusölu séu reiknuð á verði forgangsorku.

Rafskautaketill yrði væntanlega staðsettur í dælustöð FJAVE. Stækka þyrfti dælustöðina vegna hans, setja upp 30 MVA spenni og leggja um 1 km langan 30 kV háspennustreng. Áætlaður kostnaður við þá framkvæmd alla er um 15 Mkr. Áætlað er að RV beri kostnaðinn af spenni og strengjalögnum, samtals um 12 Mkr, og að FJAVE láti í té húsnæði fyrir spennistöð í dælustöðinni.

Augljóst má vera, að rekstur rafskautaketils í Vestmannaeyjum verður ekki hafinn að fullu nema að undangengnum umtalsverðum framkvæmdum í raforkuflutningskerfinu, allt frá dælustöð í Vestmannaeyjum að Búrfelli.

Á það skal bent, að ávinnungurinn fyrir FJAVE í orkuverði við takmarkaða aflúttekt er ekki eins mikill og í fljótu bragði mætti álykta. Minni aflútekt lækkar flýtingarkostnaðinn, en á móti kemur hærri tapakostnaðar vegna frestunar á aðgerðum, sem leiddu af sér minni töp í raforkuflutningskerfinu. Einnig yrðu orkukaup FJAVE minni við takmarkaða aflúttekt og þar af leiðandi færri orkueiningar til að bera óhjákvæmilegan flýtingarkostnað.

### 3.8 Rekstrarstaða FJAVE.

Á árinu 1986 seldi FJAVE 950 þús.  $m^3$  vatns og tekjur ársins að meðtöldum fastagjöldum námu samtals 56,4 Mkr.

Hér eru dráttarvextir af útistandandi skuldum ekki reiknaðir, en áætla má, að þeir mundu nema um 2 Mkr á ári miðað við reynslu annarra veitna, þar sem innheimtir eru dráttarvextir og innheimtuaðgerðum er beitt.

Reksturskostnaður ársins nam um 59 Mkr, þar af um 33 Mkr í fjármagnskostnað og 14,4 Mkr til viðhalds og endurnýjunar hraunvirkjunarnar. Athuga skal að í bókhaldi FJAVE fram til 1986 var verulegur hluti kostnaðarins við hraunvirkjunina færður sem stofnkostnaður og kemur fram sem eignabreyting. Telja verður að þessi aðferð verki mildandi á hinn raunverulega kostnað, sem hraunvirkjuninni er samfara og sem vaka þarf gaumgæfilega yfir.

Miðað við að hraunvirkjunin hafi á árinu 1986 framleitt um 49 GWh, er hrár framleiðslukostnaður á orkueiningu um 0,30 kr/kWh. Þar að auki voru 2 GWh framleiddar með svartolíu á 0,61 kr/kWh (hrátt). Hlutdeild svartolíu í heildarorkuframleiðslunni hefur verið að aukast undanfarin ár og er nú 4%. Búast má við verulegri aukningu á næstu árum, ef orkuframleiðsluaðferð verður ekki breytt.

Vegna storknunar hraunsins er ekki áætlað, að unnt verði að nýta varmann úr hrauninu með sæmilegu móti með núverandi vinnsluaðferð og viðunandi reksturskostnaði nema út árið 1987.

Augljóst er, að til þess að tryggja farsælan rekstur FJAVE og að unnt verði að greiða niður núverandi skuldir veitunnar á viðunandi tíma, þarf FJAVE orku, sem kostar minna en 0,30 kr/kWh. Jafnvel þótt afgangsorkuverð LV, sem er 0,235 kr/kWh, fengist til fulls rafskautaketilsreksturs í Vestmannaeyjum, nægir það eitt ekki til þess að skapa FJAVE viðunandi rekstrarlega fjárhagsstöðu miðað við núverandi rekstrarhorfur að öðru leyti. Leita þarf allra leiða til hagkvæmari orkuöflunar í Vestmannaeyjum, þótt þar yrði aðeins um að ræða hluta af heildarorkuþörf.

#### 4. Forsendur um verð.

##### 4.1 Ótrygg orka (afgangsorka) frá Landsvirkjun.

Samkvæmt áætlunum LV má búast við töluverðri afgangsorku í raforkuframleiðslukerfinu næstu 10-20 árin. Afgangsorka er seld sem ótrygg orka, sem gerir kröfur um allt að 100% varaafl. Verð á ótryggri orku LV er í dag 0,235 kr/kWh með afhendingu frá línukerfi LV sem næst notkunarstað. Miðað við núverandi fyrirkomulag yrði afgangsorka til Vestmannaeyja afhent við Búrfell. Er það síðan háð línukerfi RARIK, sem í þessu tilfelli mundi flytja orkuna á milli seljanda og kaupanda, hve hár flutningskostnaður orkunnar verður. Í tilviki Vestmannaeyja eru aðstæður mjög óhagstæðar vegna mikilla fjarlægða og tiltölulega ófullkomins línukerfis RARIK á orkuflutningsleiðinni.

Benda má á, að víða annars staðar á landinu eru aðstæður sveitarfélaga mun hagstæðari, og dæmi eru þess að sveitarfélög eigi kost á afhendingu á afgangsorku milliliðalaust við bæjarmörk. Telja verður óeðlilegt, að kostnaður af flýtingu framkvæmda RARIK vegna flutnings á afgangsorku, ef til hennar kemur, verði alfarið borinn uppi af Vestmannaeyingum, þar sem mun fleiri njóta hagræðis af framkvæmdunum.

Rafskautakatlar eru tæki, sem hugsuð eru til nýtingar á afgangsorku og eru vel þekktir víða um lönd. Hagkvænni í rekstri þeirra er fyrst og fremst háð því afgangsorkuverði, sem býðst á hverjum tíma. Að jafnaði er það talið þjóðhagslega hagkvæmt að samnýta raforkuframleiðslukerfin og hitaveitukerfin, sem eru hlutfallslega orkufrek, því að afgangsorka í raforkuframleiðslukerfum er óhjákvæmileg, mismikil eftir aðstæðum. Færa má að því rök, að eðlilegra sé í mörgum tilvikum að nýta afgangsorkuna án þess að framleiðandinn fái gjald fyrir hana, þar sem kostnaður hans af framleiðslunni er óverulegur, en gæti aftur á móti komið í veg fyrir þjóðhagslega mjög kostnaðarsama orkuframleiðslu. Hafa þarf hugfast, að afgangsorka er ótrygg orka, sem heimilt er að rjúfa með stuttum fyrirvara um lengri eða skemmmri tíma.

##### 4.2 Orkuverð.

Í viðauka V,A-1 er sýndur umreikningur afl- og orkueininga. Gjaldskrár orkuveitna sýna gildandi verð í janúar 1987, sjá viðauka V,A-2. Þar sem ekki liggur fyrir með hvaða kjörum afgangsorka frá Landsvirkjun fengist, er afgangsorkuverðið að viðbættum flutningskostnaði kallað  $k_L$  [kr/kWh]. Til frekari glöggvunar er í hagkvænnisathugunum allra orkugjafa reiknað sérstaklega, hvert framleiðsluverð orkueiningar verður, merkt með \*\*, ef FJAVE stæði til boða afangs-

orkuverð LV með afhendingu í Vestmannaeyjum, þ.e. 0,235 kr/kWh.

Í samanburði á hagkvæmni orkugjafa í kafla 17 myndum 44 og 45, er sérstaklega sýnt, hvaða áhrif það hefði, ef k<sub>L</sub> breyttist frá því lægst áætlaða, 0,235 kr/kWh, til þess hæst áætlaða, 0,45 kr/kWh.

Í viðauka V,A-3 er sýndur útreikningur á hráu orkuverði frá oliukatli, kolakatli og dieselvélum, merktur með \*. Með hráu orkuverði er átt við orkuverð úr hverjum brennslumiðli, þar sem tekið hefur verið tillit til nýtingar í brennslubúnaði, en ekki tekið tillit til fjármagnskostnaðar af stofnkostnaði þess búnaðar, sem til brennslunnar þarf, eða beins reksturskostnaðar í því sambandi.

Samanburður á hráu orkuverði brennslumiðla.

Gasolia	:	k <sub>G</sub> *	=	1,09 kr/kWh
Svartolia	:	k <sub>O</sub> *	=	0,61 kr/kWh
Kol	:	k <sub>K</sub> *	=	0,29 kr/kWh
Kolavökvi	:	k <sub>C</sub> *	=	0,93 kr/kWh
Dieselvélar	:	k <sub>D</sub> *	=	2,30 kr/kWh


Í viðauka V,A-4 er sýndur útreikningur á upphitunarkostnaði 400 m<sup>3</sup> húsrýmis og meðalorkuverð miðað við þá húsnaðisstærð, fyrir upphitun með gasoliú, beinni rafhitun frá RV og hitaveitu frá FJAVE. Athuga skal, að bæjarsjóður Vestmannaeyja greiðir 4,40 kr/m<sup>3</sup> til FJAVE fyrir hvern seldan rúmmetra, áætlun B.

Samanburður á núverandi meðalorkuverði til upphitunar húsa í Vestmannaeyjum, miðað við 400 m<sup>3</sup> húsrými.

Gasolia	:	k <sub>G</sub>	=	1,18 kr/kWh	100%
FJAVE,A	:	k <sub>FJAVE,A</sub>	=	1,37 kr/kWh	116%
FJAVE,B	:	k <sub>FJAVE,B</sub>	=	1,46 kr/kWh	124%
Rafmagn	:	k <sub>RV</sub>	=	1,08 kr/kWh	91%

Í viðauka V,A-5 er sýndur útreikningur á varma og varmaafli miðað við 40°C hitafall í ofnkerfum. 1 m<sup>3</sup> vatns inniheldur 46,4 kWh orku og 1 l/mín jafngildir 2,8 kW<sub>t</sub> varmaafli.

Áætlað er að 80 kWh<sub>3</sub>þurfi til upphitunar hvers rúmmetra í húsrými á ári miðað við 400 m<sup>3</sup> hússtærð. Er hér um meðalnotkun að ræða. Stærra húsrými þarf hlutfallslega minni orku og minna húsrými hlutfallslega meiri orku. Á mynd 18 er sýnt hvernig áætla má, að orkuþörf breytist með hússtærð. Ferillinn byggir á reynslutölum hér á landi.



Mynd 18. Áætluð orkunotkun til húshitunar á ári miðað við hússtærð.

#### 4.3 Stofnkostnaður búnaðar til orkuframleiðslu.

Í þeim hagkvænnisathugunum sem hér verða gerðar, er miðað við verðlag í janúar 1987.

Öll verð á búnaði s.s. rafskautakatli, kolakatli, oliukatli, sorpbrennsluveri, varmadælum, varmaskiptum, dælubúnaði o.fl. eru byggð á verðkönnunum eða tilboðum frá innflytjendum og framleiðendum.

Þar sem um stofnkostnað er að ræða á búnaði til orkuframleiðslu, er gert ráð fyrir að aðflutningsgjöld verði felld niður. Jafnframt að ekki verði greiddur söluskattur af framleiðslu varmaskipta og rafskautaketils sem fram færi hér lendis.

Afskriftatími búnaðar er áætlaður mislangur, háður reynslu af rekstri viðkomandi búnaðar og þeim aðstæðum, sem honum er ætlað að vinna undir. Áætlað er, að stofnkostnaður sé fjármagnaður með lánum með jöfnum ársgreiðslum (annuitetlánum), sem greiðast á afskriftatíma búnaðarins. Reiknivextir eru settir 6%.

$$\text{Ársgreiðslustuðull fjármagns} = \frac{i \times (1 + i)^t}{(1 + i)^t - 1}$$

i: vextir (vaxtaprósenta/100).

t: afskriftatími í árum.

Áætlað, er að afgangsorka frá LV verði keypt til reksturs rafskautaketils, varmadælna og sjávardælu. Að öðru leyti verði um að ræða raforku keypta af RV. Skýringar á hagkvænnisútreikningum eru gefnar í kafla 4.4.

#### 4.4 Skýringar á hagkvænnisútreikningum.

Í þeirri athugun, sem hér er gerð, verður hver orkugjafi ræddur í sérstökum kafla. Rakið er í stuttu máli, hvernig orkugjafinn vinnur, á hvaða forsendum útreikningar eru gerðir og sýnd dæmi um þá. Í lokin er gerður samanburður á hagkvænni orkugjafanna og hann sýndur á mynd 44 í kafla 17. Grundvallandi útreikningar og ýmsar forsendur eru hins vegar í viðauka og til þeirra vísað í texta skýrslunnar eftir aðstæðum.

Til glöggunar eru smækkaðar myndir fylgjandi flestum köflum. Þar sem myndirnar eru að jafnaði tengdar textanum beint, var valið að setja þær inn í sjálfa kaflana, sem næst tilheyrandi texta. A Orkustofnun er hægt að nálgast allar myndir skýrslunnar í fullri stærð.

Orkuverð frá LV er táknað sem breytistærð sem  $k_L$  [ kr/kWh ]. Kaup FJAVE á afgangsorku yrðu væntanlega bundin í sérsamningi á milli FJAVE, RARIK og LV.

Nánast öll verð, sem notuð eru í hagkvænnisútreikningunum, byggjast á beinum tilboðum innflytjenda og framleiðenda. Vegna þess skamma tíma, sem gefinn var til þessarar athugunar, má ljóst vera, að ekki reyndist unnt að sníða útboðslýsingar eins nákvæmlega og æskilegt væri. Óll útreiknuð orkuverð eru því með nokkurri óvissu, en ættu þó að gefa nokkuð glögga hlutfallslega mynd. Efni þessarar skýrslu má ekki nota sem endanlega skilgreiningu kerfispátta, heldur aðeins til leiðbeiningar um val orkuöflunarleiða, sem síðan krefjast nákvæmari úttektar og hönnunar.

Vakin er athygli á, að ýmsar orkuöflunarleiðir, sem athugaðar verða og virðast vera hagkvæmar, duga aðeins takmarkaðan tíma og anna aðeins hluta þeirra orku, sem FJAVE þarfnaðst. Í slíkum tilvikum yrði um samrekstur fleiri orkugjafa að ræða með ákveðið meðalframleiðsluverð.

Í upphafi skýrslunnar hefur verið fjallað um ýmsa rekstrarþætti FJAVE, sem ekki snerta orkuöflunina beint. Er þetta gert til að reyna að auka skilning lesenda á almennri stöðu fyrirtækisins og þeim leiðum til breytts og bætts reksturs, sem talðar eru íhugunar virði.

Hagkvænnisútreikningar grundvallast á aðstæðum FJAVE. Búnaður ýmis-konar sem fyrir hendi er í dag, er ekki talinn með í stofnkostnaði varðandi viðkomandi orkugjafa. Jafnframt er í rekstrarliðum tekið tillit til þess, að fyrir hendi er starfsfólk, sem nýtast mundi við rekstur hinna ýmsu orkugjafa.

## B. LEIDIR TIL ORKUFRAMLEIÐSLU





## 5. Hraunhiti.


### 5.1 Hitaástand hrauns.

Eldfellshraunið er víða svo þykkt, að það mun haldast heitt í áratugi. Eftir eitt til tvö ár verður það hins vegar nær alls staðar fullstorkið. Framleiðsla gufu með vökvun verður þá erfiðari vegna þess að vökvunarvatnið hripar í gegn án þess að gufa upp að fullu. Sú gufa, sem næst í brunna, verður blönduð lofti og hiti hennar fer lækkandi með tíma. Efri hluti hraunsins verður fylltur gufu og lofti við 60-100°C, en rétt neðan við miðja þykkt hraunsins, þar sem bergið er nýstorknað, er hiti nú um 1000°C og verður víða yfir 500°C í ein 10-20 ár enn, sjá myndir 19-23. Þar sem botninn liggar ofan grunnvatnsborðs, sem er við sjávarmál, er hann að líkindum þurr og um 500°C heitur. Neðan sjávarmáls leitar vatn inneftir sprungum og kælir veggi þeirra, en inni í ósprungnum hluta bergsins helst hár hiti um langan tíma. Nokkur óvissa ríkir um hita vatnsins í sprungunum. Ef lítið rennsli er á vatninu, hitnar það að suðumarki. Sé rennslið hinsvegar greitt nær varmaleiðing frá ósprungna heita bergenu ekki að hita vatnið nema að litlu leyti. Líklegt er þó, að vatnið sé víðast hvar nærrí 100°C.


Hraunbunkinn tapar varma niður um botninn með varmaleiðingu og berg þar hitnar með tíma. Undir hrauni, sem er um 50 m á þykkt eða þykkara, ættu um 30 m bergsins næst botninum að hafa hitnað svo, að þar sé nú vatn við suðumark á 100-130°C hita. Heitt vatn, sem stendur þannig í hrauninu og bergeninu undir því, er varmanáma, sem hagkvæmt yrði að virkja með dælingu upp um borholur, sbr. kafla 6.2. Óvissa er þó um stærð þessarar námu og endingu hennar. Hraun, og berg undir því, með vatni á suðumarki gætu verið að meðaltali um 50 m á þykkt og um 1 km<sup>2</sup> að flatarmáli. Holrými er yarlega áætlað 5%. Samkvæmt því gæti vatnsforðinn verið  $2,5 \times 10^6$  m<sup>3</sup>, eða álíka að magni og það vatn, sem þyrfti til hitunar bæjarins í 3 ár. Áður en þessi forði næðist allur, færi þó að dragast inn kaldara vatn eftir sprungum. Því verður að gæta hófs í dælingu og dreifa henni á nokkra staði. Kalt vatn eða sjór, sem streyma að borholum, hitna að vísu á leið sinni um hraunið, en hitnunin er undir snertingu við heita sprungufleti komin. Ef vatnið dregst inn um fáar víðar sprungur, verður hitnunin lítil. Að þremur árum liðnum mætti því búast við kólñandi vatni og annar orku-gjafi yrði að koma til viðbótar til að ná nægilegum hita og varmaafli í kuldatíð. Meðan vatnið er heitara en 40°C yrði varminn úr því nýttur í varmaskiptum, en einnig kemur vel til greina að nýta varma allt niður í 15°C með aðstoð varmadælna. Þegar svo er komið, gæti einnig orðið hagkvæmt að virkja volgar uppsprettur, sem koma fram í fjöruborði við Skansin. Þar virðist hiti um 24°C og rennsli a.m.k.

30 l/s af vatni, sem blandað er sjó að þriðjungi. Enn mætti nefna, að sjór við Eyjar er að meðaltali um 8°C heitur. Varmadælur gætu nýtt sér hann til uppgufunar á vinnuvökva með kælingu á sjó niður í 4°C. Ekki þarf að efast um endingu á hitagjafanum í því tilviki en dæla þyrfti miklu magni til að ná nægilegum varma, þar sem hitastigið er svo lágt.


Mikill varmaforði er í Eldfellinu og rótum þess en hann er ekki eins aðgengilegur og varminn í hrauninu, svo lengi sem hann endist. Um Eldfellið er nánar fjallað í kafla 19.




Mynd 19. Heildregnir ferlar sýna hita í þurru bergi undir hrauni 12,5 og 25 ár frá goslokum. Eingöngu er reiknað með varmaleiðingu. Hraunið er talið hálfbráðið við  $1050^{\circ}\text{C}$  og þykkt þess 20, 50 eða 100 m. Punktaferlar sýna suðumarksferla í vatnsmettuðu bergi undir hrauni, ef vatnsborð er við botn hraunsins.




Mynd 20. Hiti í hrauni og undir því í ársbyrjun 1986, um 12,5 árum eftir goslok. Heildreginn ferill táknað kólnum með varmaleiðingu eingöngu, slitinn ferill varmaleiðingu ásamt uppgufun úrkому og punktaferill varmaleiðingu ásamt uppgufun úrkому og vökvunarvatns. Hraunið reiknast hálfbráðið við  $1050^{\circ}\text{C}$  og þykkt þess 100, 50 eða 20 m. Hiti við yfirborð er fastur,  $5^{\circ}\text{C}$ . Berg undir hrauninu er þurr.



Mynd 21. Hiti í hrauni og undir því árið 1998, um 25 árum eftir goslok. Heildreginn ferill táknað kólunn með varmaleiðingu eingöngu, slitinn ferill varmaleiðingu ásamt uppgufun úrkому. Hraunið reiknast hálfbráðið við  $1050^{\circ}\text{C}$  og þykkt þess 100, 50 eða 20 m. Hiti við yfirborð er fastur,  $5^{\circ}\text{C}$ . Berg undir hrauninu er þurr.



Mynd 22. Hugsanlegt hitaástand í Eldfellshrauni í ársþyrjun 1987.



Mynd 23. Afstöðukort vinnslusvæðis FJAVE. Hugmyndir að staðsetningu borhola A-D í Eldfellshrauni.

## 6. Varmaskiptar á hrauni.

### 6.1 Vökvun hrauns og söfnun gufu.

#### 6.1.1 Lýsing.

Vatni er veitt á yfirborð hraunsins í námunda við þar til gerða gufubrunna (vökvun). Vatnið sígur niður í hraunið, sem getur verið allt að  $1000^{\circ}\text{C}$  heitt, það sýður og verður að gufu, sem á greiða leið í gegnum gufubunnana, þaðan eftir gufusafnpípum yfir í varmaskipta, þar sem gufan þéttist með snertingu við rör, sem flytja vatn dreifikerfis veitunnar.

Þegar vatnsdropi hitnar og sýður, tekur hann til sín varma. Í þessu tilfelli kemur varminn úr hrauninu, sem við það kólnar og springur vegna samdráttar hraunsins við kólunina. Vegna þessarar sprungumyndunar á næsti dropi greiða leið dýpra niður í hraunið, þar sem hann sýður og sama sagan endurtekur sig. Má því segja, að með vökvun hraunsins á sama stað sé vatnið að bora sig niður í gegnum hraunið. Þegar vökvunarvatnið hefur náð að bora sig og kæla hraunið það langt niður, að meginhluti vökvunarvatnsins sígur niður úr hrauninu án þess að breytast í gufu, er sagt að komið sé gat á hraunið. Þegar gat er komið á hraunið, þarf að færa gufuvinnslusvæðið á nýjan stað.


Í upphafi hraunnýtingarinnar var bráðið lag í hrauninu svo þykkt að vinnslusvæðin entust í allt að fjögur ár. Vegna storknunar hraunsins þarf flutningur vinnslusvæðanna núorðið að fara fram á hverju ári og styttist stöðugt tíminn á milli flutninganna.

Virkjunarsvæðin eru fjögur talsins. Í hverju þeirra eru níu gufubunnar og sex varmaskiptasamstæður. Samanlagt hafa þau geta gefið allt að  $20 \text{ MW}_t$  varmafl og spanna sex hektara lands.

#### 6.1.2 Forsendur.

Fram til þessa hefur vökvun og gufuvinnsla svæðanna miðast við fulla aflþörf FJAVE og að hiti vatns frá varmaskiptunum á hrauninu verði allt að  $80^{\circ}\text{C}$ , sjá mynd 24.

Núverandi varmaskiptabúnaður á hrauninu mun í nokkurn tíma geta annað hluta af aflþörf FJAVE, en sú geta fer minnkandi með árunum. Kæmi minnkandi afl fram sem lækkandi hiti vatns frá varmaskiptunum vegna



Mynd 24. Söfnun gufu á hrauni.

minnkandi gufu og lækkandi gufuhita vegna aukins hlutfalls lofts í gufublöndunni. Áætlað er, að núverandi varmaskiptar geti gefið allt að  $10 \text{ MW}_t$  varmaafl, og að hiti vatns frá þeim haldist yfir  $60^\circ\text{C}$  í nokkur ár ennþá með áframhaldandi vökvun hraunsins. Öllu dreifikerfisvatni FJAVE er dælt uppá hraun í gegnum varmaskiptana. Þegar ekki er lengur gerð krafa um  $80^\circ\text{C}$  hita eða meira afl en  $10 \text{ MW}_t$ , þarf síður að færa vinnsluna milli reita og tilkostnaður verður því lægri en ella.

Þegar kostnaður við vökvun og framleiðslu gufu heitari en  $60^\circ\text{C}$  þykir ekki lengur viðunandi, er gert ráð fyrir að vökvun verði að mestu hætt en áfram yrði gufa soguð upp úr hrauninu inn í brunna til að hita  $15^\circ\text{C}$  vatn frá varmadælum í dælustöð FJAVE upp í  $40^\circ\text{C}$ . Mjög erfitt er að áætla, hve lengi mætti nýta hraunið á þennan máta, en miðað við grunnaflsbörf er gert ráð fyrir lengri tíma en 15 árum. Rennsli  $25 \text{ l/s}$ , sem hitnaði úr  $15^\circ\text{C}$  í  $40^\circ\text{C}$  við þettingu gufu í varmaskiptum á hrauni, mundi duga til reksturs varmadælu, sem annaði grunnaflsbörf FJAVE,  $3,5 \text{ MW}_t$ , sjá mynd 29.

#### 6.1.3 Hagkvæmni.

Hrár framleiðslukostnaður hverrar orkueiningar frá hraunvirkjun með vökvun og söfnun gufu nam árið 1986 um  $0,30 \text{ kr/kWh}$ , og búast má við, að hann fari vaxandi, ef vinnslan miðast við að ná a.m.k.  $80^\circ\text{C}$  hita og

öllu afli, sem bærinn þarfnaðst. Með hráu orkuverði er átt við bein rekstrarútgjöld við varmavinnsluna án fjármagnskostnaðar. Kostnaður við gufusöfnun og þéttingu gufu til hitunar á dreifikerfisvatni í allt að  $60^{\circ}\text{C}$  er metinn í kafla 16.4 í samrekstri við dælingu úr hrauni.

Ef vökvun yrði hætt og einungis stefnt að hitun vatns úr  $15^{\circ}\text{C}$  í  $40^{\circ}\text{C}$ , er ekki hægt að tala um sjálfstæða hagkvæmni við orkuvinnsluna heldur í tengslum við varmadælur, sjá kafla 7.3.

## 6.2 Dæling úr hrauni

### 6.2.1. Lýsing og forsendur.


Áætlað er, að í sprungum hraunsins og undir botni þess, neðan sjávarborðs, liggi heitt vatn allt að  $100^{\circ}\text{C}$  heitt. Með borun niður í gegnum hraunið og dælingu úr borholu er áætlað, að hægt sé að ná töluverðu magni af heitri sjóblöndu. Fyrst í stað yrði vatnið allt að  $100^{\circ}\text{C}$  heitt en kólnaði með tímanum, háð því hve miklu yrði dælt. Meðan vatnið héldist yfir  $60^{\circ}\text{C}$  heitt, er áætlað að vinna úr því varma uppi á hrauni með nýjum varmaskiptum. Öllu kerfisvatni FJAVE yrði því dælt upp á hraun eins og nú er, en gegnum nýja og þar til gerða varmaskipta. Í varmaskiptunum yrði borholuvatnið kælt niður í  $40^{\circ}\text{C}$  og það látið renna yfir hraunið aftur. Á þann hátt mætti lengja þann tíma, sem hraunið gæfi yfir  $60^{\circ}\text{C}$  heitt vatn með dælingu. Áætlað er, að bora þurfi allt að 3 holur niður í gegnum hraunið, sem er um 100 m þykkt að jafnaði. Núverandi virkjunarsvæði er í 70 m hæð yfir sjávarmáli.

Þegar hiti vatns úr borholu hefur fallið niður í  $60^{\circ}\text{C}$ , er áætlað að flytja varmaskiptana niður í dælustöð, þar sem sett yrði upp 3,5 MW<sub>t</sub> varmadæla, sem nýtti  $40^{\circ}\text{C}$  heita vatnið frá varmaskiptunum niður í a.m.k.  $15^{\circ}\text{C}$ . Þegar hiti vatns upp úr borholu hefur fallið niður í  $40^{\circ}\text{C}$ , yrðu varmaskiptar í dælustöð aftengdir og vatnið notað beint inn á uppgufarahlið varmadælunnar. Eftir kælingu féri vatnið ekki aftur upp á hraun heldur yrði því veitt til sjávar.

Mjög erfitt er að segja með vissu, hve vatnsgæfni hraunsins er mikil og hvernig hiti vatns breyttist með aukinni dælingu. Prófanir yrðu að fara fram í nokkurn tíma eftir borun.

Á mynd 25 er sýnd áætlun um lækkun hita vatns úr borholu miðað við tíma frá því dæling hefst og ákveðna orkutöku úr hrauninu. Eftir I. áfanga er áætlað, að hraunhitinn einn sér standi aðeins undir 40 GWh orkuframleiðslu af 60 GWh ársþörf. Eftir II. áfanga er áætlað, að til komi varmadæla sem annað gæti grunnnþörf FJAVE, 30 GWh á ári.

Áætlað er, að hver áfangi vari í um 3 ár (2-5 ár). Ekki er ósennilegt, að eftir því sem hraunvatnshiti fellur vari hver áfangi lengur. Áætlað er, að dæling úr hrauni verði ekki aukin þótt hraunvatnshiti lækki.




Mynd 25. Áætlaður vatnshiti úr hrauni og nýting hans.

### 6.2.2 Hagkvænni.

Hér er lýst hagkvænni I. og II. áfanga, samanber mynd 25. III. og IV. áfangi eru í tengslum við varmadælu og þeim lýst í kafla 7.4 - 7.5.

I. áfangi: Endingartími 2-5 ár. Áætluð orkuframleiðsla 60 GWh, mynd 26.



Mynd 26. Dæling úr hrauni, I. áfangi.

### Stofnkostnaður.

þús.kr

3 stk borholur á	þús.kr	1.000	3.000
Dælubúnaður og skúr			2.500
Rafbúnaður o.fl.			1.500
Varmaskiptar, uppkommir			5.000
			-----
		Samtals	12.000
			=====

Rekstrarkostnaður.

þús.kr

Dælingarkostnaður	1.800
Viðhald og umsjón	1.700
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 6 ár á þús.kr 5.000	1.000
Afskriftatími 15 ár á þús.kr 7.000	700
	-----
<u>Samtals</u>	<u>5.200</u>

Orkuverð hraundælingar, I. áfangi.

$$k_{HD, I} = \frac{5.200.000 \text{ kr/ári}}{60.000.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{0,09 \text{ kr/kWh}}} \quad (\text{mynd 44})$$

II. áfangi: Endingartími 2-5 ár. Áætluð orkuframleiðsla 40 GWh, mynd 26.

Stofnkostnaður.

þús.kr

Sjá I. áfanga.	12.000
<u>Samtals</u>	<u>12.000</u>

Rekstrarkostnaður.

þús.kr

Sjá I. áfanga	5.200
<u>Samtals</u>	<u>5.200</u>

Orkuverð hraundælingar, II. áfangi.


$$k_{HD, II} = \frac{5.200.000 \text{ kr/ári}}{40.000.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{0,13 \text{ kr/kWh}}} \quad (\text{mynd 44})$$

## 7. Varmadæla.

### 7.1 Lýsing.

Varmadæla er tæki sem getur flutt varma úr einu efni yfir í annað, t.d. úr volgu lofti eða vatni, sem þá kólnar, yfir í volgt loft eða vatn sem þá hitnar. Varmaflutningurinn á sér stað í lokaðri hringrás, sem oft er fyllt með Freon, sem kallast kælimiðillinn (vinnuvökvi). Varmadæla er samsett tæki. Helstu hlutar þess eru uppgufari, þéttir, þrýstidæla (pressa), rafmótör og lokað hringrás kælimiðilsins ásamt þensluloka, mynd 27.

Kælimiðillinn gufar upp í uppgufaranum og dregur við það til sín varma úr nánasta umhverfi sínu, t.d. volgu vatni. Rafmótörinn snýr þrýstidælunni, sem þjappar kælimiðilsgufunni saman. Í þéttinum þéttist kælimiðilsgufan og verður aftur að vökva o.s.frv. Við að þéttast losar kælimiðillinn sig aftur við það varmamagn, sem hann tók til sín við uppgufunina og skilar því til nánasta umhverfis, sem t.d. gæti verið volgt vatn. Orkan, sem varmadælan skilar, er sá varmi, sem kælimiðillinn dregur til sín við uppgufunina að viðbættri þeirri raforku, sem nýtist við að snúa þrýstidælunni. Cop-stuðull (coefficient of performance) er hlutfall þess varma, sem dælan skilar út og þeirrar raforku, sem þarf inn á þjöppuna. Algengur Cop-stuðull er 2,0-4,0.



Mynd 27. Uppbygging varmadælu, einfölduð mynd.

Varmadælur eru framleiddar sem einingar fyrir allt að  $30 \text{ MW}_t$  varmaafl og dæmi eru um stærri varmadælur. Reynslan af rekstri varmadælna bæði hérlandis og erlendis er nokkuð góð, en reynsla hérlandis er ekki löng. Viðhald er hlutfallslega stór liður í rekstri varmadælna miðað við rafskautakatla og olíukatla. Skrúfudælur eru notaðar fyrir stórar varmadælur og hvirfildælur (túrbópressur) fyrir mjög stórar varmadælur.

Stofnkostnaður varmadælna er hlutfallslega hár á afleiningu og því mikilvægt, að afl þeirra nýtist mjög vel, ef arðsemi fjárfestingarinnar á að vera góð. M.a. af þeirri ástæðu eru varmadælur nánast einvörðungu reknar sem grunnafl í hitaveitukerfum með allt að 100% nýtingu uppsetts varmaafls.

Cop-stuðull varmadælu er mjög háður því við hvaða hita í uppgufara og þétti henni er ætlað að vinna. Þeim mun nær, sem hiti í þétti er hita í uppgufara, því hærri er Cop-stuðullinn. M.a. af þeirri ástæðu er æskilegt að hiti út af þétti verði ekki mjög hár.


Varmadæla, sem annar grunnaflspörf FJAVE,  $3,5 \text{ MW}_t$ , þarf ein að geta haldið uppi fullum kerfishita við minnstu álagsskilyrði. Í þeim áætlunum, sem hér verða gerðar, er reiknað með  $65^\circ\text{C}$  kerfishita yfir hlýjustu vikur sumarsins.

Hita út af varmadælu, sem notar kælimiðilinn Freon R12, má hækka í allt að  $80^\circ\text{C}$  á kostnað lægri Cop-stuðuls. Fleiri þættir koma til, sem mæla gegn því, að hita frá þétti varmadælu sé haldið háum.

## 7.2 Nýting $40^{\circ}\text{C} - 60^{\circ}\text{C}$ heitrar gufu frá hrauni.

### 7.2.1 Forsendur.

Þegar hiti vatns út af gufuvarmaskiptum á hrauni hefur fallið niður fyrir  $60^{\circ}\text{C}$ , er áætlað að breyta orkuvinnslunni. Þá verða varmaskiptar settir upp í dælustöð FJAVE og vatni dælt í lokaðri hringrás á milli þess varmaskiptis og núverandi gufuvarmaskipta á hrauni. Varmaskiptirinn í dælustöðinni mun kæla vatnið frá hrauninu niður í um  $40^{\circ}\text{C}$ . Áætlað er, að kæla það vatn niður í um  $15^{\circ}\text{C}$  með varmadælu, áður en því er dælt til varmaskiptanna á hrauninu aftur. Þannig næst m.ö. hlutfallslega mikið afl fyrir FJAVE án umtalsverðrar hringrásardælingar. Áætlað er að stærð varmadælunnar jafngildi grunnaflspörf FJAVE,  $3,5 \text{ MW}_t$  og að Cop-stuðull verði 4. Áætlað mótorafl er  $900 \text{ kW}_e$  og raforkunoðkun varmadælu um  $8,0 \text{ GWh}$  á ári. Uppgufunaraflíð er áætlað  $2,6 \text{ MW}_t$  og fengist það við kælingu á u.p.b.  $25 \text{ l/sek}$  ( $90 \text{ m}^3/\text{h}$ ) vatnsrennslis um  $25^{\circ}\text{C}$  ( $40^{\circ}\text{C}/15^{\circ}\text{C}$ ) í uppgufara varmadælunnar, mynd 28.



Mynd 28. Tenging gufuvarmaskipta á hrauni, varmadælu og varmaskiptis í dælustöð.

### 7.2.2 Hagkvæmni.

Ekki er áætlað, að til komi nema óveruleg breyting á vinnslusvæðum á hrauninu á því tímabili, sem hér um ræðir. Áætlað er að gufuvarma-skiptarnir á hrauninu muni endast út tímabilið með því viðhaldi sem hér er gert ráð fyrir.

#### Stofnkostnaður:

þús.kr

Varmaskiptir, uppkominn í dælustöð	4.000
Dælubúnaður og breyting á kerfi	800
Varmadæla $3,5 \text{ MW}_t$ , uppsett í dælustöð	30.000
Stækkun húsrýmis	3.200
Rafmagnsbúnaður	500
Annað	1.500
-----	
Samtals	40.000
=====	

#### Rekstrarkostnaður, I.

þús. kr

Breytingar á vinnslusvæðum	2.000
Dælingarkostnaður	1.200
Viðhald varmadælu, aðv.æðar og gufusöfnunar	2.000
Umsjón	300
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 6 ár á þús.kr 4.200	900
Afskriftatími 15 ár á þús.kr 32.000	3.300
Afskriftatími 25 ár á þús.kr 3.800	300
Raflorka til varmadælu	
$8 \times 10^6 \text{ kWh}$ á $k_L$ kr/kWh	$8k_L \times 10^3$
-----	
Samtals	$10.000 + 8k_L \times 10^3$
=====	

#### Orkuverð gufusöfnunar og varmadælu, I.

$$k_{HV,I} = \frac{[10.000 + 8k_L \times 10^3] \times 10^3}{40 \times 10^6} \text{ kr/ári}$$

$$= \frac{10,0 + 8k_L}{40} \text{ kr/kWh}$$

$$k_{HV,I} = 0,25 + 0,2k_L \quad (\text{mynd 44})$$

$$k_L = 0,235 :$$


$$k_{HV,I}^{**} = 0,29 \text{ kr/kWh}$$

Mjög erfitt er að áetla, hve mikla orku nýju varmaskiptarnir geta gefið umfram grunnorkuna 30 GWh. Búast má við, að fyrstu árin geti þeir gefið það mikla orku, að minnka megi rekstur varmadælunnar við minnsta álag. Í hagkvænnisútreikningum er reiknað með samtals 40 GWh orku á ári frá varmadælu og varmaskiptum í dælustöð í þessum áfanga.

### 7.3 Nýting 40°C heitrar gufu frá hrauni.

#### 7.3.1 Forsendur.

Þegar vatnshiti frá varmaskiptum á hrauni hefur fallið niður í 40°C, er varmaskiptir í dælustöð FJAVE óvirkur og verður aftengdur. Hin lokaða hringrás á milli varmaskipta á hrauni og varmadælunnar mun hér eftir vinna eins og áður. Nú fæst 40°C heitt vatn beint frá hrauni fyrir uppgufunarhlíð varmadælunnar, sem kælir vatnið niður í 15°C og vinnur við sömu hlutföll og áður. Sú orka, sem nú fæst inn á dreifikerfi FJAVE, er grunnorkan 30 GWh frá varmadælunni á ári, mynd 29.



Mynd 29. Tenging gufuvarmaskipta á hrauni og varmadælu í dælustöð.

### 7.3.2 Hagkvænni.

Við þessi rekstrarskilyrði verður varmadælan fullnýtt. Varmaskiptar í dælustöð eru afskrifaðir og áætlaður reksturskostnaður þessa áfanga (II) er sá hinn sami og í fyrri áfanga (I). Á móti afskriftum af varmaskiptum í fyrri áfanga (I) má nú áætla, að viðhald og endurbætur á varmaskiptum á hrauni aukist.

#### Orkuverð gufusöfnunar og varmadælu, II.

$$k_{HV, II} = \frac{9,7 + 8k_L}{30} \text{ kr/kWh}$$

$$k_{HV, II} = 0,323 + 0,267k_L \quad (\text{mynd 44})$$

$$k_L = 0,235 :$$

$$k_{HV, II}^{**} = 0,39 \text{ kr/kWh}$$

### 7.4 Nýting 40°C-60°C heits vatns frá borholu á hrauni.

#### 7.4.1 Forsendur.

Þegar hraunvatnshiti hefur fallið í 60°C, er samkvæmt mynd 25 áætlað að setja upp 3,5 MW<sub>t</sub> varmadælu í dælustöð FJAVE til kælingar á vatni frá hrauni í 15°C. Á meðan hraunvatnshiti er yfir 40°C verður vatnið fyrst kælt í varmaskiptum, sem komið yrði fyrir í dælustöð FJAVE, niður í 40°C og síðan kælt með varmadælu í 15°C, sjá mynd 30.


Núverandi aðveitum verður notuð til að flytja vatnið frá hrauninu til dælustöðvarinnar. Vegna sjávarblöndunar vatnsins úr hrauninu þarf að endurmetsa endingartíma aðveitulagnarinnar þar sem aukin hætta verður á tæringu og útfellingu. Sérstaklega þarf að taka tillit þessara aðstæðna við notkun asbestoslagna á meðan hraunvatnshiti er hæstur.

Vegna sjávarblöndunar þurfa varmaskiptar að vera úr titan. Líklegt er, að þá varmaskipta, sem notaðir voru á hrauninu megi flytja í dælustöðina og nota þar. Vegna lægri vatnshita þarf að stækka þá með því að fjölga plötum í þeim.

#### 7.4.2 Hagkvæmni.

I. og II. áfangi voru ræddir í kafla 6.2.

III. áfangi: Endingartími 2-5 ár. Áætluð orkuframleiðsla 40 GWh, mynd 30.



Mynd 30. Dæling úr hrauni, III. áfangi.

Stofnkostnaður.

þús.kr

3 borholur á þús.kr 1.000	3.000
Dælubúnaður og skúr	2.500
Rafbúnaður o.fl.	1.500
Varmaskiptir, uppkomin	4.000
Varmadæla, 3,5 MW <sub>t</sub> , uppsett	30.000
Stækkun húsrýmis	3.200
Rafbúnaður v/varmadælu	500
Annað	2.000
-----	
Samtals	46.700
-----	

Rekstrarkostnaður.

þús.kr

Dælingarkostnaður	1.800
Viðhald og umsjón dælingarbúnaðar	1.000
Viðhald og umsjón varmadælu	1.300
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 3 ár á þús.kr 4.000	1.500
Afskriftatími 15 ár á þús.kr 38.700	4.000
Afskriftatími 25 ár á þús.kr 4.000	300
Raforka til varmadælu, $8 \times 10^3$ kWh á k <sub>L</sub> kr/kWh	$8k_L \times 10^3$
-----	
Samtals	$9.900 + 8k_L \times 10^3$
-----	

Orkuverð hraundælingar og varmadælu, III. áfangi.

$$k_{HD, III} = \frac{[9.900 + 8k_L \times 10^3] \times 10^3}{40 \text{ kWh/ári}} \text{ kr/ári}$$

$$= \frac{9,9 + 8k_L}{40} \text{ kr/kWh}$$

$$k_{HD, III} = 0,248 + 0,2k_L \quad (\text{mynd 44})$$

$$k_L = 0,235 :$$

$$k_{HD, III}^{**} = 0,29 \text{ kr/kWh}$$

## 7.5 Nýting $40^{\circ}\text{C}$ heits vatns frá borholu á hrauni.

### 7.5.1 Forsendur.


Þegar hraunvatnshiti hefur fallið í  $40^{\circ}\text{C}$  verða varmaskiptarnir í dælustöðinni afskrifaðir og óvirkir. Vatn frá hrauni verður þá leitt beint til kælingar í  $15^{\circ}\text{C}$  á uppgufarahlið varmadælunnar, sem framleiða mun grunnorku FJAVE, 30 GWh á ári.

Þegar hér verður komið sögu, þarf að íhuga vel, hvort á hagvæmari hátt en með dælingu vatns af 100 m dýpi úr hrauni sé hægt að afla þess vatns, sem varmadælurnar þarfust til framleiðslu á grunnorku FJAVE.

### 7.5.2 Hagkvænni.

I. og II. áfangi voru ræddir í kafla 6.2 og III. áfangi í kafla 7.4.

**IV. áfangi:** Endingartími 5 ár. Áætluð orkuframleiðsla 40 GWh, mynd 31.



Mynd 31. Dæling úr hrauni, IV. áfangi.

Stofnkostnaður.

þús.kr

3 borholur á þús.kr. 1.000	3.000
Dælubúnaður og skúr	2.500
Rafbúnaður o.fl.	1.500
Varmadæla, 3,5 MW <sub>t</sub> , uppsett	30.000
Stækkun húsrýmis	3.200
Rafbúnaður v/varmadælu	500
Annað	1.500
	-----
Samtals	42.200
	=====

Rekstrarkostnaður.

þús.kr

Dælingarkostnaður	1.800
Viðhald og umsjón	2.000
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 15 ár á þús.kr 38.200	3.900
Afskriftatími 25 ár á þús.kr 4.000	3.400
Raforka til varmadælu, $8 \times 10^3$ kWh á k <sub>L</sub> kr/kWh	$8k_L \times 10^3$
	-----
Samtals	$8.000 + 8k_L \times 10^3$
	=====

Orkuverð hraundælingar, IV. áfangi.

$$k_{HD, IV} = \frac{[8.000 + 8k_L \times 10^3] \times 10^3}{30 \times 10^6} \text{ kr/ári}$$

$$= \frac{8 + 8k_L}{30} \text{ kr/kWh}$$

$$k_{HD, IV} = 0,267 + 0,267k_L \quad (\text{mynd 44})$$

$$k_L = 0,235 :$$

$$k_{HD, IV}^{**} = 0,33 \text{ kr/kWh}$$

## 7.6 Nýting 40°C heits vatns frá borholu við Skiphella.

### 7.6.1 Forsendur.

Árið 1964 var boruð 1565 m djúp hola við svokallaða Skiphella. Var holan fóðruð með 7" röri niður á 190 m. Samkvæmt mati JHD Orku-stofnunar, sem byggir á mjög fátæklegum mæligögnum, er talið að dæla megi um 5 l/sek úr holunni miðað við, að vatnsborð haldist innan fóðringar í 10 ár. Vissar líkur eru á, að dæla megi meira magni úr holunni, en það yrði að sannreyna með dælingarprófunum. Vatnshiti úr holu er áætlaður 40°C.

Ef varmadæla, sem nýtti 40°C heitt vatn, þætti álitlegur orkuöflunar-kostur fyrir FJAVE, t.d. til framleiðslu grunnafls 3,5 MW<sub>t</sub>, 30 GWh á ári, en örðugleikum yrði bundið að ná vatni með því hitastigi úr borholum á hrauni eða frá núverandi varmaskiptum á hrauni, kæmi til greina að dæla vatni úr borholunni við Skiphella. Miðað við að vatnshiti væri 40°C og yrði nýttur í 15°C í varmadælu, þyrfti 25 l/sek dælingu úr borholunni.

Dælustöð FJAVE stendur um 20 m hærra en toppur holunnar og fjarlægð dælustöðvar frá holunni er um 2000 m.

Þar sem aðrar leiðir til öflunar 40°C heits vatns fyrir FJAVE eru taldar álitlegri, er frekari athugun á virkjun borholu við Skiphella ekki gerð hér.

## 7.7 Nýting 20°C heits vatns frá Skansinum.

### 7.7.1 Forsendur.

Í flæðarmáli við jaðar nýja hraunsins úti á svonefndum Skansi, hefur orðið vart nokkurs volgs rennslis undan hrauninu. Virðist þetta volga vatn koma upp á nokkuð mörgum stöðum við Skansinn, en má þó greina eina megin uppstreymisrás í fjöruborðinu.

Mælingar hafa sýnt, að meginuppstreymisrásin gefur a.m.k. 20 l/sek rennslí og er vatnið um 24°C heitt. Heildarrennslí mælist um 30 l/sek.

Vegna hins mikla vatnsmagns sem streymir niður í gegnum hraun-yfirborðið á ári vegna vökvunar vinnslusvæðanna og úrkomu, er ekki óeðlilegt þótt vart verði slíkra heittra framrennslisrása frá hrauninu og gæti það varað um langt árabil. Ef farið yrði að dæla vatni upp úr hrauninu og vökvun yrði hætt, mætti búast við að þetta framrennslí minnkaði eða jafnvel hyrfi.

Ef varmadæla sem nýtti hita sjávar við meðalhita  $8^{\circ}\text{C}$  þætti álitlegur kostur fyrir FJAVE, væri eðlilegt að sjávarinntak varmadælunnar yrði staðsett við Skansinn við framangreint framrennslí hraunsins. Svo lengi sem inntakshiti varmadælunnar væri yfir  $8^{\circ}\text{C}-12^{\circ}\text{C}$  yrði rekstur hennar mun hagkvæmari en ella. Á þann máta mætti nýta þetta framrennslisvatn frá hrauninu. Þegar framrennslisvatnið hefði kólnað eða horfið, ynnu varmadælurnar áfram við hönnunarhitastig þeirra, sem væri  $8^{\circ}\text{C}$  að jafnaði, sjá mynd 32.

Þar sem miklar líkur eru taldar á, að unnt sé að ná heitara vatni úr hrauninu með dælingu úr borholu, eða frá núverandi varmaskiptum á hrauni án mikils tilkostnaðar, er þessi kostur að dæla volgu vatni frá Skansinum ekki skoðaður nánar að sinni.

Ef dæling úr borholu á hrauni reynist vandkvæðum bundin, er eðlilegt að nýting á framrennslisvatninu við Skansinn verði athuguð nánar.


Hafa þarf í huga, að dælustöð FJAVE er um 40 m yfir sjó og fjarlægð dælustöðvarinnar frá Skansinum er um 1200 m.

## 7.8 Nýting $8^{\circ}\text{C}$ heits sjávar.

### 7.8.1 Forsendur.

Umhverfis Vestmannaeyjar er sjávarhiti hlutfallslega hár og stöðugur miðað við það sem gerist við Ísland. Meðalhiti er um  $8^{\circ}\text{C}$  en sveiflast frá um  $5,5^{\circ}\text{C}$  til  $11,5^{\circ}\text{C}$ . Að meðaltali gætu varmadælur kælt stöðugt rennslí sjávar niður um  $4^{\circ}\text{C}$ .

Á mynd 32 er sýndur meðalhiti sjávar við Vestmannaeyjar mældur árin 1949-1966.




Mynd 32. Mældur sjávarhiti við Vestmannaeyjar.

I fyrsta lagi er áætlað, að varmadælukerfið anni grunnaflsbörf FJAVE, samtals  $3,5 \text{ MW}_t$ . Með Cop-stuðli 3, er mótoraf l áætlað  $1,3 \text{ MW}_e$ . Raforkunotkun varmadælunnar yrði um  $11,4 \text{ GWh}$  á ári miðað við stöðugan rekstur. Uppgufunaraflid er áætlað  $2,3 \text{ MW}_t$  og fengist við kælingu á  $140 \text{ l/sek}$  ( $500 \text{ m}^3/\text{h}$ ) vatnsrennslis niður um  $4^\circ\text{C}$  ( $8^\circ\text{C}/4^\circ\text{C}$ ) í uppgufara varmadælunnar. Uppgufunarrásin yrði opin rás sjávar og áætluð lyfting er 5 m. Orkunotkun sjávardælu er áætluð  $0,9 \text{ GWh}$  á ári, áætlun A. Mynd 33.

I öðru lagi er áætlað, að varmadælukerfið anni  $7,5 \text{ MW}_t$  varmaafli eða  $55 \text{ GWh}$  á ári. Cop-stuðull er áætlaður 3, mesta aflbörf mótors er  $2,5 \text{ MW}_e$  og áætluð raforkunotkun varmadælu er  $18 \text{ GWh}$ . Mesta uppgufunarafl er áætlað um  $5 \text{ MW}_t$  og fengist við kælingu  $300 \text{ l/sek}$  ( $1.080 \text{ m}^3/\text{h}$ ) vatnsrennslis (sjávar) niður um  $4^\circ\text{C}$  ( $8^\circ\text{C}/4^\circ\text{C}$ ). Orkunotkun sjávardælu er áætluð  $2 \text{ GWh}$  á ári, áætlun B. Mynd 33.

Á mynd 2 má sjá, að aukning í varmaafli frá varmadælu hefur 50% nýtingu eða minni fyrir ofan  $7,5 \text{ MW}_t$  og að  $7,5 \text{ MW}_t$  stöðug varmaafli-framleiðsla fullnægir  $55 \text{ GWh}$  af varmaþörf FJAVE.



Mynd 33. Tenging sjávarvarmadælu.

#### 7.8.2 Hagkvæmni.

##### Stofnkostnaður, A.

þús.kr

Varmadælukerfi 3,5 MW <sub>t</sub> (skrúfudæla)	28.000
Húsbygging	4.000
Uppsetning og tenging	2.000
Sjódælubúnaður	1.500
Rafbúnaður	2.000
Röralagnir að dælustöð	15.000
Annað	2.500
<hr/>	
Samtals	<b>55.000</b>
<hr/>	

##### Stofnkostnaður, B.

þús.kr

Varmadælukerfi 7,5 MW <sub>t</sub> (turn key, hvirfildæla)	88.000
Rafbúnaður	3.500
Röralögning að dælustöð	20.000
Sökkull og jarðvinna	1.000
Annað	1.500
<hr/>	
Samtals	<b>114.000</b>
<hr/>	

Rekstrarkostnaður, A.

	þús.kr
Viðhald	1.000
Umsjón	500
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 15 ár á þús.kr 30.000	3.100
Afskriftatími 25 ár á þús.kr 25.000	2.000
Raforkukostnaður varmadælu og sjávardælu	
$12,3 \times 10^6 \text{ kWh á } k_L \text{ kr/kWh}$	$12,3 k_L \times 10^3$
	-----
Samtals	$6.600 + 12,3 k_L \times 10^3$
	=====

Orkuverð sjávarvarmadælu, A.

$$\begin{aligned}
 \underline{k_{SV,A}} &= \frac{[6.600 + 12,3 k_L \times 10^3] \times 10^3 \text{ kr/ári}}{30 \times 10^6 \text{ kWh/ári}} \\
 \\ 
 &= \frac{6,6 + 12,3 k_L}{30} \text{ kr/kWh}
 \end{aligned}$$

$$k_{SV,A} = 0,22 + 0,41 k_L \quad (\text{mynd 44})$$

$$k_L = 0,235 :$$

$$\underline{\underline{k_{SV,A}^{**}}} = 0,32 \text{ kr/kWh}$$

Rekstrarkostnaður, B.

	þús. kr
Viðhald	1.500
Umsjón	500
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 15 ár á þús.kr 88.500	9.100
Afskriftatími 25 ár á þús.kr 25.500	2.000
Raforkuukostnaður varmadælu og sjávardælu	
$20 \times 10^6 \text{ kWh á } k_L \text{ kr/kWh}$	$20k_L \times 10^3$
	-----
	<u>Samtals <math>13.100 + 20k_L \times 10^3</math></u>
	=====

Orkuverð sjávarvarmadælu, B.

$$k_{SV,B} = \frac{[13.100 + 20k_L \times 10^3] \times 10^3 \text{ kr/ári}}{55 \times 10^6 \text{ kWh/ári}}$$

$$= \frac{13,1 + 20k_L}{55} \text{ kr/kWh}$$

$$k_{SV,B} = 0,238 + 0,364k_L \quad (\text{mynd 44})$$

$$k_L = 0,235 :$$

$$k_{SV,B}^{**} = 0,32 \text{ kr/kWh}$$

## 7.9 Nýting varma frá iðnaði.

### 7.9.1 Forsendur.

Í fiskimjölsverksmiðjum og frystihúsum er að jafnaði töluberður varmi, sem nýtist ekki nema að til komi sérstakur búnaður s.s. varmaskiptar og varmadælur. Er hér um að ræða heitt útstreymisloft frá skorsteinum vegna brennslu ýmiss konar, heitt kælivatn frá frysti- og kælitækjum eða afgangsgufa.


Nýting þessa varma fer nú fram í auknum mæli víða um land. Þekkt er á norðurlöndunum, að afgangsvarmi ýmiss konar frá fyrirtækjum sé keyptur og nýttur af viðkomandi hitaveitu, sem síðan selur fyrirtækinu varma úr hitaveitukerfinu á sama hátt og öðrum notendum. Er þetta talin hagkvæmari leið til góðrar nýtingar á afgangsvarmanum en að hvert fyrirtæki sé að reyna að nýta sinn afgangsvarma.

Í Vestmannaeyjum eru tvær stórar fiskimjölsverksmiðjur, Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum (FIVE), Fiskimjölsverksmiðja Einars Sigurðssonar (FES) og stór frystihús þar að auki. Má því áætla, að í Eyjum sé mikil afgangsorka ónotuð.

FIVE og FES vinna lýsi og mjöl við að bræða og þurrka fisk. Til þeirrar vinnslu þarf orku í formi heits lofts og gufu. Gufan er framleidd í gufukötlum, sem brenna olíu. Töluberður hluti af þeirri gufu, sem framleidd er, nýtist ekki í vinnslunni og er sleppt út sem afgangsvarma. Má þar t.d. nefna þann vinnslupáttinn, sem er eiming. Til eimingarinnar notast um 25% af heildarorkubörf vinnslunnar. Eimingen fer fram í fjórum þrepum, þar sem gufuhitinn á fyrsta þepi er  $140^{\circ}\text{C}$ . Gufuhiti frá síðasta þepi þarf að vera  $60^{\circ}\text{C}$ . Til að halda þeim hita stöðugum er gufan leidd í gegnum þétti, þar sem á móti er dælt sjó, sem tekur til sín varma og er síðan hent. Það afl, sem þannig fer forgörðum, er um  $3,3 \text{ MW}_t$  hjá FIVE og  $2,3 \text{ MW}_t$  hjá FES. Samkvæmt upplýsingum tækniráðgjafa FIVE og FES er áætlað, að nýtanlegur afgangsvarmi frá FIVE sé samtals um  $8 \text{ MW}_t$  og samtals  $5 \text{ MW}_t$  hjá FES.

Hafa þarf í huga, að ekki er sjálfgefið, að FJAVE gæti nýtt allt þetta afl vegna þeirra hitastiga sem um er að ræða annars vegar á kerfisvatni FJAVE og hins vegar afgangsgufunni. Samkvæmt upplýsingum tækniráðgjafa verksmiðjanna er talið, að tiltölulega lítill tilkostnaður fylgi því að breyta vinnslunni, þannig að sama afgangsvarmanum verði skilað við hærra hitastig. Gæti sú tilhögun auðveldað FJAVE að nýta þá orku, er hér um ræðir.

Verksmiðjurnar eru reknar að jafnaði frá ágúst/september mánuði ár hvert og fram til mars/apríl mánaðar. Vinnslan byggir á fullum afköstum og er í gangi sex sólarhringa samfleytt á viku. Vinnsla liggur þó niðri um jól og áramót.



Mynd 34. Nýting afgangsvarma frá fiskiðnaðarfyrirtækjum.

Ljóst er, að í þeim tveimur fyrirtækjum, sem hér um ræðir, er mikil orka, sem fer forgörðum, eða allt að 13 MW<sub>t</sub>. Full ástæða er til, að FJAVE taki upp viðræður við þessi fyrirtæki um hvernig hagkvæmast sé fyrir alla aðila að nýta þessa orku, sem til staðar er, þegar mest orkuþörfin er hjá FJAVE. Á mynd 34 er á einfaldan hátt sýnt, hvernig FJAVE gæti með beinum varmaskiptum yfirfært afgangsvarmann yfir í dreifikerfi sitt. Ljóst er að slík nýting krefðist nokkurrar breytingar í kerfislögnum.

Jafnframt skal á það bent, að frá kælivélum og frystitækjum frystihúsanna fellur umtalsverður nýtanlegur varmi til í formi u.p.b. 25°C heits kælivatns. Með hjálp forvarmaskiptis og varmadælu má nýta þennan varma til framleiðslu allt að 70°C heits vatns til upphitunar í ofnkerfum eða til nýtingar í dreifikerfi FJAVE.

Ósenilegt er talið í núverandi stöðu, að hagkvæmt þetti að nýta þennan varma fyrir FJAVE, vegna þess hve um lágan hita er að ræða á því vatni, sem til fellur og hve það er dreift. Áætla má, að varmadælur yrðu reknað með Cop-stuðli 3-4 við þau skilyrði, sem hér um ræðir.

## 7.10 Slöngukerfi á hrauni.

### 7.10.1 Forsendur.

Í sambandi við hugsanlegan rekstur varmadælu, sem byggði á nýtingu um  $40^{\circ}\text{C}$  heits vatns til framleiðslu á grunnaflí FJAVE,  $3,5 \text{ MW}_t$  er gæfi  $30 \text{ GWh}$  á ári, komu upp hugmyndir um að dæla vatni í gegnum slöngukerfi, sem lagt væri á hraunið.

Augljóst er, að mjög mikill varmi er í hrauninu og mun svo verða um langan tíma. Ef ákveðinn flötur á hrauninu yrði jafnaður og á hann lagt slöngukerfi, sem síðan yrði þakið með vatnsheldum dúk og þykkur lagi af vikri, mætti nýta með því móti varmauppstreymi úr hrauninu til upphitunar vatns, sem dælt yrði í gegnum slöngukerfið. Varmauppstreymi úr hrauninu er áætlað um  $32 \text{ W/m}^2$ . Miðað við að nýta  $40^{\circ}\text{C}$  heitt vatn í varmadælu niður í  $15^{\circ}\text{C}$  til framleiðslu á grunnaflí FJAVE, þyrfti  $25 \text{ l/sek}$  rennsli í slöngukerfinu að hitna frá  $15^{\circ}\text{C}$  upp í  $40^{\circ}\text{C}$ . Þessu vatni yrði síðan dælt í lokaðri hringrás á milli slöngukerfis á hrauni og varmadælunnar í dælustöðinni.

Mikilli óvissu er bundið hve þétttriðið slöngukerfið yrði að vera, til að nýting varmauppstreymisins yrði viðunandi. Miðað við að framleiða ætti grunnaflí FJAVE með þessu móti, þ.e. að uppgufunarafl varmadælu væri  $2,6 \text{ MW}_t$  og að leggja þyrfti slöngurnar með  $25 \text{ cm}$  millibili eins og algengt er í snjóbræðslukerfum, þyrfti flöturinn að vera  $400 \text{ m} \times 400 \text{ m}$  og röralengdin yrði samtals  $640 \text{ km}$ . Gera mætti tilraun með litla fleti í þessu sambandi og sannreyna möguleika þessarar orkunýtingarleiðar. Upp hafa komið hugmyndir um, að komið yrði á samstarfsverkefni á vegum iðnþróunarsjóða á norðurlöndum og Háskóla Íslands um þetta rannsóknarverkefni, sem aukið gæti almennt notkunar-svið varmadælna.

Þar sem aðrir valkostir til öflunar  $40^{\circ}\text{C}$  heits vatns fyrir varmadælur eru taldir auðveldari og markvissari fyrir FJAVE, er ekki frekari athugun gerð á þessum orkuöflunarkosti.


Bent hefur verið á, að ef þessi leið yrði farin til orkuöflunar, mætti e.t.v. standa þannig að uppbyggingu svæðisins að fá mætti nýtanlegan upphitaðan íþróttavöll eða jafnvel stórt íþróttasvæði fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

## 8. Rafskautaketill.

### 8.1 Lýsing.

Rafskautaketill hitar upp vatn eða framleiðir gufu með hjálp raforku. Gufan er framleidd með tveimur rafskautum, sem stungið er ofan í vatn í lokaðri innri hringrás ketilsins. Efnainnihald vatnsins ákveður rafleiðni þess og þar með varmaflgetu rafskautaketilsins. Stjórnun á varmaafli ketilsins er sjálfvirk, háð gufuþrýstingi hans, og fer þannig fram, að rafskautin eru látin standa misdjúpt í vatni hinnar lokuðu rásar. Samstýring hringrásardælu og stöðu yfirfallsrörs stjórnar vatnsborðshæðinni umhverfis rafskautin. Viðbragðstími stýringar er skammur. Nýtni rafskautaketils er sett 100%.

Gufan er leidd í varmaskipti, sem færir varmann úr hinni lokuðu hringrás rafskautaketilsins yfir í 35°C heitt bakrásarvatn dreifikerfis hitaveitu og hitar það upp í framrásarhitastig, t.d. 65°C-80°C, sjá mynd 35.



Mynd 35. Tenging rafskautaketils.

Rafskautakatlar eru hugsaðir til nýtingar á afgangsorku (ótryggrí orku) raforkuframleiðslukerfa og eru framleiddir fyrir allt að 30 MW<sub>t</sub>

varmaafl. Algeng rekstrarspenna á stórum rafskautakötlum er 11 kW. Þeir framleiða um 1,4 kg af gufu fyrir hverja kWh af raforku. 10 MW<sup>t</sup> rafskautaketill mun því framleiða um 14 tonn af gufu á klukkustund. Rafskautakatlar fyrir afgangsorku þarfnaast að jafnaði 80%-100% varaafsl á formi olíukyndingar, kolakyndingar e.b.h. óháðra orkugjafa.

Rafskautakatlar hafa reynst vel í hitaveiturekstri, bilanatiðni er lág og viðhald hlutfallslega lítið. Skipta þarf um rafskaut á u.p.b. tveggja ára fresti, háð rekstraraðstæðum og tekur sú aðgerð allt að sólarhring með niðurkælingu ketils. Verð rafskauta er um 2,0% af verði ketils.

## 8.2 Forsendur.

Varmaþörf FJAVE í dag er allt að 60 GWh á ári. Mesta meðalafl á viku yfir árið samkvæmt langæislínuriti er 11,4 MW<sup>t</sup>. Reynsla FJAVE hefur sýnt, að skammtíma afl á köldustu tímum getur orðið allt að 18 MW<sup>t</sup>. Samkvæmt tilboði er um 5% mismunur á stofnverði 12 MW<sup>t</sup> og 20 MW<sup>t</sup> rafskautakatla. Áætlað er, að FJAVE hafi þörf fyrir allt að 20 MW<sup>t</sup> varmaafl um aldamót.

Áætlað er, að bakrásarhiti dreifikerfis sé 30°C-40°C, háð árstíma. Lægstur yfir sumarið og hæstur yfir veturinn, miðað við stöðugan framrásarhita. Rafskautaketill mundi hita bakrásarvatn dreifikerfisins upp í þann hita, sem óskað er hverju sinni og ketillinn hefur verið stilltur á, t.d. 65°C-80°C, háð árstíma. Áætlað er, að við þær aðstæður verði meðalhiti bakrásarvatns um 35°C yfir árið.

## 8.3 Arðsemi.

Arðsemi fjárfestingar í rafskautakatli er m.a. mjög háð því orkumagni, sem katlinum er ætlað að framleiða á ári, þ.e.a.s. grundvellinum fyrir söluverðmætum FJAVE. Hér er annars vegar áætlað að framleiða alla orku FJAVE, þ.e. 60 GWh, og hinsvegar aðeins helming hennar, þ.e. 30 GWh, með rafskautakatli. Í seinna tilvikinu yrðu 30 GWh framleiddar með öðrum orkugjafa, t.d. hita frá hrauninu með eða án varmadælu. Er þá miðað við, að sú framleiðsla yrði hagkvæmari en með rafskautakatli, en þó takmörkunum háð.

I þessari áætlun er reiknað með að verð á ótryggri orku frá LV sé breyta, k<sub>L</sub> [kr/kWh], sem bundin verður í sérsamningi á milli LV, RARIK og FJAVE.

Áætlað er í fyrsta lagi, að grunnafl verði framleitt af FJAVE og allt að 30 GWh á ári keyptar af LV, áætlun A. Í öðru lagi, að öll orka FJAVE verði keypt af LV, áætlun B. Jafnframt er reiknað út framleiðsluverð á orkueiningu K<sub>R</sub>\*\* frá rafskautakatli miðað við nágildandi verð LV á ótryggri orku k<sub>L</sub> = 0,235 kr/kWh, en að orkan sé afhent í Vestmannaeyjum.

Stofnkostnaður, A.

þús.kr

20 MW rafskautaketill með dælubúnaði o.fl., uppsettur og frágenginn	10.700
Varmaskiptir	1.500
Háspennubúnaður	700
Breytingar í dælustöð	300
Húsbygging	3.800
Annað	1.000
<hr/>	
Samtals	18.000
<hr/>	

Stofnkostnaður, B.

þús.kr

20 MW rafskautaketill með dælubúnaði o.fl., uppsettur og frágenginn	10.700
Varmaskiptir uppkomin og frágenginn	2.500
Háspennubúnaður	700
Breytingar í dælustöð	300
Rafbúnaður (spennir o.fl.).	10.000
Húsbygging	3.800
Annað	1.000
<hr/>	
Samtals	29.000
<hr/>	

Rekstrarkostnaður, A.

þús.kr

Viðhald og umsjón, 2%	300
Rekstur	200
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 25 ár á þús.kr 18.000	1.400
Orkukaup, $30 \times 10^6$ kWh á $k_L$ kr/kWh	$30k_L \times 10^3$
	<hr/>
	Samtals $1.900 + 30k_L \times 10^3$
	<hr/>

Orkuverð frá rafskautakatli, A.

$$k_{R,A} = \frac{[1.900 + 30k_L \times 10^3] \times 10^3}{30 \times 10^6 \text{ kWh/ári}} \text{ kr/ári}$$

$$= \frac{1,9 + 30k_L}{30} \text{ kr/kWh}$$

$$k_{R,A} = 0,063 + k_L \quad (\text{mynd 44})$$

$$k_L = 0,235 :$$

$$k_{R,A}^{**} = 0,30 \text{ kr/kWh}$$


---

Rekstrarkostnaður, B.

þús.kr

Viðhald og umsjón, 3%	500
Rekstur	300
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 25 ár á þús.kr 29.000	2.300
Orkukaup, $60 \times 10^6$ kWh á $k_L$ kr/kWh	$60k_L \times 10^3$
	<hr/>
	Samtals $3.100 + 60k_L \times 10^3$
	<hr/>

Orkuverð frá rafskautakatli, B.

$$\underline{\underline{k_{R,B}}} = \frac{[3.100 + 60k_L \times 10^3] \times 10^3}{60 \times 10^6} \text{ kr/ári}$$

$$= \frac{3,1 + 60k_L}{60} \text{ kr/kWh}$$

---

---

$$k_{R,B} = 0,052 + k_L \quad (\text{mynd 44})$$

$$k_L = 0,235 :$$

$$\underline{\underline{k_{R,B}^{**}}} = 0,29 \text{ kr/kWh}$$

---

---

## 9. Vindorkuver.

### 9.1 Rafmagnsmylla.

#### 9.1.1 Lýsing.

Með vindmyllum má framleiða raforku. Þessi tækni hefur þróast mjög á síðustu árum og reynsla af rekstri slíkra mylla erlendis er að jafnaði góð. Myllur eru framleiddar í mismunandi stærðum, en mest reynsla er fyrir hendi af myllum með 50-100 kW<sub>e</sub> hámarksafli.

Vindurinn knýr mylluna og veitir henni afl. Windspaðarnir snúa öxli, sem tengdur er við rafal í gegnum gír. Allur búnaður myllunnar er því staðsettur efst í myllurninum, í sömu hæð og snúningsás spaðanna. Snúningshraði myllanna er stöðugur eftir að ákveðnum vindstyrk er náð. Myllurafalarnir eru að jafnaði lágspenntir ósamfasa rafalar. Í vindorkuveri með mörgum vindmyllum eru venjulega nokkrar myllur tengdar saman og spennan hækkuð í 6 kV. Við heildartenginguna er spennan síðan hækkuð í 11 kV og þannig er rafaflíð sent frá orkuverinu.

#### 9.1.2 Forsendur.

Í því vindorkuveri, sem hér er lagt til grundvallar, er áætlað hámarksafli 7,2 MW<sub>e</sub> og að framleiðslan verði 31,3 GWh á ári. Þessar stærðir eru ákvarðaðar með tilliti til áætlaðrar tíðnidreifingar vinds í Vestmannaeyjum og bestu nýtingu hámarksaflsins miðað við kælingarforsendur þar. Valdar eru myllustærðir, sem mest reynsla er fengin af, ásamt því að myllufjöldi verði það mikill, að sem mest hagkvæmni náist í framleiðslu og innkaupum búnaðar. Áætlaður fjöldi mylla er 110 og stærð þeirra er 65 kW<sub>e</sub>. Áætlað landssvæði, sem þarf fyrir slikt vindorkuver er  $2 \times 10^5$  m<sup>2</sup> (450 m x 450 m). Sjá nánar í kafla 20.

Verður að telja þær forsendur, sem hér er gengið út frá, gefa bestu hugsanlegu hagkvæmni í uppsetningu og rekstri vindorkuvera til framleiðslu á rafmagni.

Vegna reynsluleysis hér á landi af viðhaldi og endingu vindorkuvera, er afskriftatími þeirra ekki reiknaður lengri en 15 ár.

9.1.3 Hagkvæmni.

Stofnkostnaður.

	þús. kr
110 myllur á þús.kr 2.960	
Uppsettar með sökkum	326.000
Rafbúnaður til samtengingar 10%	32.600
	-----
	Samtals
	<u>358.600</u>

Rekstrarkostnaður.

	þús.kr
Viðhald og stjórnun	6.100
Fjármagnskostnaður: Annuitet, 6% vextir	
Afskriftatími 15 ár á þús.kr 326.000	33.600
Afskriftatími 25 ár á þús.kr 32.600	2.600
	-----
	Samtals
	<u>42.300</u>

Orkuverð rafmagnsmyllu.


$$k_{V,R} = \frac{42.300.000 \text{ kr/ári}}{31.300.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{1,35 \text{ kr/kWh}}} \quad (\text{mynd 44})$$

## 9.2 Hitamylla.

### 9.2.1 Lýsing.

Með vindmyllum má hita upp vatn beint. Slík tæki nefnast vatnsbremsumyllur (hitamyllur). Windspaðarnir snúa láréttum öxli, sem tengdur er  $90^\circ$  gír. Lóðrétti öxullinn snýr efri hluta vatnsbremsunnar, sem er lárétt hjól með spöðum, komið fyrir í lokaðum vatnsgeymi í kjallara myllunnar. Í botni vatnsgeymisins er föstum spöðum komið fyrir og mynda þeir vatnsbremsuna á móti efra spaðahjólinu, sem snýst. Við snúning efri hluta vatnsbremsunnar og vegna straumfræðilegs viðnáms vatnsins á milli spaðanna hitnar vatnið. Þann varma, sem þannig myndast, má nýta með varmaskiptum eða við beint gegnumrennsli í gegnum vatnsgeyminn, sjá mynd 36.

Reynslan af rekstri slíkra vatnsbremsumylla er ekki mikil, en þar sem búnaður allur er tiltölulega einfaldur, er áætlað að rekstur þeirra geti verið stöðugur. Afskriftatími er áætlaður 15 ár.



Mynd 36. Vatnsbremsa.

### 9.2.2 Forsendur.

Áætlað er, að hámarksafl vindorkuversins verði 8,8 MW<sub>t</sub> og að framleidd orka á ári verði 26 GWh. Eru þessar stærðir ákvarðaðar með tilliti til áætlaðrar tíðnidreifingar vinds í Vestmannaeyjum og bestu nýtni hámarksaflsins miðað við kælingarforsendur og fræðilega hegðan vatnsbremsumyllu. Myllustærð og fjöldi mylla ætti að gefa góða möguleika á hagkvæmni í framleiðslu og kaupum á búnaði. Hins vegar þykir ekki rétt að meta hugsanlega lækkun á stofnkostnaði vegna raðsmíði, þar sem engin reynsla er komin á slika framleiðslu hér á landi. Áætlaður fjöldi mylla er 110 og stærð þeirra er 80<sup>5</sup> kW<sub>t</sub>. Áætlað landssvæði sem þarf fyrir slikt vindvorkuver er 2 x 10<sup>5</sup> m<sup>2</sup> (450 m x 450 m). Sjá nánar í kafla 20.

### 9.2.3 Hagkvæmni.

#### Stofnkostnaður.

þús. kr

110 myllur á þús.kr 1.820	
Uppsettar með sökklum og vatnsbremsu- búnaði	200.000
Búnaður og vinna við samtengingu, 8%	16.000
	-----
Samtals	<u>216.000</u>

#### Rekstrarkostnaður.

þús. kr

Viðhald og stjórnun	4.300
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 15 ár á þús.kr 200.000	20.600
Afskriftatími 25 ár á þús.kr 16.000	1.300
	-----
Samtals	<u>26.200</u>

#### Orkuverð hitamyllu.

$$k_{V,V} = \frac{26.200.000 \text{ kr/ári}}{26.000.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{1,01 \text{ kr/kWh}}} \quad (\text{mynd 44})$$

## 10. Sorpbrennsluver.

### 10.1 Lýsing.

Sorpbrennsluver hafa tvíþættan tilgang. Annars vegar að eyða sorpi og hins vegar að framleiða nýtanlegt varmaafli. Varmaaflið má nýta til upphitunar á vatni fyrir hitaveitukerfi eða til gufuframleiðslu.

Sorpi er ekið í sorpgeymi. Sjálfvirkur krani flytur sorpið í síló, sem hálfsjálfvirkt matar brennsluofninn. Eftirlit fer fram með sjónvarpstökuvélum og kemur mynd fram á skermum í stjórnherbergi. Sorpið er brennt við háan hita, u.p.b.  $900^{\circ}\text{C}$ , sem dregur mjög úr mengun lofts. Sérstakir mengunareyðar eru sambyggðir sorpbrennsluverum, ef um það eru gerðar kröfur. Varmaskiptar nýta síðan varmann frá brennslunni og skila honum sem upphitun á vatni.

Áætlað er, að einn maður verði á vakt í 8 stundir á þrískiptum vöktum. Jafnframt að einn viðgerðarmaður verði í fullu starfi. Áætlað er að til falli 1250 tonn af gjalli, sem aka þarf í burtu frá sorpbrennsluverinu.

### 10.2 Forsendur.

Samkvæmt skýrslu um sorpmál í Vestmannaeyjum eftir bæjartæknifræðing staðarins, er áætlað að til falli um 1 tonn af brennanlegu sorpi á hvern íbúa á ári, þ.e. um 5.000 tonn af brennanlegu sorpi í Vestmannaeyjum á ári. Brennslugildi sorpsins er áætlað 2.200 kcal/kg. Nýtni versins er áætluð 75%.

Minnstu sorpbrennsluverin eru gerð fyrir 1,5 t/h brennslu. Áætlað er að reka sorpbrennsluverið allan sólarhringinn í 4,5 daga vikunnar, þ.e. í 5.600 stundir á ári. Þannig væri hægt að brenda 8.400 tonnum af sorpi á ári, sem telja verður fulla nýtingu versins. Hugsanlega mætti í Vestmannaeyjum tryggja 8.400 tonn af sorpi á ári með einhverjum flutningi úr landi. Áætlað er, að flutningskostnaður yrði greiddur af þeim, sem losar sig við sorpið. Lauslegt tilboð í flutning á sorpi frá Þorlákshöfn er 12 þús.kr á 20 tonn af sorpi. Kostnaður af flutningi sorps til Eyja til fullrar nýtingar sorpbrennsluvers er um 2 Mkr á ári.

Framleidd orka Q =  $8.400 \text{ kg} \times 2.200 \text{ kcal/kg} \times 0,75 \times 1,16 \text{ Wh/kcal}$

= 16 GWh/ári

=====

Framleitt afl P =  $1500 \text{ kg} \times 2.200 \text{ kcal/kg} \times 0,75 \times 1,16 \text{ Wh/kcal}$

= 3 MW<sub>t</sub>

=====

16 GWh orka hitar upp  $350.000 \text{ m}^3$  á ári miðað við  $40^\circ\text{C}$ , eða m.ö.o. að  
3 MW<sub>t</sub> afl hitar 18 l/sek stöðugt rennsli upp um  $40^\circ\text{C}$ .

### 10.3 Hagkvæmni.

Í þessari áætlun er í fyrsta lagi reiknað með, að sorpbrennsluverið sé  
að fullu fjármagnað af FJAVE og rekið á hennar vegum, áætlun A. Í  
öðru lagi að bæjarsjóður Vestmannaeyja fjármagni helming stofn-  
kostnaðarins og reki síðan verið að fullu og öllu, áætlun B. Áætlað  
er að nýta sorpbrennsluverið í 5.600 stundir á ári.

#### Stofnkostnaður.

þús.kr

Sorpbrennsluver án byggingar og mengunarvarna	71.500
Bygging m/lóð og veitugjöldum	8.000
Uppsetning o.fl.	3.000
Annað	2.500
-----	
Samtals	85.000
=====	

#### Rekstrarkostnaður, A.

þús.kr

Laun: 3 + 1 maður á þús.kr. 60	2.400
Rafmagn: 350 MWh	800
Vatn: 2.500 m <sup>3</sup>	50
Gjallakstur, 1250 tonn á ári	450
Viðhald og viðgerðir	700
Stjórnun o.fl.	800
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 20 ár á þús.kr 76.000	6.600
Afskriftatími 25 ár á þús.kr 9.000	700
-----	
Samtals	12.500
=====	

Orkuverð frá sorpbrennsluveri, A.

$$\underline{k_{S,A}} = \frac{12.500.000 \text{ kr/ári}}{16.000.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{0,78 \text{ kr/kWh}}} \quad (\text{mynd 44})$$

Orkuverð frá sorpbrennsluveri vegna stofnkostnaðar eingöngu er 0,46 kr/kWh, en vegna beins reksturskostnaðar án fjármagnskostnaðar 0,32 kr/kWh.

Rekstrarkostnaður, B.

þús.kr

Fjármagnskostnaður: Sjá áætlun A. 3.700

Samtals 3.700

Orkuverð frá sorpbrennsluveri, B.

$$\underline{k_{S,B}} = \frac{3.700.000 \text{ kr/ári}}{16.000.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{0,23 \text{ kr/kWh}}} \quad (\text{mynd 44})$$

## 11. Svertoliuketill.

### 11.1 Lýsing.

Svertoliukatlar brenna svertolíu við hlutfallslega háa nýtni. Varminn frá brunanum er nýttur til beinnar upphitunar á vatni eða til framleiðslu á gufu. Gufuna má þetta í varmaskipti til að hita t.d. volgt vatn. Algengt er, að minni svertoliukatlar séu vatnskatlar með mestu nýtni um 90%. Svertoliukatlar eru hlutfallslega ódýrir í innkaupum á afleiningu og viðhald þeirra er lítið.

Algengt er, að hitaveitur, sem byggja á öðrum orkugjafa en svertolíu, hafi svertoliukatla til að mæta nauðsynlegri varaaflsþörf. Mismunandi er eftir aðstæðum, hve mikil varaafl er nauðsynlegt hverri veitu, háð því m.a. hve miklar likur eru á truflunum á forgangsaflí þeirra. Þær veitur, sem byggja á ótryggri orkuöflun, t.d. afgangsorku úr rafmagnsframleiðslukerfi eða einni borholu svo dæmi séu nefnd, ættu að tryggja sér aðgang að allt að 100% varaafli.

Hægt er að skipta um brennara í svertoliukötlum til brennslu á hörðum kolum (steam coal) eða á kolavökva (fluidcarbon), ef hagkvæmt þykir.

### 11.2 Forsendur.

Í dælustöð FJAVE eru í dag tengdir tveir svertoliukatlar. Gamall ketill  $3\text{MW}_t$ , sem brennir við nýtnina 70%-80%. Nýr ketill  $7,3\text{ MW}_t$ , sem brennir við nýtnina 92%. Af fyrri reynslu má áætla að til lengri tíma verði meðalnýtni  $7,3\text{ MW}_t$ -ketilsins um 88%. Mesta aflþörf FJAVE á köldustu tímunum getur í skamman tíma náð allt að  $18\text{ MW}_t$ , en meðalaflþörf mestu álagsviku er hátt í  $12\text{ MW}_t$ .

Ef FJAVE verður rekin á ótryggum orkugjafa, s.s. ótryggri orku frá LV, virðist sem  $10\text{ MW}_t$  svartoliuketill með nýtnina 88%-90% í stað þess gamla væri æskilegur kostur.

Í viðauka V,A-3 er sýndur útreikningur á hráu orkuverði svertolíu.

11.3 Hagkvæmni.

Þar sem í dag er fyrir hendi nýr  $7,3 \text{ MW}_t$  ketill, er hér í fyrsta lagi ekki reiknað með fjármagnskostnaði vegna þeirrar fjárfestingar, áætlun A. Áætluð ársframleiðsla 30 GWh. Í öðru lagi er áætlaður reksturskostnaður af nýjum  $10 \text{ MW}_t$  katli, áætlun B. Miðað er við áætlaða ársframleiðslu 60 GWh.

Stofnkostnaður, A.

þús.kr

Stofnkostnaður FJAVE

0

-----  
Samtals 0

Stofnkostnaður, B.

þús.kr

10 $\text{MW}_t$ oliuketill, uppkominn	4.500
Skorsteinn, uppkominn	500
Húsrými	3.200
Annað	300
-----	
<u>Samtals 8.500</u>	

Rekstrarkostnaður, A.

þús.kr

Viðhald og umsjón	800
Rafmagn o.fl.	200
Svartolía: $30 \times 10^6$ kWh á 0,61 kr/kWh	18.300
Fjármagnskostnaður	0

Samtals 19.300

Orkuverð oliuketils, A.

$$\underline{k_{0,A}} = \frac{19.300.000 \text{ kr/ári}}{30.000.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{0,64 \text{ kr/KWh}}} \quad (\text{mynd 44})$$

Rekstrarkostnaður, B.

þús.kr

Viðhald og umsjón	1.100
Rafmagn o.fl.	400
Svartolía: $60 \times 10^6$ kWh á 0,61 kr/kWh	36.600
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 20 ár á þús.kr 5.300	500
Afskriftatími 25 ár á þús.kr 3.200	300

Samtals 38.900

Orkuverð oliuketils, B.

$$\underline{k_{0,B}} = \frac{38.900.000 \text{ kr/ári}}{60.000.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{0,63 \text{ kr/kWh}}} \quad (\text{mynd 44})$$

## 12. Kolaketill.

### 12.1 Lýsing.

Kolakatlar brenna kolum eða kolavökva (fluidcarbon) við hlutfallslega háa nýtni. Varminn frá brunanum er nýttur til beinnar upphitunar á vatni eða til framleiðslu á gufu. Gufuna má nota til framleiðslu á raforku og/eða lághitaorku, t.d. að hita volgt vatn með varma-skíptum. Algengt er erlendis, að kolakatlar séu notaðir sem gufukatlar hjá hitaveitum, með mestu nýtni um 90% eða meðalnýtni um 88%. Kolakatlar eru meðaldýrir í innkaupum á afleiningu og viðhald þeirra er hlutfallslega lítið.

Vissir erfiðleikar eru á flutningi, geymslu og meðhöndlun kola, s.s. óþrifnaður. Kolavökvi er einnig notaður, en það er blanda koladufts og vatns (fluidcarbon). Hægt er að nota sama ketilinn með mismunandi brennurum. Orkuinnihald kolavökva er lægra en fasta kola. Kolavökvi er fluttur með sérstökum tankskipum eða í lausum geymum, þegar um minna magn er að ræða. Heildarorkuframleiðsla FJAVE fengist við brennslu á um 7 þús. tonnum af kolum á ári, og til samanburðar má nefna að til eru innlendir aðilar, sem nota um 24 þús. tonn af kolum á ári.

### 12.2 Forsendur.

Áætlað er í fyrsta lagi að framleiða grunnorku FJAVE með kolum, þ.e.  $3,5 \text{ MW}_t$  eða  $30 \text{ GWh}$ , áætlun A. Í öðru lagi að framleiða alla orkuna með kolum, samtals  $60 \text{ GWh}$ , áætlun B. Áætluð meðalnýtni er 88%. Stuðst er við reynslu innlendra aðila um kostnað við flutninga á kolum, og áætlað er hér, að kostnaður við flutninga á kolavökva sé sá sami og á svartoliú. Engin reynsla er til um þetta hér á landi. Orkuinnihald kola (steam coal) er áætlað  $29,75 \text{ MJ/kg}$ , en  $22 \text{ MJ/kg}$  í kolavökva. Verð er hlutfallslega hátt á kolavökva, og stuðst er við lauslegt tilboð frá Svíþjóð í kolavökva, áætlun C.

Í viðauka V,A-3 er sýndur útreikningur á hráu orkuverði kola og kolavökva.

12.3 Hagkvæmni.

Stofnkostnaður, A.

þús.kr

Kolaketill, 4MW <sub>t</sub>	5.000
Varmaskiptir	1.500
Uppsetning og tenging	500
Kolalager og móttunararbúnaður	5.000
Annað	1.000
<hr/>	
Samtals	13.000
<hr/> <hr/>	

Stofnkostnaður, B.

þús.kr

Kolaketill, 18-20 MW <sub>t</sub>	23.000
Varmaskiptar	3.000
Uppsetning og tenging	800
Kolalager og móttunararbúnaður	6.000
Stækkun húsrýmis	3.200
Annað	1.200
<hr/>	
Samtals	37.200
<hr/> <hr/>	

Rekstrarkostnaður, A.

þús.kr

Viðhald	500
Umsjón	300
Rafm. o.fl.	200
Kol: $30 \times 10^6$ kWh á 0,29 kr/kWh	8.700
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 20 ár á þús.kr 8.000	700
Afskriftatími 25 ár á þús.kr 5.000	400
<hr/>	
Samtals	10.800
<hr/> <hr/>	

Orkuverð kolaketils, A.

10.800.000 kr/ári

$$k_{K,A} = \frac{10.800.000 \text{ kr/ári}}{30.000.000 \text{ kWh/ári}} = 0,36 \text{ kr/kWh} \quad (\text{mynd 44})$$

Rekstrarkostnaður, B.

þús.kr

Viðhald	800
Umsjón	300
Rafm. o.fl.	400
Kol: $60 \times 10^6$ kWh á 0,29 kr/kWh	17.100
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 20 ár á þús.kr 27.300	2.400
Afskriftatími 25 ár á þús.kr 9.900	800
	-----
Samtals	21.800
	=====

Orkuverð kolaketils, B.

$$k_{K,B} = \frac{21.800.000 \text{ kr/ári}}{60.000.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{0,36 \text{ kr/kWh}}} \quad (\text{mynd 44})$$

Rekstrarkostnaður, C.

þús.kr

Viðhald	800
Umsjón	300
Rafm. o.fl.	400
Kol: $60 \times 10^6$ kWh á 0,93 kr/kWh	55.800
Fjármagnskostnaður: Annuitet, vextir 6%	
Afskriftatími 15 ár á þús.kr 27.300	2.400
Afskriftatími 20 ár á þús.kr 9.900	800
	-----
Samtals	60.500
	=====

Orkuverð kolaketils, C.

$$k_{K,C} = \frac{60.500.000 \text{ kr/ári}}{60.000.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{1,01 \text{ kr/kWh}}} \quad (\text{mynd 44})$$

### 13. Dieselstöð (rafmagn).

#### 13.1 Lýsing.

Rafveita Vestmannaeyja hefur í dag yfir að ráða sjö dieselrafstöðvum af stærðinni 600 kW til 800 kW hver, samtals 4,5 MW. Allar vélarnar eru af Caterpillargerð og eru tilbúnar án fyrirvara til gangsetningar og samfösunar inn á 11 kV háspennunet RV.

Vélunum er komið fyrir á þremur stöðum í bænum. Fimm vélar eru staðsettar í aðalstöðvum RV en tvær úti í bæ.

Útgangsspenna rafalanna er 0,4 kV, en millispennir sér um að spenna upp í 6/11 kV.

#### 13.2 Forsendur.

Fram til þessa hafa dieselvélarnar verið notaðar til að lækka greiðslumyndandi afltopp RV gagnvart RARIK, ásamt því að þjóna hlutverki vararafafls í Vestmannaeyjum. Greiðslumyndandi toppur RV gagnvart RARIK á árinu 1986 var 6,5 MW með nýtingartíma 5.785 stundir. Áætla má, að mesti samtíma afltoppur vegna rafhitunar sé um 2 MW, sem keyrður er niður með dieselvélunum án umtalsverðrar orkunotkuunar í olíu. Þegar FJAVE hefur yfirtekið allan rafhitunarmarkaðinn, má áætla að ávinningur dieselkeyrslunnar minnki til lækkunar á greiðslumyndandi rafaflstoppi.

Hvort heldur sem FJAVE byggir orkuframleiðslu sína á rafskautakatli eða varmadælum, á ótryggri orku frá LV, eða að hluta til ónýttri orku undir greiðslumyndandi afltoppi RV, þá er ljóst að möguleikar dieselvélanna til að auka hagkvæmni í heildarorkubúskap Vestmannaeyjakaupstaðar eru miklir. Verða þeir háðir gildandi orkuverði á hverjum tíma.

Heildarnýtni er áætluð 30% að jafnaði fyrir allar vélarnar.

#### 13.3 Hagkvæmni.

Með vísan til viðauka V,A-3 gefur hver lítri af dieselolíu 3,0 kWh raforku. Miðað við gildandi dieselolíuverð er hrár framleiðslukostnaður hverrar orkueiningar frá dieselvélum

$$k_D^* = 2,30 \text{ kr/kWh}$$

## 14. Ferjuflutningar á heitu vatni.

### 14.1 Lýsing.

Einn hugsanlegur valkostur í orkuöflun fyrir FJAVE er flutningur á heitu vatni úr landi, t.d. frá Þorlákshöfn. Yrðu flutningarnir að fara fram með sérstöku geymaskipi, sem eingöngu væri í heitavatns-siglingum á milli lands og Eyja, eða breytingar yrðu gerðar á Vestmannneyjaferju, þannig að hún gæti tekið fastan heitavatnsskammt í hverri ferð. Einnig kæmi til álita, að ferjan drægi á eftir sér þar til gerðan heitavatnsgeymi.

Hvaða leið sem fyrir valinu yrði, þyrfti umtalsverðan flutningsbúnað. Jafnframt krefðist þetta töluverðs búnaðar í höfnum bæði í landi og í Eyjum. Í báðum höfnum þyrfti að koma upp nokkuð öflugum dælubúnaði, sem annað gæti dælingu í og úr geymi ferjunnar á viðunandi skömmum tíma. Áætla verður, að þörf FJAVE við mesta álag sé um  $5.000 \text{ m}^3$  vatns á sólarhring. Dælubúnað og aðfærsluæð í landi þyrfti fyrir allt að 700 l/sek, ef dæla ætti því magni sem hér um ræðir á t.d. 2 tímum. Stærstu aðveituæðar nýrri og stærri hitaveitna eru gerðar fyrir um 500 l/sek rennsli.

### 14.2 Forsendur.

Ef nýta ætti heitt vatn úr landi frá skipi fyrir FJAVE, væri það unnt eftir tveimur leiðum, enda verði fyrst dælt úr skipi í þar til gerðan birgðageymi í Vestmannaeyjum. Í fyrsta lagi að opna bakrennslisrás dreifikerfisins þannig að vatn, sem runnið hefur í gegnum ofnakerfin, renni út úr dreifikerfinu um  $35^\circ\text{C}$  heitt. Í öðru lagi að koma upp varmaskiptabúnaði, sem nýtti varmann úr vatni frá birgðageyminum inn á lokaða hrингrás dreifikerfisins. Frá varmaskiptabúnaðinum rynni vatnið  $35^\circ\text{C}-40^\circ\text{C}$ . Teldist það slæm nýting á þeirri orku, sem í vatninu er og búið er að flytja til Eyja. Verður því að telja, að rekstur varmadælu til nýtingar vatnshita niður fyrir  $35^\circ\text{C}-40^\circ\text{C}$  þætti eðlileg ráðstöfun, hvor hinna tveggja leiða, sem valin yrði. Hefði slík viðbótarnýting á vatnshita þau áhrif, að minna þyrfti að koma af vatni úr landi á hverjum tíma, háð rekstri varmadælunnar.

### 14.3 Hagkvæmni.

Augljóst er að kostnaður við flutninga á heitu vatni úr landi er nokkuð umtalsverður. Áætla verður, að flutningskostnaður vatnsins verði hár vegna hins mikla rúmtaks og miklu þyngdar, sem flytja þarf.

Aukning í eldsneytiskostnaði ferjunnar af völdum heitavatnsflutninganna yrði umtalsverð.

Verð á heitu vatni í Þorlákshöfn úr núverandi kerfi er  $54,60 \text{ kr/m}^3$  en núverandi söluverð á heitu vatni í Vestmannaeyjum er  $57,20 \text{ kr/m}^3$  til notenda.

Miðað við aðra valkosti í orkuöflun fyrir FJAVE er hér ekki talin ástæða til frekari athugana á þessum orkuöflunarkostí.

## 15. Geymar.

### 15.1 Lýsing.

Geymar í hitaveitukerfum hafa að jafnaði tvíþættu hlutverki að qeqna. Þeir qeyma í sér varaforða af varma, sem hægt er að nota ef stöðvun verður á framleiðslu varma vegna bilunar í varmaframleiðslubúnaði eða vegna rofs á raforku til varmaframleiðslunnar. Stærð safnqeymisins ákvárdar það öryggi sem hann veitir notendum á truflanalausri varmaafhendingu í bilana- og roftilfellum.

Geymar eru einnig notaðir til að miðla heitu vatni við misjafnt álag. Í stað þess að fjárfesta í orkuframleiðslubúnaði sem framleitt getur mikil afli sem nýtist aðeins í skamman tíma eða að kaupa rafafli sem aðeins nýtist í skamman tíma, en krefst kostnaðarsamra línumbyggininga, er gengið á vatnsforða geymisins við mesta álag en safnað í hann aftur þegar álag minnkar. Slik miðlun er oft notuð til að jafna álag á raforkukerfi á milli dags og nætur.

Reynslan hefur sýnt, að súrefni úr andrúmsloftinu á auðvelt með að blandast vatni í qeymum í þeim mæli að tærinq í hitakerfum getur orðið umtalsverð. Mest hætta er í ofnakerfum húsa. Reynslan hefur sýnt að súrefnismagn af stærðarqráðunni 40-100 ppB ( g/l ) í vatni við 80°C getur valdið gegnumtæringu (pyttatæringu) í ofnakerfum á innan við tveimur árum.

Brennisteinsvetni ( $H_2S$ ), sem finnst í vatni margra hitaveitna og eyðir súrefni úr því, er ekki í hringrásarvatni FJAVE. Með blöndun súrefniseyðandi efna í vatnið, s.s. natriumsulfits ( $Na_2SO_3$ ), er hægt að draga nokkuð úr tæringu af völdum súrefnis. Áhrif þessara aðgerða verða meiri í ofnakerfum fjær íblöndunarstaðnum vegna þess tíma sem það tekur íblöndunarefnið að eyða súrefninu eftir að íblöndunin hefur farið fram.

### 15.2 Forsendur.

Mesta álag FJAVE ( $\hat{P}_{max}$ ) er 15 MW<sub>t</sub>, sem jafngildir um 90 l/sek rengsli miðað við 40°C hitafalli.<sup>3</sup> Heitavaatnspörf FJAVE er því um 325 m<sup>3</sup> á klukkustund og 4000 m<sup>3</sup> geymir innihéldi um 12 tíma varaforða við mesta álag, en hann jafnqildir tæplega 0,2 GWh. Er þá miðað við að bæði framrennslis- og bakrennslisstreymi kerfisins fari í gegnum sama geyminn. Vegna hitamunarins í geyminum helst hiti á framrásarvatni frá geyminum í þar til næst fullum qeymahita eða þar til skil þess hita og bakrásarhita kerfisins ná útstreymissstað geymisins. Þá

fellur framrásarhiti frá geyminum mjög fljótt í bakrásarhita kerfisins.

### 15.3 Kostnaður.

Miðað við það byggingarform sem tíðkast hefur hér á landi á geymum hitaveitna og að þeir séu úr stáli, er áætlaður byggingarkostnaður 4000 m<sup>3</sup> geymis, sem byggður yrði sjálfstæður, 6.000 kr á m<sup>3</sup>.

#### Stofnkostnaður.

	þús. kr
4000 m <sup>3</sup> geymir, uppsettur og frágenginn	24.000
Tengingar og breytingar á lögnum	4.000
Annað	2.000
<hr/>	
<u>Samtals kr. 30.000</u>	

Þar sem geymar eru ekki orkuframleiðslutæki, er ekki hægt að tala um hagkvænni í rekstri þeirra. Miðað við 25 ára afskriftatíma og 6% annuitetsvexti yrði árlegur fjármagnskostnaður af byggingu 4000 m<sup>3</sup> geymis þús. kr 2.400 á ári.

## 16. Samrekstur rafskautaketils og nýtingar á hraunhita.

Nokkurri óvissu er bundið í hve langan tíma hver áfangi dælingar úr hrauni muni vara. Má áætla, að um verði að ræða 2-5 ára tímabil. Ljóst er, að nýting núverandi varmaskiptabúnaðar á hrauni er ekki hagkvæm nema að ákveðnu reksturskostnaðarmarki. Áætlað er, að topphitun fari fram með rafskautakatli, en hún gæti t.d. farið fram með svartoliú eða kolum.

### 16.1 Heitt vatn úr hrauni og rafskautaketill.

Hér er áætlaður meðalframleiðslukostnaður hverrar orkueiningar við hraundælingu eingöngu, ásamt topphitun frá rafskautakatli yfir 9 ára tímabil. Áætlað er, að hver áfangi vari í 2 ár og að  $k_L$  sé 0,30 kr/kWh. IV. áfangi er látinna vara í 3 ár þannig að 9 ára áætlunar-tímabilinu verði náð.

Áfangi	Hlutf.	orku-framl.	Tíma-bil	Framl.-verð	Meðalverð
I.	60/60	2 ár	0,09 kr/kWh	0,09 kr/kWh	
II.	40/60	2 ár	0,13 kr/kWh		
II.	20/60	2 ár	0,36 kr/kWh	0,21 kr/kWh	
III.	40/60	2 ár	0,31 kr/kWh		
III.	20/60	2 ár	0,36 kr/kWh	0,33 kr/kWh	
IV.	30/60	3 ár	0,35 kr/kWh		
IV.	30/60	3 ár	0,36 kr/kWh	0,36 kr/kWh	

Meðalframleiðsluverð orkueiningar yfir 9 ára tímabil.

$$\underline{\underline{k_{HD,R} = 0,26 \text{ kr/kWh}}}$$

### 16.2 Heitt vatn úr hrauni, söfnun gufu og rafskautaketill.

Hér er áætlaður meðalframleiðslukostnaður frá samrekstri hraundælingar og gufusöfnunar á hrauni með topphitun frá rafskautakatli yfir 9 ára tímabil. Áætlað er nú, að hver áfangi vari í 3 ár vegna nýtingar gufu ásamt dælingu vatns úr hrauni og að  $k_L$  sé eins og áður 0,30 kr/kWh.

Reksturskostnaður samreksturs hraundælingar og gufusöfnunar miðast við að dæling úr hrauninu minnki í 2/3 hluta af því, sem hún annars væri.

Rekstrarkostnaður.

þús.kr

Dælingarkostnaður, 2/3 hlutar af þús.kr 1.800	1.200
Viðhald og umsjón	1.700
Fjármagnskostnaður	1.700
Breytingar á vinnslusvæðum	2.000
Viðhald á gufusöfnun o.fl.	1.500
Umsjón	300
<hr/>	
Samtals	8.400
<hr/>	

Meðalframleiðsluverð hverrar orkueiningar í I. og II. áfanga, þegar um samrekstur hraundælingar og gufusöfnunar yrði að ræða er:

$$\underline{k_{HD,HV,I}} = \frac{8.400.000 \text{ kr/ári}}{60.000.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{0,14 \text{ kr/kWh}}}$$

$$\underline{k_{HD,HV,II}} = \frac{8.400.000 \text{ kr/ári}}{40.000.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{0,21 \text{ kr/ári}}}$$

Áfangi	Hlutf.			Meðalverð
	orku-framl.	Tíma-bil	Framl.-verð	
I.	60/60	3 ár	0,14 kr/kWh	<u>0,14 kr/kWh</u>
II.	40/60	3 ár	0,21 kr/kWh	
II.	20/60	3 ár	0,36 kr/kWh	<u>0,26 kr/kWh</u>
III.	40/60	3 ár	0,31 kr/kWh	
III.	20/60	3 ár	0,36 kr/kWh	<u>0,33 kr/kWh</u>

Meðalframleiðsluverð orkueiningar yfir 9 ára tímabil, með dælingu og gufusöfnun:

$$\underline{\underline{k_{HD,HV,R} = 0,24 \text{ kr/kWh}}}$$

Miðað við áætlaðan tilkostnað af söfnun gufu og  $k_L = 0,30 \text{ kr/kWh}$  er ljóst, að heildarhagkvænni í framleiðslu fullrar orkuframleiðslu 60 GWh yfir 9 ára tímabil, er aðeins lítillega lægri eða 0,02 kr/kWh en þegar aðeins var dælt úr hrauni.

Á meðan tilkostnaður við gufusöfnun er lágur eða allt að 4,4 Mkr á ári miðað við  $k_L = 0,30 \text{ kr/kWh}$  er eðlilegt að hún sé nýtt. Jafnframt má áætla að nýting hennar stuðli að lengingu hvers áfangatímabils.

Á mynd 43 er áætlað meðalframleiðsluverð hverrar orkueiningar sýnt sem fall af tíma, þegar gengið er út frá því, sem svartsýnast verður að teljast, að tímabil hvers áfanga sé aðeins 3 ár með söfnun gufu.

Á mynd 42 er það sama sýnt, þegar viss bjartsýni er viðhofð og áætlað, að tímabil hvers áfanga verði 5 ár. Í báðum áætlunum er raforkuverðið  $k_L$  látið breytast frá því lægst áætlaða til þess hæst áætlaða, samanber myndir 44 og 45.

Af myndum 42 og 43 má sjá, að ef FJAVE velur hraundælingu til varmaframleiðslu, kemur tiltölulega fljótt að því, að viðbótarorkugjafi s.s rafskautaketill þurfi að koma til, vegna stöðugt minnkandi orku úr hrauninu. Jafnframt má sjá, að eftir því sem tímar líða, skiptir meira máli hvert raforkuverð til rafskautaketils verður. Þarf því fljótt að tryggja samning um afhendingu afgangsorku á viðunandi verði.

### 16.3 Hraunhiti, varmadæla og rafskautaketill.

Á mynd 25 er sýnd áætlun um hita vatns úr hrauninu. Áætlað er, að þegar hiti á vatni úr hrauninu er fallinn niður fyrir  $60^\circ\text{C}$ , þá verði gufusöfnunin ekki lengur nýtt.

Ef miðað er við að dæling á vatni úr hrauninu verði ekki aukin þrátt fyrir lækkandi vatnshita úr hrauninu, minnkar sá varmi, sem nýtist fyrir dreifikerfi FJAVE. Þegar vatnshiti úr hrauninu hefur fallið niður í  $60^\circ\text{C}$ , er áætlað að setja upp varmadælur í dælustöð, sem keldu  $40^\circ\text{C}$  heita hraunvatnið frá varmaskiptunum niður í  $15^\circ\text{C}$ . Við það nýttist um  $35^\circ\text{C}$  hitafall úr hraunvatninu til varmagjafar fyrir FJAVE, sjá mynd 39. Áætlað er að nú verði settir upp nýir varmaskiptar í dælustöðinni. Er þessi tilhögun sýnd í kafla 16.4.3, rekstrarform, III.-áfangi.

Þegar hraunvatnshiti hefur fallið niður í  $40^\circ\text{C}$  verður varmaskiptirinn í dælustöðinni óvirkur og hraunvatninu eftir það veitt beint til kælingar í varmadælunni. Með 25 l/sek dælingu af  $40^\circ\text{C}$  heitu vatni úr hrauninu fengist þannig 30 GWh varmi á ári fyrir FJAVE. Er þessi tilhögun sýnd í kafla 16.4.4, rekstrarform, IV.-áfangi.

Með rekstri varmadælnanna er áætlað, að rafskautaketill framleiði þann varma, sem FJAVE þarfnað umfram þann varma, sem hraunvatnið gefur eða allt að 30 GWh á ári.

#### 16.4 Áfangaskipti í samrekstri.

Þótt gert sé ráð fyrir, að samrekstur gufusöfnunar verði valinn til öflunar á orku, er ljóst að það rekstrarform verður aðeins tímabundið, háð hitastigi á vatninu úr hrauninu samkvæmt mynd 25. Með þessu móti er unnt að anna allri orkuþörf FJAVE í I.-áfanga.

Eftir I.-áfanga verður að koma til "viðbótarorkugjafi". Hlutdeild þessa orkugjafa í heildarframleiðslunni mun aukast eftir því sem hraunvatnshitinn fellur. Með því að taka í rekstur  $3,5 \text{ MW}_t$  varmadælu eftir II.-áfanga, til enn frekari nýtingar hraunhitans er áætlað, að hlutdeild framangreinds "viðbótarorkugjafa" aukist úr 20 GWh í 30 GWh á ári eftir III.-áfanga. Eftir IV.-áfanga er áætlað, að ekki verði hagkvæmt að nýta hraunhitann lengur. Þá verður "viðbótarorkugjafinn" alls ráðandi í orkuframleiðslu FJAVE.


Sá "viðbótarorkugjafi" sem hér um ræðir, gæti t.d. verið rafskautaketill, svartolíuketill eða kolaketill. Ljóst er, að hann þarf að geta annað tiltölulega miklu afli strax eftir I.-áfanga eða allt að  $8-10 \text{ MW}_t$ , þótt orkuframleiðsla hans þurfi ekki að vera yfir 20 GWh á ári. Eftir IV.-áfanga þarf hann að geta annað  $18-20 \text{ MW}_t$  afli og framleitt um 60 GWh á ári.

Hér á eftir er sýnt í myndum yfirlit yfir áætlað rekstrarform hvers áfanga miðað við að hraundæling og gufusöfnun verði samnýtt, og áætlað er að viðbótarorkugjafinn verði rafskautaketill. Áætlað er, að hver áfangi vari í 2-5 ár.

Á meðan hraunvatnshiti helst yfir  $60^\circ\text{C}$ , er áætlað að dæla öllu bakrásarvatni dreifikerfisins upp á hraun eins og nú er gert og hita það þar upp í varmaskiptum samanber I.- og II.-áfanga. Hraunvatni verður eftir kælingu í varmaskiptum, veitt aftur út á hraunið til að drýgja vatnsforðann þar.

##### 16.4.1 Rekstrarform, I.-áfangi.


Áætlað er, að á þessu tímabili megi dæla úr hrauninu  $90^\circ\text{C}-100^\circ\text{C}$  heitu vatni og nýting þess vatns með gufusöfnun anni allri orkuþörf FJAVE, 60 GWh á ári. Áætlað er, að þetta rekstrarform haldist í 2-5 ár, mynd 37.



Mynd 37. Rekstrarform, I.-áfangi.

#### 16.4.2 Rekstrarform, II.-áfangi.


Aætlað er, að á þessu tímibili megi dæla úr hrauninu 60 °C-90 °C heituvatni, sem með gufusöfnun getur annað 40 GWh orkuframleiðslu á ári. 20 GWh verði framleiddar með rafskautakatli, mynd 38.



Mynd 38. Rekstrarform, II.-áfangi.

#### 16.4.3 Rekstrarform, III.-áfangi.

Áætlað er á þessu tímabili, að hraunvatnshiti hafi fallið niður í  $40^{\circ}\text{C}$ - $60^{\circ}\text{C}$  og að ekki þyki lengur hagkvæmt að reka gufusöfnunina. Sett verði upp  $3,5 \text{ MW}_t$  varmadæla, sem nýti hraunvatnshitann úr  $40^{\circ}\text{C}$  niður í  $15^{\circ}\text{C}$  og anni  $30 \text{ GWh}$  orkuframleiðslu á ári. Svo lengi sem hraunvatnshitinn helst yfir  $40^{\circ}\text{C}$  er áætlað, að nýting þess hita fari fram með varmaskipti, sem staðsettur verði í dælustöð FJAVE. Eftir kælingu í varmadælu verði vatni frá hrauninu veitt til sjávar, mynd 39.




Mynd 39. Rekstrarform, III.-áfangi.

#### 16.4.4 Rekstrarform, IV.-áfangi.

Áætlað er á þessu tímabili, að hraunvatnshiti hafi fallið niður í  $40^{\circ}\text{C}$  og rekstri varmaskiptis í dælustöð verði hætt. Orkuframleiðsla varmadælu verður áfram  $30 \text{ GWh}$ , en  $30 \text{ GWh}$  verða nú framleiddar með rafskautakatli, mynd 40.


Nokkrar líkur eru til þess, vegna hins mikla varmaforða í hrauninu, að með dælingu úr því megi í mjög langan tíma ná allt að  $40^{\circ}\text{C}$  heitu vatni.



Mynd 40. Rekstrarform, IV.-áfangi.

#### 16.4.5 Rekstrarform, V.-áfangi.

Á þessu tímabili er áætlað, að ekki þyki lengur hagkvæmnt að nýta hraunvatnshitann og mun þá rafskautaketillinn yfirtaka alla orkuframleiðslu FJAVE, 60 GWh á ári, mynd 41.




Mynd 41. Rekstrarform, V.-áfangi.


JHD-SK-8000-WVS  
87.03.0272-SL

## ÁÆTLAÐ FRAMLEIÐSLUVERÐ ORKU

### A. Lengri ending hraunvarma



Mynd 42. Áætlað orkuverð samnýtingar gufuvarmaskipta á hrauni og hraundælingar. Lengri ending hraunvarma.



Mynd 43. Áætlað orkuverð samnýtingar gufuvarmaskipta á hrauni og hraundælingar. Skemmi ending hraunvarma.

## 17. Samanburður á hagkvænni orkugjafa.

### 17.1 Hagkvænni einstakra orkugjafa.

Á mynd 44 er sýndur samanburður á framleiðsluverði orku frá mismunandi orkugjöfum. Á myndinni er hver orkugjafi sjálfstæður, óháð því hve stórum hluta af heildarþörf FJAVE hann getur fullnægt og í hve langan tíma. Þar sem ekki hefur verið samið um raforkuverð fyrir FJAVE, en hagkvænni einstakra orkugjafa er mismunandi háð raforkuverðinu, er valið að kalla raforkuverðið  $k_L$  [kr/kWh] og láta það breytast. Áætlað er, að lægsta hugsanlega verð verði 0,235 kr/kWh, en hæsta verð 0,45 kr/kWh. Er þetta svið sýnt strikað á mynd 44.

Telja verður, að miðað við útsöluverð orkueiningarinnar frá FJAVE, með eða án niðurgreiðslu bæjarsjóðs Vestmannaeyja, og aðra þá valkosti, sem fyrir hendi eru, sé framleiðsla orku frá vindorkuverum, kolavökvatli, sorpbrennsluveri, miðað við að full fjármögnun og rekstur sé á hendi FJAVE, og frá svartoliukatli í einhverjum verulegum mæli, ekki nægilega hagkvæmar orkuöflunarleiðir.


Rafskautaketill til framleiðslu á allri orkubörf FJAVE kemur vart til greina nema raforkuverðið sé  $k_L = 0,235$  kr/kWh eða lægra. Rafskautaketill, sem framleiddi hluta af orkubörf FJAVE ásamt öðrum hagkvæmari orkugjafa, þyldi hærra raforkuverð.

Hagkvænni varmadælna (30 GWh) hvort heldur þær nýta varma úr hrauninu eða sjónum er nokkuð háð raforkuverðinu. Sjávarvarmadælan er meira háð því vegna lægri Cop-stuðuls, en heildarrekstrarkostnaður varmadælu, sem nýtti hraunhitann, er meiri vegna áætlaðs tiltölulega hás kostnaðar við rekstur gufusöfnunarinnar. Stór varmadæla, sem nýtti varma úr sjónum og framleiddi allt að 55 GWh á ári, er hagkvæmari sem sjálfstæð rekstrareining en hinrar tvær áðurnefndu, þar til raforkuverð er orðið mjög lágt. Sýnir þetta, hve mikil auðlind Golfstraumurinn getur verið við Vestmannaeyjar. Óvist er, hvort annars staðar við strendur Íslands gæti orðið um jafn hagkvæman varmadælurekstur að ræða.

Varmaframleiðsla með kolum miðað við núverandi verðlag á þeim, er mjög samkeppnisfær við aðra varmagjafa. Raforkuverðið má ekki fara yfir um 0,30 kr/kWh til að rekstur kolaketils sé ekki hagkvæmari en rekstur rafskautaketils. Ef hinsvegar varmaframleiðsla ætti að fara fram með kolum í Vestmannaeyjum, sem ekki er fráleit hugmynd, væri ástæða til að kanna nánar möguleika þess að framleiða þá bæði raforku fyrir RV og varma fyrir FJAVE með kolum.

Nýting varma frá sorpbrennsluveri er athyglisverður möguleiki fyrir Vestmannaeyjar. Þar sem það er ekki hlutverk FJAVE að annast sorp-eyðingu, fer það eftir samningum FJAVE við rekstraraðila sorpbrennsluversins sem væntanlega yrði bæjarsjóður Vestmannaeyja, hve hagkvæmt það væri fyrir FJAVE að nýta þann varma. Á mynd 44 er sýnt hvernig hagkvæmni sorpbrennsluvers liti út fyrir FJAVE, ef FJAVE stæði undir helmingi af heildarstofnkostnaði sorpbrennsluversins og fengi síðan að nýta varmann frá því, þegar það væri í rekstri. Rekstur sorpbrennslunnar yrði í höndum bæjarsjóðs Vestmannaeyja.

Miðað við áætlanir um endingu hraunhitans og möguleika þess að dæla heitu vatni úr hrauninu til nýtingar fyrir FJAVE, virðist sú orkuöflunarleið vera hagkvæmust miðað við aðra valkosti. Yrði hér aðeins um tímabundna orkuöflunarleið að ræða, háð því hve hratt það vatn (sjór) myndi kólna, sem dælt yrði úr hrauninu. Þarf því að leita strax í upphafi að stöðugum framtíðar orkugjafa fyrir FJAVE, sem kæmi inn í rekstur veitunnar í auknum mæli eftir því sem tímar líða og hraunhitinn þverr.



Mynd 44. Samanburður á hagkvænni einstakra orkugjafa.

## 17.2 Hagkvænni í samrekstri orkugjafa.

Framtíðarorkuöflun (framleiðsla) FJAVE gæti byggst á samrekstri fleiri orkugjafa. Aflgeta veitunnar þarf að vera 18 MW<sub>t</sub>, orkuframleiðsla 60 GWh á ári og framráshiti dreifikerfis allt að 80°C.

Eftir að hraundælingu lýkur eða hraunvatnshiti hefur fallið niður í um 40°C, er á mynd 45 sýnt, hvaða leiðir gætu mætt orkuþörf FJAVE til lengri tíma.


Má þar fyrst nefna varmaframleiðslu með svartolíu eða kolum. Miðað við nágildandi verð er framleiðslan með kolum mun hagkvæmari eða 0,36 kr/kWh á móti 0,65 kr/kWh.

Hagkvænni rafskautaketils er mjög háð væntanlegu verði ótryggrar raforku. Verður rekstur hans óhagkvæmari en kolarekstur þegar raforkuverðið fer yfir um 0,30 kr/kWh.

Stór sjávarvarmadæla, sem framleitt gæti allt að 55 GWh á ári, þar sem svartolia yrði notuð til framleiðslu á þeim 5 GWh, sem á vantaði á ári, verður hagkvæmari í rekstri en framleiðsla með kolum eða rafmagni þegar raforkuverðið fer yfir um 0,33 kr/kWh. Hagkvæmara yrði að framleiða 55 GWh með varmadælu, sem nýtti 40°C heitt vatn frá hrauninu. Vegna óvissunnar um í hve langan tíma unnt yrði að dæla svo miklu vatni úr hrauninu, er sá kostur ekki skoðaður. Af fenginni reynslu má ætla, að 7,5 MW<sub>t</sub> varmadæla (skrúfudæla) sé ódýrari en jafn stór varmadæla (hvírfildæla) eins og sú sem hér er reiknað með.

Varmadæla, sem nýtti 40°C vatnshita og framleiddi 30 GWh á ári, og rafskautaketill, sem yrði látinna framleiða annað eins, eða samtals 60 GWh, verður óhagkvæmari en stór sjávarvarmadæla að viðbættri svartolíu, þegar raforkuverðið fer yfir um 0,23 kr/kWh. Áætlað er, að ná megi volgu vatni til þessa varmadælureksturs í Vestmannaeyjum um langt árabil.

Augljóst er, að það raforkuverð, sem FJAVE verður á endanum boðið til þeirrar framleiðslu, sem hér um ræðir, hefur úrslitaáhrif á það, hvaða orkuöflunarleiðir verða hagkvæmestar fyrir FJAVE til lengri tíma litið.



Mynd 45. Langtíma orkuöflunarkostir FJAVE.

### 17.3 Samrekstur raforku- og varmaframleiðslu.

Í umfjöllun um mögulegt afgangsorkuverð til FJAVE í Vestmannaeyjum og í ljósi þeirrar staðreyndar, að fullur rafskautaketilsrekstur í Eyjum allt að 18 MW<sub>t</sub> krefst umtalsverðra breytinga í raforkuflutningskerfinu, allt frá dælustöð og upp í Búrfell, kom upp sú hugmynd að, sjálfstæðu raforkuveri yrði komið upp í Vestmannaeyjum.

Raforkuverið yrði knúið með olíu og/eða kolum, háð verði þeirra orku-gjafa á hverjum tíma. Verið mundi fullnægja allri raforkupörf Vestmannaeyjakaupstaðar ásamt því að framleiða allan nauðsynlegan varma fyrir FJAVE. Við þetta rekstrarform mundi RARIK/LV missa öll forgangsraforkuviðskipti við Vestmannaeyjar, sem eru um 65 Mkr á ári og hugsanlega afgangsorkusölu til FJAVE upp á um 15 Mkr, eða samtals viðskipti upp á um 80 Mkr.

Einnig væri hugsanlegt, að LV setti upp og ræki slíkt orkuver í Vestmannaeyjum og seldi síðan RV alla þá raforku, sem hún þyrfti, og FJAVE þann varma, er hún þyrfti. Tengingin til lands þjónaði eftir það hlutverki varatengingar. Geta má þess, að mjög algengt er erlendis, að slík orkuver séu rekin með góðum árangri og byggir stór hluti hitaveitna á norðurlöndum á þessu rekstrarformi. Það orkuver, sem hér um ræðir, er mjög lítið miðað við þau sem algengust eru í rekstri í dag.

Leitað hefur verið upplýsinga um verð slíks orkuvers, sem framleiddi allt að 10 MW<sub>e</sub> rafafl og allt að 20 MW<sub>t</sub> varmaafl. Á þeim tíma, sem þessari athugun var gefinn, reyndist ekki unnt að afla nægilegra eða nógum markvissra gagna um rekstur þessara orkuvera.


Reynslutölum frá Bretlandi, Danmörku og Svíþjóð ber vel saman um framleiðslukostnað hverrar raforkueiningar frá nýjum verum af þessari gerð, en hann er um 1,80 kr/kWh. Til viðbótar raforkunni fengist varminn án hlutfallslega mikils tilkostnaðar. Meðalforgangsorkuverð RARIK til RV er í dag um 1,68 kr/kWh. Þar að auki keyra RV, FIVE og tvö frystihús niður toppinn í Eyjum með dieselvélum á 2,30 kr/kWh (hrátt). Í viðræðum við RARIK hefur komið fram, að þrátt fyrir framangreint meðalforgangsorkuverð til Vestmannaeyja, séu viðskipti RARIK við RV ekki hagstæð fyrir RARIK vegna þess búnaðar og þeirrar vegalengdar sem flytja verður orkuna.

### 17.4 Samrekstur FJAVE, RV, og raforku- og gufuframleiðslu iðnfyrirtækja.

Fiskimjölsverksmiðjur nota mikla raforku. Mesta rafaflsþörf FIVE er um 1 MW<sub>e</sub>. Framleiðir FIVE sjálf 0,5 MW<sub>e</sub> (500 kW<sub>t</sub>) með dieselvélum fyrir 2,30 krónur á hverja kWh (hrátt). Aðeins tækniráðgjafa verksmiðjanna er dieselframleiðslan FIVE mjög kostnaðarsöm.

Fyrir dyrum stendur að breyta vinnsluaðferð annarrar verksmiðjunnar og auka gufuframleiðsluna verulega. Krefst sú breyting m.a. nýs búnaðar til gufuframleiðslu.

Fram hafa komið hugmyndir um að samvinnu yrði komið á milli FJAVE, FIVE og FES þannig að FJAVE setti upp og ræki framangreindan gufuketil, sem ástæða væri að hafa háþrýstan, þannig að fyrst yrði gufan notuð til raforkuframleiðslu, sem a.m.k. fullnægði rafaflsþörf bæði FIVE og FES. Sá nýtanlegi varmi, sem eftir væri í gufunni, yrði nýttur í þremur varmaskiptum, sem FJAVE einnig ætti og ræki. Þeir mundu framleiða þá gufu sem bæði FIVE og FES þörfnuðust og skila varma beint inn á dreifikerfi FJAVE. FJAVE yrði þannig framleiðandi bæði rafmagns og gufu, sem hún seldi verksmiðjunum, ásamt því að framleiða varma til eigin nota. Framleiðsla gufunar gæti farið fram hvort heldur er með kolum eða svartolíu.



Mynd 46. Framleiðsla á raforku og varma.

Á mynd 46 er sýnt á mjög einfaldaðan hátt, hvernig orkuframleiðslurás FJAVE gæti orðið, ef hagkvæmt þætti og samningar næðust.

lausleg athugun bendir til þess, að hér geti verið um hagkvæmt og athyglisvert rekstrarform að ræða, sem full ástæða væri að taka upp til umfjöllunar á milli hlutaðeigandi aðila. Gæti hér jafnframt orðið um glæsilegt íslenskt fordæmi að ræða um samvinnu bæjarfélags og stórra iðnfyrirtækja um samnýtingu og framleiðslu orku.

## HEIMILDASKRÁ.

Á þeim skamma tíma sem nefndinni var gefinn til þessarar athugunar, má ljóst vera að þörf var skjótra viðbragða þeirra sem til var leitað, einkum hvað varðar verðtilboð og upplýsingar um búnað.

Sérstaklega skal eftirtöldum aðilum og umboðsaðilum þeirra þökkuð góð viðbrögð:

Sabroe A/S, Danmörku  
Stal-Laval A.B., Svíþjóð  
Danstoker A/S, Danmörku  
Vølund A/S, Danmörku  
Bræðurnir Ormsson h/f, R.  
Vélsmiðja Orms og Víglundar h/f, R.  
Verkfræðibjónusta J.H.M., R.  
Jarðboranir h/f, R.

Helstu skriflegu heimildir eru eftirfarandi:

1. Ársreikningar FJAVE árin 1985 og 1986.
2. Áætlun RARIK dags. 30.01.87, um flutningskostnað á afg.orku til Eyja.
3. Rekstraráætlun FJAVE til 10 og 20 ára, Frumáætlun 1.  
Raunv.st. Hásk. o.fl. 1982.
4. Samanburður á hagkvæmni orkugjafa til húshitunar.  
Rannsóknarnefnd hitunarmála 1987.
5. Raforkuspá 1985-2015, orkuspárnefnd 1985.
6. Sorpmál í Vestmanneyjum, bæjartæknifræðingurinn í Vestmannaeyjum 1978.
7. Breyting á sölufyrirkomulagi Hitaveitu Akureyrar, aðalfundur S.I.H.1986.
8. Framkvæmdaáætlun RARIK 1987 og 1988, júní 1986.
9. Power from Coal, IME London 1979.
10. Hraunhitaveitan í Vestmannaeyjum, sveitarstjórnarmál 2. tbl. 1984.
11. I/S Nordforbrænding, driftsrapport 1982.
12. Um endingu hraunhitans, Sveinbjörn Björnsson o.fl. 1986.
13. Hafísinn, AB 1969.
14. Möguleikar á vinnslu úr borholu í Vestmannaeyjum, Orkustofnun GAX, 1987.
15. Áætlun RARIK á skerðingu vatnsorku til varmaveitna 1987-2006.
16. Vindkraftens kostnader, Nordel 1986.
17. Um húshitun á Íslandi, Jóhannes Zoëga, tímarit V.F.Í. nr. 1, 1976.



## C. VIDAUKAR





18.1 Viðauki A, forsendur.

- V,A-1. Umreikningur afsl og orkueininga
- V,A-2. Gjaldskrár orkufyrirtækja 1. jan. '87
- V,A-3. Orkuverðsforsendur 1. jan. '87
- V,A-4. Útreikningur á orkuverði til upphitunar
- V,A-5. Útreikningur á varmaafli og varma

Umreikningur afsl og orkueininga.

Eðlisþyngd vatns = 1

$$1 \text{ m}^3_v = 1.000 \text{ lítrar} = 1 \text{ tonn} = 1.000.000 \text{ g} = 10^6 \text{ g} = 1 \text{ Mg}$$

Kæling á 1 m<sup>3</sup> vatns um 1°C gefur því:

$$1.000.000 \text{ cal} = 10^6 \text{ cal} = 1 \text{ Mcal}$$

$$1.000 \text{ cal} = 1 \text{ Cal} = 1 \text{ kcal}$$

$$1.000.000 \text{ cal} = 1.000 \text{ kcal} = 1 \text{ Mcal}$$

$$1.000.000 \text{ Mcal} = 1.000 \text{ Gcal} = 1 \text{ Tcal}$$

$$T = \text{Tera (trilljón)} = 1.000.000.000.000 = 10^{12}$$

$$G = \text{Gíga (billjón)} = 1.000.000.000 = 10^9$$

$$M = \text{Mega (milljón)} = 1.000.000 = 10^6$$

$$k = \text{kíló (þúsund)} = 1.000 = 10^3$$

Orkueining: Wattstund (Wh) eða cal (caloría)

Afleining: Watt (W) eða cal/h (caloría á klukkustund)

Orka = afl × stundir = Wh eða cal/h × h = cal

$$\begin{aligned} \text{kcal/h} \times 1,16 &= W (\text{Wött}) \\ \text{kcal} \times 1,16 &= Wh (\text{Wattstundir}) \end{aligned}$$

$$\begin{aligned} 1 \text{ kW} &= 1 \text{ kJ/s} \\ 1 \text{ kW} &= 860 \text{ kcal/h} \\ 1 \text{ MW} &= 0,86 \text{ Gcal/h} \\ 1 \text{ kcal/h} &= 1,163 \times 10^{-3} \text{ kW} \\ 1 \text{ Gcal/h} &= 1,163 \text{ MW} \end{aligned}$$

$$\begin{aligned} 1 \text{ kWh} &= 3,6 \times 10^6 \text{ J} \\ 1 \text{ kWh} &= 860 \text{ kcal} \\ 1 \text{ MWh} &= 0,86 \text{ Gcal} \\ 1 \text{ kcal} &= 1,163 \times 10^{-3} \text{ kWh} \\ 1 \text{ Gcal} &= 1,163 \text{ MWh} \\ 1 \text{ Gcal} &= 4,187 \text{ GJ} \\ 1 \text{ GJ} &= 0,239 \text{ Gcal} \\ 1 \text{ TJ} &= 239 \text{ Gcal} \end{aligned}$$

V,A-2

Gjaldskrár orkufyrirtækja í jan. 1987

Gjaldskrá Landsvirkjunar

Afgangsorka (ótrygg orka)  $k_L = 0,235 \text{ kr/kWh}$   
=====

Gjaldskrá RARIK

Orka v/nýtingar afsl yfir 4.000 h  $k_N = 0,376 \text{ kr/kWh}$   
=====

Gjaldskrá FJAVE

Orka (rúmmetragjald, gjaldskrárverð)	$57,20 \text{ kr/m}^3$
Fastagjald	4222 kr/ári
(Niðurgreiðsla bæjarsjóðs Vestmannaeyja	$4,40 \text{ kr/m}^3$ )

Gjaldskrá Rafveitu Vestmannaeyja (daghitun)

Orkugjald	1,03 kr/kWh
Mælaleiga	1.558 kr/ári

V,A-3,1

Orkuverðsforsendur, jan. 1987.

Gasolia:

Brennslugildi	10.000 kcal/kg
Eðlisþyngd	0,84 kg/l
Nýting í katli	0,65
	10.000 kcal/kgx0,84 kg/lx0,65
1 l gasolia	= 6,35 kWh/l
	860 kcal/kWh
	=====

Orkuverð gasolíu.

Frá bíl 6,90 kr/l

$$\frac{k_G^*}{=} = \frac{6,90 \text{ kr/l}}{6,35 \text{ kWh/l}} = \underline{\underline{1,09 \text{ kr/kWh}}}$$

Svartolia:

Brennslugildi	9.870 kcal/kg
Eðlisþyngd	0,938 kg/l
Nýting í katli	0,88

$$1 \text{ l svartolia: } \frac{9,870 \text{ kcal/kg} \times 0,938 \text{ kg/l} \times 0,88}{860 \text{ kcal/kWh}} = \underline{\underline{9,47 \text{ kWh/l}}} \quad =====$$

Orkuverð svartolíu.

Frá bíl 5,77 kr/l

$$\frac{k_0^*}{=} = \frac{5,77 \text{ kr/l}}{9,47 \text{ kWh/l}} = \underline{\underline{0,61 \text{ kr/kWh}}}$$

V,A-3,2

Kol:

Brennslugildi, kolavökvi	$22,00 \times 10^6$	J/kg
Brennslugildi, kol	$29,75 \times 10^6$	J/kg
Nýting í katli	88%	

$$\begin{array}{l} 1 \text{ kg kol:} \\ \hline \end{array} \quad \begin{array}{l} 29,75 \times 10^6 \text{ J/kg} \times 0,88 \\ \hline 3,6 \times 10^6 \text{ J/kWh} \end{array} \quad \begin{array}{l} = 7,3 \text{ kWh/kg} \\ \hline \end{array}$$

$$\begin{array}{l} 1 \text{ kg kolavökvi:} \\ \hline \end{array} \quad \begin{array}{l} 22,00 \times 10^6 \text{ J/kg} \times 0,88 \\ \hline 3,6 \times 10^6 \text{ J/kWh} \end{array} \quad \begin{array}{l} = 5,4 \text{ kWh/kg} \\ \hline \end{array}$$

Orkuverð kola.

Frá skipi í Vestmannaeyjum,  
2.150 kr/tonn

$$\begin{array}{l} k_K^* = \frac{2,15 \text{ kr/kg}}{7,3 \text{ kWh/kg}} \\ \hline \end{array} \quad \begin{array}{l} = 0,29 \text{ kr/kWh} \\ \hline \end{array}$$

Orkuverð kolavökva.

Frá skipi í Vestmannaeyjum,  
5.000 kr/tonn

$$\begin{array}{l} k_C^* = \frac{5,00 \text{ kr/kg}}{5,4 \text{ kWh/kg}} \\ \hline \end{array} \quad \begin{array}{l} = 0,93 \text{ kr/kWh} \\ \hline \end{array}$$

Dieselvélar:

Brennslugildi	$10.000 \text{ kcal/kg}$
Eðlisþyngd	$0,84 \text{ kg/l}$
Nýtni í vélum	30%

$$\begin{array}{l} 1 \text{ l gasolia:} \\ \hline \end{array} \quad \begin{array}{l} 10.000 \text{ kcal/kg} \times 0,84 \text{ kg/l} \times 0,3 \\ \hline 860 \text{ kcal/kWh} \end{array} \quad \begin{array}{l} = 3 \text{ kWh/l} \\ \hline \end{array}$$

Orkuverð dieselvélá.

Frá bíl, 6,90 kr/l

$$\begin{array}{l} K_D^* = \frac{6,90 \text{ kr/l}}{3,0 \text{ kWh/l}} \\ \hline \end{array} \quad \begin{array}{l} = 2,30 \text{ kr/kWh} \\ \hline \end{array}$$

V,A-4,1

Útreikningur á orkuverði til upphitunar.

Forsendur:	Hússtærð	400 $m^3$ h
	Orkunotkun	80 kWh/ $m^3$ /ári
	Mesta afl	20 W/ $m^3$ h
	Hitafall ofnakerfa	40°C
	Olíunotkun	12,6 l/ $m^3$ /ári
	Raforkunotkun v/olíuk.	3.000 kr/ári
	Orkuþörf 400 $m^3$ h húsnæðis	32.000 kWh/ári

Olía:

$$\text{Orka: } 400 \frac{m^3}{h} \times 13 \frac{l}{m^3}/\text{ári} \times 6,90 \text{ kr/l} = 34.776 \text{ kr/ári}$$

$$\text{Rafmagn: } 3.000 \text{ - " - }$$

$$\underline{\underline{\text{Samtals } 34.776 \text{ kr/ári}}}$$

$$\text{Orkuverð } k_0 = \frac{37.776 \text{ kr/ári}}{32.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{1,18 \text{ kr/kWh}}}$$

FJAVE, án niðurgreiðslu bæjarsjóðs, A.

$$\text{Orka: } 689 \frac{m^3}{V}/\text{ári} \times 57.20 \text{ kr}/\frac{m^3}{V} = 39.411 \text{ kr /ári}$$

$$\text{Fastagjald: } 4.422 \text{ kr/ári} = 4.422 \text{ - " - }$$

$$\underline{\underline{\text{Samtals } 43.833 \text{ kr/ári}}}$$

$$\text{Orkuverð } k_{FJ,A} = \frac{43.833 \text{ kr/ári}}{32.000 \text{ kWh/ári}} = \underline{\underline{1,37 \text{ kr/kWh}}}$$

V,A-4,2

FJAVE, með niðurgreiðslu bæjarsjóðs, B.

Orka:  $689 \text{ m}_V^3 / \text{ári} \times 61,60 \text{ kr/m}_V^3$   $42.442. \text{ kr/ári}$

Fastagjald:  $4.422 \text{ kr/ári}$   $4.422 \text{ - " - }$

Samtals  $46.864 \text{ kr/ári}$

$46.864 \text{ kr/ári}$

Orkuverð  $k_{FJ,B}$  =  $\frac{46.864}{32.000 \text{ kr/kWh}}$  =  $1,46 \text{ kr/kWh}$

Daghitun RV:

Orka:  $32.000 \text{ kWh/ári} \times 1,03 \text{ kr/kWh}$   $32.960 \text{ kr/ári}$

Mælaleiga:  $1.558 \text{ kr/ári}$   $1.558 \text{ - " - }$

Samtals  $34.518 \text{ kr/ári}$

$34.518 \text{ kr/ári}$

Orkuverð  $k_R$  =  $\frac{34.518}{32.000 \text{ kWh/ári}}$  =  $1,08 \text{ kr/kWh}$

Samanburður á orkuverði til upphitunar húsa

í Vestmannaeyjum, miðað við  $400 \text{ m}^3$  hússtærð

Olía (gasolía):  $1,18 \text{ kr/kWh}$  100%

Hitaveita (FJAVE,A):  $1,37 \text{ kr/kWh}$  116%

Hitaveita (FJAVE,B):  $1,46 \text{ kr/kWh}$  124%

Rafmagn (RV)  $1,08 \text{ kr/kWh}$  91%

V,A-5

Útreikningur á varmaafli og varma

Miðað við  $40^{\circ}\text{C}$  hitafall (kælingu).  $\Delta t = 40^{\circ}\text{C}$

a. Orkuinnihald  $1 \text{ m}^3$  af vatni.

$$\begin{aligned} Q &= 1.000.000 \text{g} \times 40^{\circ}\text{C} &=& 40.000.000 \text{ cal} \\ &&=& 40.000 \text{ kcal} \\ Q &= 40.000 \text{ kcal} \times 1,16 &=& 46.400 \text{ Wh} \\ &&=& 46,4 \text{ kWh} \\ &&&===== \end{aligned}$$

M.ö.o.

Þegar  $1 \text{ m}^3$  vatns er kældur um  $40^{\circ}\text{C}$ , þá fæst 46,4 kWh orka til hitunar.

b. Aflgeta  $1 \text{l/mín}$  vatnsskammts.

$$\begin{aligned} P &= 1.000 \text{ g/mín} \times 60 \text{ mín/h} \times 40^{\circ}\text{C} &=& 2.400.000 \text{ cal/h} \\ &&=& 2.400 \text{ kcal/h} \\ P &= 2.400 \text{ kcal/h} \times 1,16 &=& 2.784 \text{ W}_t \\ &&=& 2,8 \text{ kW}_t \\ &&&===== \end{aligned}$$

M.ö.o.

Innstilling á  $1 \text{l/mín}$  af vatni veitir aðgang að  $2,8 \text{ kW}_t$  varmaafli þegar vatnið er kælt um  $40^{\circ}\text{C}$ .

Hér hefur ekki verið tekið tillit til þess, að eðlismassi vatns breytist með hita. Einn  $\text{m}^3$  vatns er 1000 kg við  $4^{\circ}\text{C}$ , 983 kg við  $60^{\circ}\text{C}$  og 965 kg við  $90^{\circ}\text{C}$ .

$$\begin{aligned} \Delta V &= \beta_v \times V_0 \times \Delta t \\ \beta_v &= 2,1 \times 10^{-4} / ^{\circ}\text{C} \quad (\text{rúmpenslustuðull vatns}) \end{aligned}$$

18.2 Viðauki B, töflur.

- V,B-1. Tafla yfir framleitt meðalafl FJAVE árin 1985 og 1986  
V,B-2. Tafla yfir meðalhitastig og gráðudaga árin 1971 - 1980  
og 1984 - 1986.

FJARHITUN VESTMANNAEYJA

V,B-1

Tafla yfir framleitt meðalafl hvernarr viku árin 1985 og 1986

<u>Vikunr.</u>	<u>1985</u>	<u>1986</u>	<u>Vikunr.</u>	<u>1985</u>	<u>1986</u>	<u>Vikunr.</u>	<u>1985</u>	<u>1986</u>
1	7,5 MW <sub>t</sub>	8,9 MW <sub>t</sub>	25	4,4 MW <sub>t</sub>	3,5 MW <sub>t</sub>	49	9,4 MW <sub>t</sub>	8,4 MW <sub>t</sub>
2	7,7 -	8,3 -	26	3,9 -	3,4 -	50	8,5 -	7,6 -
3	8,6 -	7,6 -	27	3,9 -	3,1 -	51	9,3 -	8,5 -
4	10,3 -	7,7 -	28	3,4 -	3,1 -	52	11,4 -	8,3 -
5	10,1 -	9,3 -	29	3,4 -	3,6 -	$\bar{P}$	= 6,4 MW <sub>t</sub>	$\bar{P}$ = 5,9 MW <sub>t</sub>
6	8,6 -	7,8 -	30	3,2 -	3,2 -	$P_{min}$	= 3,2 MW <sub>t</sub>	$P_{min}$ = 2,8 MW <sub>t</sub>
7	8,8 -	6,4 -	31	3,6 -	2,8 -	$P$	= 11,4 MW <sub>t</sub>	$P$ = 9,3 MW <sub>t</sub>
8	9,6 -	7,3 -	32	3,5 -	3,7 -			
9	8,0 -	7,3 -	33	3,3 -	3,1 -			
10	8,6 -	7,3 -	34	3,5 -	3,2 -			
11	8,5 -	7,2 -	35	3,8 -	3,7 -			
12	7,3 -	7,1 -	36	5,1 -	4,0 -			
13	8,7 -	6,8 -	37	4,8 -	3,7 -			
14	7,4 -	5,9 -	38	5,2 -	4,2 -			
15	7,0 -	5,5 -	39	5,2 -	4,7 -			
16	6,2 -	6,5 -	40	5,6 -	5,5 -			
17	6,4 -	5,7 -	41	6,6 -	5,3 -			
18	5,5 -	5,8 -	42	6,4 -	6,1 -			
19	5,8 -	5,4 -	43	6,4 -	7,1 -			
20	4,7 -	5,2 -	44	8,4 -	7,4 -			
21	4,8 -	4,5 -	45	10,4 -	7,7 -			
22	4,6 -	5,0 -	46	8,0 -	7,6 -			
23	4,2 -	4,3 -	47	7,7 -	8,0 -			
24	4,0 -	4,2 -	48	9,0 -	8,2 -			

V,B-2

Gráðudagar í Vestmannaeyjum

(mælt á Stórhöfða)

	1984			1985			1986			1971-1980		
	Meðalh. °C	Gr. dagar	Hlutf. %	Meðalh. °C	Gr.	Hlutf. %	Meðalh. °C	Gr. dagar	Hlutf. %	Meðalh. °C	Gr. dagar	Hlutf. %
Jan.	-1,3	660,3	10,0	1,8	564,2	10,3	1,3	579,7	10,4	1,1	585,9	10,6
Febr.	1,6	512,2	7,8	2,4	492,8	9,0	3,2	470,4	8,5	2,3	495,6	8,9
Mars	2,0	558,0	8,5	1,1	585,9	10,7	1,8	564,2	10,2	2,3	548,7	9,9
Apríl	3,2	504,0	7,6	4,1	477,0	8,7	3,9	483,0	8,7	3,8	486,0	8,8
Maí	5,6	446,4	6,8	6,2	427,8	7,8	5,7	443,3	8,0	5,7	443,3	8,0
Júní	8,0	360,0	5,5	8,1	357,0	6,5	7,9	363,0	6,5	8,0	360,0	6,5
Júlí	9,7	319,3	4,8	9,6	322,4	5,9	9,9	313,1	5,6	9,6	322,4	5,8
Ágúst	9,6	322,4	4,9	9,8	316,2	5,8	10,0	310,0	5,6	9,6	322,4	5,8
Sept.	7,5	375,0	5,7	7,0	390,0	7,1	7,4	378,0	6,8	6,7	399,0	7,2
Okt.	4,6	477,4	7,2	6,7	412,3	7,5	3,6	508,4	9,2	5,3	455,7	8,2
Nóv.	3,1	507,0	7,7	1,7	549,0	10,0	2,2	534,0	9,6	2,0	540,0	9,7
Des.	2,2	551,8	8,4	0,8	595,2	10,8	1,2	582,8	10,5	1,2	582,8	10,5
			6.593,8 100,0 119%				5.489,8 100,0 99%				5.547,9 100,0 100%	5.541,8 100,0 100%

(20°C - meðalhiti mánaðar) x dagafjöldi mánaðar = Gráðudagafjöldi mánaðar



**D. FYLGIRIT**



## 19. Hiti í Eldfelli

Gossprungan sem veitti upp Eldfellshrauni hefur ekki verið breið. Á nokkur hundruð metra dýpi myndar hún berggang, sem er um 1 m á breidd. Nærri yfirborði víkkar sprungan vegna rofs, þegar hraun streymir úr henni, og getur orðið um 10 m breið. Bergið beggja vegna við sprunguna er kalt og bráðin í sprungunni tapar hratt varma. Eftir að straumur um sprunguna hættir í goslok, storknar bráðin í sprungunni á 1-2 árum, jafnvel þar sem hún nær 10 m breidd. Um 10 árum eftir goslok er hitinn í sprungunni fallinn niður fyrir 100°C og varminn hefur dreifst um bergið í kring.

Undir Eldfellinu sjálfu geta aðstæður verið aðrar, sjá mynd 22. Þar hefur sprungan væntanlega rofist meir og gæti hafa breyst í keilulaga gígtappa, sem gæti verið nokkrir tugir metra í þvermál við gígopið, en greinist í eðlilega sprungubreidd á 100-200 m dýpi. Tappi sem væri 50 m í þvermál ætti að storkna að fullu á 15 árum en miðhluti hans er þá um 1000°C heitur og helst heitari en 500°C í áratugi enn, ef vatn kemst ekki að honum. Gas frá gígtappanum leitar upp í gjallbing Eldfellsins og rýkur út á gígbörmunum, þar sem þeir eru hæstir og virka eins og reykháfar til útloftunar. Hár hiti í gígbarmínnum (hærri en 650°C) og útfellingar með brennisteini og klóri styðja þá mynd sem hér er upp dregin. Hugsanlegt er einnig, að heitt gas steymi enn upp með gígtappanum af miklu dýpi og kyndi undir fellinu.

Eldfellið sjálft er gjall- og gjóskubingur, sem var að mestu storkinn þegar í upphleðslunni, en þó voru stöku lög hlutbráðin, þegar goshríðin var sem áköfust. Einnig kom það fyrir að innskot ruddust inn í binginn frá gígnum. M.a. er talið að vestari öxlin hafi skriðið fram og hrunið vegna þess að hraun hafi skotist undir hana. Þessi innskot munu ekki hafa verið þykk eða stór um sig, annars hefði þeirra orðið meira vart í hæðarbreytingu lands umhverfis gígninn. Ekkert er vitað um innskot á meira dýpi en þau gætu m.a. hafa orðið á mörkum blágrýtis og setлага á um 800 m dýpi. Hærri hiti en áður í borholunni við Skiphella bendir hugsanlega til þessa. Innskot á því dýpi eru þó ekki áhugaverð til nýtingar að sinni.

Eldfellið sjálft er opið fyrir regni, og úrkoma hefur því flýtt fyrir storknun og kólnun þess. Líklegt er að hár hiti sé nú bundinn við rætur fellsins og gígtappanum ásamt þeim innskotslöögum, sem út frá honum kunna að ganga. Þarna er fólginn varmaforði, sem hugsanlegt er að virkja, en rannsókn hans yrði tímafrek og dýr, þar sem hún yrði að fara fram með borunum. Vinnsluaðferðir þær sem notaðar hafa verið og áætlaðar eru á hrauninu mundu sennilega ekki ganga óbreyttar í Eldfellinu sjálfu, heldur yrði að finna endurbættar aðferðir, sem ólíklegt er þó að geti orðið hagkvæmari en núverandi aðferðir á hrauninu. Hagkvæmast er að halda áfram nýtingu á hrauninu, en vinna jafnframt að rannsókn á Eldfellinu til að kanna skilyrði og hagkvænni frekari varmavinnslu úr því.

20. Vindafar og nýting vindorku til húshitunar í Vestmannaeyjum. (31.01.87/ÖH)

1. Inngangur

Í þessari athugun er reynt að meta þá vindorku, sem er fyrir hendi í Vestmannaeyjum með tilliti til nýtingar hennar til húshitunar. Stuðst er við gögn um vindafar á Stórhöfða á árunum 1971 til 1980. Líklegasta staðsetning á vindorkuveri í Vestmannaeyjum er á nýja hrauninu. Engin langtíma gögn eru fyrir hendi um vindafar á þeim stað og yfirfærsla gagna frá Stórhöfða getur falið í sér ýmsar skekkjur. Í kafla 2 er nánar rætt um þennan þátt og önnur atriði í meðferð gagna frá Stórhöfða.

Vindorku má nýta til húshitunar eftir tveimur meginleiðum. Önnur leiðin gerir ráð fyrir framleiðslu raforku, sem millistigi. Myllur til framleiðslu raforku eru lang algengustu vindorkuverin í dag og er veruleg reynsla komin á rekstur þeirra. Hin leiðin gerir ráð fyrir beinni ummyndun vindorku í varma við upphitun vatns í svonefndri vatnsbremsu, (1). Við samanburð á hagkvæmni er nauðsynlegt að ganga út frá tvennis konar forsendum, þar sem samspli nýtni og vindhraða er mjög ólikt í þessum tilvikum. Í kafla 3 eru gögn um vindafar umreiknuð til orku á flatareiningu hornrétt á vindhraðastefnu fyrir þessar tvær gerðir af vindmyllum.

Í 4. kafla er gert líkan af orkunotkun varmaveitunnar, sem gerir ráð fyrir að aflinu sé skipt á þrjá þætti, neysluvatn, kælingar vegna hitamismunar úti og inni og kælingar vegna vindhraða. Mikilvægt er að brjóta notkunina niður á þennan hátt til að fá sem besta yfirsýn yfir hagkvæmustu notkun vindorku og tengsl vindorkuvers við nauðsynlegt varaafli.

Loks er reynt að meta orkuverð frá vindorkuveri út frá eftirfarandi forsendum:

- Uppsett afl er valið þannig að við hagstæðustu skilyrði vinds jafngildi það að fullu aflþörf veitunnar við sömu skilyrði.
- Ekki er gert ráð fyrir neinni orkumiðlun, þó ljóst sé, að vindorkuver getur aldrei staðið eitt sér undir allri orkunotkun fjarvarma-veitunnar.
- Gert er ráð fyrir myllum af stærðinni, 50-100 kW. Mest reynsla er af þessari stærð mylla og tæknilega eru þær vel viðráðanlegar við þær aðstæður, sem eru í Vestmannaeyjum.

Sá fjöldi mylla, sem þarf í vindorkuverið samkvæmt ofangreindum forsendum, nægir til að ná ýtrrustu hagkvæmni í framleiðslu, uppsetningu og rekstri samkvæmt erlendri reynslu.

Það orkuverð, sem þannig er reiknað ætti að vera það lægsta, sem unnt er að fá með vindorku og gefur því vísbendingu um hvort ástæða sé til að skoða málín enn frekar.

## 2. Vindafar í Vestmannaeyjum.

Tafla 1 sýnir tíðni vindstiga eftir mánuðum á Stórhöfða. Í þessari greinargerð er vindstefnan látin liggja milli hluta, en ríkjandi vindáttir, A.SA og S eru lítt truflaðar bæði á Stórhöfða og nýja hrauninu. Þá gefur frumkönnum sem þessi ekki ástæðu til að fara nákvæmlega út í áhrif landslags á vindgögnin, en eins og fram kemur síðar, er þó reynt að sníða af augljósa annmarka.

Gögnum ársins er skipt í þrjú tímabil og er hvert 4 mánuðir. Gögnin eru miðuð við tíðni vindstiga, en hér er reynt að umreikna þau til vindhraða eftir aðferð Weibulls (2). Gögn mánuðanna desembers, janúars, febrúars og mars eru dregin saman í eina töflu og sama gildir um mánuðina maí, júní, júlí og ágúst og loks mánuðina apríl, september, október og nóvember. Þetta val ræðst af því að reynt er að spyrða saman mánuði með svipað vinda- og hitafar til einföldunar við frekari úrvinnslu. Mynd 1 sýnir þrjú línurit, sem sýna þessa dreifingu vindstiga á Stórhöfða, en í töflu 2 kemur fram umreiknuð tíðnidreifing vindhraðans.

Einnig er reynt að umreikna þessi gögn þannig að vindafar niðri í kaupstaðnum komi fram, en þær tölur eru notaðar til að meta áhrif vindkælingar á orkunotkun. Ljóst er að skekkjuvaldar eins og mismunandi skýling landslagsins á bæinn eftir vindstefnu geta ruglað verulega niðurstöðum og ber því að taka þessum tölum um vindhraða þar með varúð. Á mynd 2 sést tíðnidreifing fjögurra mánaða á Stórhöfða og umreiknuð tíðni frá sama tímabili niðri í byggðinni. Síðar verður reynt að meta áhrif hugsanlegra skekkjuvalda á þessar niðurstöður.

## 3. Vindorka á flatareiningu.

Afl í vindi, reiknað sem vött á hvern fermetra hornrétt á stefnu vindsins, má reikna samkvæmt jöfnunni:

$$P_v = 0,5 \times \mu \times v^3 \text{ (vött/m}^2\text{)} \quad (1)$$

Þar sem  $\mu$  er eðlismassi lofts, oftast reiknaður sem  $1,26 \text{ kg/m}^3$  og  $v$  er vindhraðinn mældur í metrum á sekúndu. Ef  $f(v)$  tákna líkur þess að vindhraðinn sé  $v$  yfir tímabil sem er  $T$  klst, þá er orkan á hvern fermetra gefin við:

$$E(v,T) = P_v * f(v) * T * 10^{-3} \text{ (kWst/m}^2\text{)} \quad (2)$$

Í töflu 2 eru gefin gildin á  $P_v$  og  $E(v,T)$  samkvæmt reiknaðri tíðnidreifingu vindhraða fyrir tímabilin þrjú, sem áður greinir. Í þessari töflu er einnig reiknað og sýnt í tveimur öftustu dálkum, hversu mikilli orku, rafmagnsmylla annars vegar og vatnsbremsumylla hins vegar, mundi skila við tiltekinn vindhraða. Afköstin á flatareiningu má fá með því að margfalda saman nýtnistuðul myllunnar,  $\beta_y$ , og orkuþéttleikann  $E$ . Nýtnistuðull rafmagnsmyllu,  $\beta_x$ , sem fall af vindhraða er fenginn frá gögnum um dönsku 65 kW Bonus-myllum, (3), en um stuðulinn fyrir vatnsbremsumyllu má vísa til (1). Mynd 3 sýnir hvernig þessir stuðlar eru háðir vindhraða og kemur þar vel fram hve ólíkt þessar tvær gerðir af myllum svara vaxandi vindhraða. Af þessum ástæðum er augljóst að tíðnidreifing hraðans skiptir miklu máli, þegar bera skal saman afköst myllanna.

Ársframleiðsla vindmyllu með spaðakerfi, sem sker flötinn A þvert á stefnu vindhraðans, má reikna með eftirfarandi jöfnu:

$$Q = \sum_T (\beta * E(v,T) * A) \text{ kWst} \quad (3)$$

#### 4. Líkan fyrir orkunotkun til húshitunar.

Eins og ljóst er af því sem þegar er komið fram, vex orkuframleiðsla vindorkuvers með vaxandi vindhraða og sama gildir einnig um orkunotkun til húshitunar. Til að reikna bestu nýtingu vindorkuvers þarf að þekkja, hvernig þessir þættir fléttast saman. Til er skráning á 12 stunda fresti um orkuneyslu hjá fjarvarmaveitunni í Vestmannaeyjum. Með samanburði við gögn um hitastig og vindfar má fá mynd af áhrifum vindkælingar á orkunotkun. Ekki hefur þótt ástæða til að vinna slikan samanburð, vegna þeirra frumkönnumnar, sem hér er gerð. Hins vegar er reynt að meta þetta samspil með einföldu líkani og stuðst við líkan fyrir "staðal hús" (4) og aðeins er reiknað með meðalhita hinna þriggja tímabila ársins, sem áður voru notuð.

Aflþörfinni er skipt í þrjá þætti:

- a)  $P_n$ : afl vegna neysluvatns. Þetta afl er áætlað sem föst tala allt árið og hér sett sem 0,7 kW
- b)  $P_1$ : varmatap vegna leiðni,  

$$P_1 = (20-t)/35 * Q(15) = 0,255 * (20-t) \text{ kW}, \quad (4)$$

þarf sem  $Q(15)$  er varmatap við  $-15^\circ\text{C}$  og  $t$  er hitastigið úti.  
Hér verður gert ráð fyrir að  $Q(15)$  sé 9 kW
- c)  $P_k$ : aflþörf vegna vindkælingar,

$$P_k = ((F*FM)/1720) * 16^{-0,7} * v^{1,4} * (20-t) = 3,8 * 10^{-3} * (20-t) * v^{1,4} \text{ kW} \quad (5)$$

hér er v vindhraðinn í m/sek og t er hitastigið úti. F er svokölluð fúgutala (hér sett sem 1) og FM er fúgulengd (hér sett 45 metrar). Tölustuðlar eru vegna umreikninga í kW.

Á mynd 4 er sýnt hvernig aflþörfin breytist með vaxandi vindhraða og í þessum dæmum er t valið annars vegar  $5,4^{\circ}\text{C}$ , sem er sama og meðalhiti fyrir tímabilið, apríl-sept.-okt.-nóv. (og reyndar svipað og meðalhiti ársins) og hinsvegar  $t=2,1^{\circ}\text{C}$ . Í raun er þetta "staðalhús" nokkru stærra en venja er að miða við, en þar sem niðurstöðurnar eru aðeins notaðar til að meta hvernig heildarorkunotkun veitunnar skiptist á þessa þrjá þætti á þetta atriði ekki að skipta máli, a.m.k. ekki í samanburði við ýmsa aðra skekkjuvalda. Í töflu 3 er sýnt hvernig orkunotkunin skiptist á þessa þrjá þætti, samkvæmt meðaltali ársþriðjunganna þriggja. Til samanburðar má geta þess að ef varmatap vegna varmaleiðni er reiknað beint samkvæmt "gráðudögum" fæst á þennan lið alls 41,9 GWst í stað 40,2 GWst í ofangreindu líkani. Vindhraðinn "niðri í bæ" sem notaður er í kæliafli, er fundinn samkvæmt endurreiknaðri hraðadreibingu, samanber mynd 2 og kafla 2 hér á undan.

Ef gera má ráð fyrir sömu dreifingu á orkunotkun fyrir bæinn í heild eins og í líkaninu og gengið er út frá að ársnotkunin sé 60 GWst verður aflþörf fjarvarmaveitunnar sem hér segir:

- a) Þegar hitinn er  $12^{\circ}\text{C}$  og vindur minni en 4 m/sek þarf 3,4 MW.
- b) Þegar hitinn er  $0^{\circ}\text{C}$  og vindur um 20 m/sek þarf 13,4 MW.
- c) Meðalafhl sem áður 6,8 MW.

Tölurnar í lið a og b eru í ágætu samræmi við þekkt hámarks- og lágmarksafhl varmaveitunnar.

##### 5. Stærð vindorkuvers miðað við lágmarksorkuverð.

Ljóst er að vindorka verður aldrei nýtt til húshitunar án þess að til komi einhverskonar miðlun og varaafhl. Endanlegt orkuverð varma- veitunnar ræðst því af samspili þessara þátta, en hver stór hlutur hvers þáttar um sig á að vera, til að ná sem lægstu orkuverði, fæst aðeins með ítarlegum hagkvæmnisútreikningum. Í frumkönnum má einfalda þessa mynd með því að reikna orkuverð frá vindorkuveri eitt sér við hagstæðustu skilyrði og sleppa kostnaði við miðlun og varaafhl. Uppsett afl er þá ákveðið þannig að við tiltekinn hagstæðan vindhraða er framleiðsla vindorkuversins í jafnvægi við orkunotkun, án þess að orkuframleiðslan fari fram úr neyslunni við önnur skilyrði vinda og hita. Þetta val skýrist betur með því að skoða mynd 5. Á mynd 5a er aflþörf fjarvarmaveitunnar við þrjú mismunandi hitastig borin saman við framleiðsluferil rafmagnsmyllu og á mynd 5b er sams konar saman-

burður fyrir vatnsbremsumyllu. Ef alls engri orku má henda, er ljóst að uppsett afl miðast við heita sumardaga. Þannig yrði hámarksaflið fyrir báðar gerðir mylla um 5,8 MW. Hinsvegar er eðlilegt að taka tillit til þess að slík veðurskilyrði eru mjög sjaldgæf og auk þess er æskilegt að koma betur til móts við hina auknu aflþörf, sem er fyrir hendi að vetrarlagi. Samkvæmt þessu er í eftirfarandi útreikningum gert ráð fyrir að uppsett afl verði miðað við aðstæður eins og hér segir:

- A) Rafmagnsmyllur. Heildarafl 7,3 MW, sem svarar til vindhraða 18 m/s á myllustað og hitastigið  $7,2^{\circ}\text{C}$ .
- B) Vatnsbremsumyllur. Heildarafl 8,8 MW, sem svarar til vindhraða 20 m/s á myllusvæði og  $t = 6^{\circ}\text{C}$ .

Samkvæmt lauslegu mati hefur þessi breyting miðað við "sumaraðstæður" í för með sér skekkju, sem í mesta lagi jafngildir einni Gwst í ónýttu afli. Ástæðan fyrir misstóru uppsettum afli liggur í þeim mikla mun, sem er á hvernig þessar tvær gerðir mylla bregðast við vindafari. Samkvæmt þessu þarf því til orkuversins annað hvort 112 rafmagnsmyllur eða 110 vatnsbremsumyllur.

Erlendis er talið að þegar myllufjöldinn er kominn upp fyrir 50-100 hafi hagkvænnin náð hámarki, hvað varðar uppsetningu og rekstur og þaðan í frá vaxi kostnaður í réttu hlutfalli við uppsett afl. Samkvæmt því sem að ofan greinir ætti því orkuverð í vindorkuveri með 110 myllum að vera það lægsta, sem unnt er að fá á orkueiningu með þessarri aðferð. Í töflu 4 hér á eftir eru þessi tvö mylluver borin saman og reynt að reikna kostnað á kWst samkvæmt eftirfarandi forsendum:

- a. Brúttó vindorka á nýja hrauninu, sem unnt er að nýta er 12.600 kWst/m<sup>2</sup>/ár.
- b. Uppsett vindapl jafngildir hámarksafli sem unnt er að nota án þess að unnin vindorka fari til spillis eða sé nýtt í orkumiðlun.
- c. Vindafar á Stórhöfða er lagt til grundvallar tíðnidreifingu vindafls, en gögnin umreiknuð til að mæta aðstæðum á hrauninu.
- d. Orkunotkun fjarvarmaveitunnar er umreiknuð samkvæmt einföldu líkani um húshitun til að fá kennistærðir vindorkuversins.
- e. Raforkumyllan er reiknuð samkvæmt kennigönum á 65 kW myllu frá Bonus í Danmörku. Stofnkostnaður við uppsett afl er reiknaður 8000 dkr/kW. Gengi dönsku krónunnar er reiknað 5,70 ísl.kr.
- f. Vatnsbremsumyllan er byggð á gögnum sem unnin voru hjá FÍ 1985-1986 vegna lánsumsóknar Hamars til iðnþróunarsjóðs. Ekki er tekið tillit til hugsanlegrar hagkvænni við raðsmíði.
- g. Verð á orkueiningu er reiknað samkvæmt "annuitet" með 6% árvöxtum og 15 ára afskriftir á stofnkostnað + 2% af stofnkostnaði sem rekstur og viðhald.

## 6. Athugasemdir um forsendur og niðurstöður.

### a) Hversu marktæk eru vindgögnin?

Eins og þegar hefur komið fram, eru útreikningar á nýtanlegri vindorku byggðar á vindgönum frá veðurathugunarstöðinni á Stórhöfða. Aðstæður á höfðanum eru þannig að vindstrengurinn magnast að nokkru leyti upp, borið saman við loftstreymi á hafsvæðum í kring. Í gagnameðferð hér á undan hefur verið reynt að sníða af augljósa annmarka í notkun þessara gagna. Hins vegar er aðeins unnt að ganga úr skugga um, hvernig til hefur tekist með því að gera beinar samanburðarmælingar á nýja hrauninu og Stórhöfða. Þá má benda á, að þar sem vindmyllurnar nýta aðeins að litlu leyti orku vindsins, þegar vindur fer yfir 8 vindstig, skiptir litlu málí hvort vindur í raun er 9 eða 11 vindstig, þegar ársorkan er metin. Ekki verða raktar hér einstakar forsendur í gagnameðferð, enda gefur meginniðurstaða skýrslunnar ekki tilefni til að fara nánar út í mat á orkugildi vindsins. Af töflu 3 og jöfnum um vindafhl má ráða að gögn um vindafar skipta meginmáli, þegar meta skal hagkvænni vindorkuvers. Á þetta er rétt að leggja áherslu. Orkuverð frá vindorkuveri í Vestmannaeyjum, samkvæmt áðurgreindum forsendum í þessari skýrslu, gefur ekki tilefni til að velja þennan kost. En aðstæður geta breyst og með tilliti til framtíðarinnar væri mikilvægt að hafa tiltæk langtíma gögn um vindafar á nýja hrauninu. Mælingar á vindafari um 2-3 ja ára skeið, þar sem skráð væri 10 mínútu meðaltöl allan sólarhringinn og í úrvinnslu fælist fylgnireikningar við Stórhöfða, mundi kosta um 230 þúsund kr alls. Þar af er stofnkostnaður á mæli- og skráningarbúnaði um 80 þús. en árlegur rekstrar- og reikni-kostnaður um 50 þúsund.

### b) Val á myllutegund og gögn um kostnað og reynslu

Um þessar mundir eru á markaðnum fjöldi tegunda af rafmagnsmyllum í stærðarfloknum 50-100 kW að hámarksafli. Í þessari skýrslu er stuðst við kennigögn 65 kW myllu frá fyrirtækinu Bonus í Danmörku. Svipuð niðurstaða fæst ef skoðuð eru gögn um Micon-myllum, einnig frá Danmörku. Þessar myllur voru valdar með hliðsjón af grein eftir Woody Stoddard (5) sem byggir á reynslugögnum frá orkustofnun í Kaliforníu á úttekt á 13458 myllum þar í fylki. Í þeim samanburði koma inn 329 Bonus myllur og 384 Micon-myllur. Reynslan af þessum myllum og útkoma þeirra samkvæmt skýrslu Stoddards gefur tilefni til að ætla kennigögn og forsendur, sem hér hafa verið notuð gefi góða mynd af því, sem vænta megi af rafmagnsmyllum hér. Ekki var gerð tilraun til að meta kosti þess í orkuöfluninni, að aðlaga myllurnar betur íslenskum aðstæðum. Við stærri innkaup er oft unnt að semja um minniháttar breytingar, sem leiða til heppilegrar kennigagna. Lausleg könnun var gerð á hagkvænni af stærri myllum, t.d. 70 myllur með hámarksorku 100 kW. Ávinningur af þessari athugun var ekki það mikill að ástæða þetti til að endurreikna dæmið. Aðrir óvissupættir eins og ársorka vinds á


fermetra eru það stórir, að þeir yfirgnæfa þennan þátt. Benda má á að erlendis telja menn sig núorðið geta leyft sér 20 ára afskriftatíma á nýtisku myllum, en hér var ákveðið að styðjast við 15 ár í kostnaðarreikningum. Þessi varkárni hækkar verðið um 15 aura á hverja kWst.

c) Óvissuatriði varðandi vatnsbremsmyllur og stærðarval.

Kostnaðarreikningar í tengslum við vatnsbremsmylluna eru miklu óvissari en hliðstæðir reikningar á rafmagnsmyllum. Framleiðslukostnaður við fjöldaframleiðslu á slíkum myllum er ekki fyrir hendi né heldur langtímareynsla í rekstri og viðhaldi. Stofnkostnaðurinn er því miðaður við verð á stakri myllu, enda er á þessu stigi ekki unnt að meta hugsanlega hagkvænni vegna raðsmíði. Á móti gæti einnig komið kostnaður við ófyrirséða þætti. Myllustærðin, þ.e. 80 kW hámarksafl, er valin með hliðsjón af þeirri reynslu sem þegar er fengin. Ekki er unnt, án frekari rannsókna, að gera ráð fyrir stærri myllum, en þar sem spaðaþvermálið er um 10 metrar. Líklegt er að, ef spaðaþvermálið og þar með aflið yrði aukið enn frekar, þyrfti flóknari stýribúnað og þar með hverfa þeir kostir sem slik mylla hefur fram yfir rafmagnsmyllu.

Tilvísanir:


- (1) O. Helgason and A. S. Sigurðsson: Test at very wind speed of a windmill controlled by a waterbrake. Proc. of the Eight BWEA Wind Energy Conference, Cambridge 1986, p. 101-106.
- (2) E. Lundtang Petersen o.fl.: Windatlas for Denmark. Risø-R-428, Risø, jan. 1981.
- (3) Kennigögn frá Bonus, Danregn Windkraft A/S. Staðfest í S.L. Report: 81169-03, mælingar frá rafveitum Suður-Kaliforníu.
- (4) Paul Becher: Varma og ventilation. Sjá einnig lokaverkefni Sveins Ólafssonar til BS-prófs í vélaverkfræði 1980.
- (5) Woody Stoddard: The California Experience. Proc. of Danwea 1986 Conference of Wind Technology, Herning 1986, p. 83-102.



JHD-SK-8000-ÖH


87.04.0345. EK

Mynd 2



JHD-SK-8000-ÖH  
'87.0346-EK

Mynd 3



I-  
E-



JHD-SK-8000-ÖH  
'87.04.0349-EK

Mynd 4

Varmapörf fyrir "staðalhús" reiknað samkvæmt jöfnunni


$$P(\text{kW}) = 0,7 + 0,225 * \Delta T + 3,8 * 10^{-3} * \Delta T * v^{1,4}$$

neysluvatn varmaleiðni vindkæling




I-  
JHD-SK 8000-ÖH  
'87.0347- EK

Mynd 5a



Mynd 5b



TAFLA 1

WESTMANNAEYJAR

Vindstig	0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Alls
Janúar	22 0.9	92 3.7	156 6.3	188 7.6	280 11.3	264 10.6	334 13.5	328 13.2	373 15.0	224 9.0	128 5.2	59 2.4	32 1.3	2480
Febrúar	27 1.2	66 2.9	129 5.7	152 6.7	237 10.5	206 9.1	292 12.9	348 15.4	322 14.2	229 10.1	149 6.6	79 3.5	28 1.2	2264
Mars	23 0.9	89 3.6	138 5.6	205 8.3	363 14.6	334 13.5	386 15.6	314 12.7	263 10.6	188 7.6	110 4.4	48 1.9	19 0.8	2480
Ápríl	12 0.5	76 3.2	135 5.6	208 8.7	367 15.3	318 13.3	424 17.7	365 15.2	281 11.7	125 5.2	67 2.8	19 0.8	3 0.1	2400
Máí	23 0.9	99 4.0	231 9.3	309 12.5	450 18.1	328 13.2	376 15.2	267 10.8	189 7.6	141 5.7	52 2.1	6 0.2	9 0.4	2480
Júní	14 0.6	94 3.9	237 9.9	385 16.0	518 21.0	385 16.0	345 14.4	211 8.8	135 5.6	51 2.1	19 0.8	5 0.2	1 0.0	2400
Júlí	25 1.0	180 7.3	299 12.1	418 16.9	586 23.6	346 14.0	282 11.4	174 7.0	121 4.9	30 1.2	15 0.6	3 0.1	1 0.0	2480
Ágúst	37 1.5	123 5.0	238 9.6	267 10.8	491 19.8	344 13.9	386 15.6	276 11.1	180 7.3	95 3.8	33 1.3	9 0.4	1 0.0	2480
September	23 1.0	114 4.8	189 7.9	282 11.8	468 19.5	379 15.8	327 13.6	247 10.3	173 7.2	113 4.7	63 2.6	14 0.6	8 0.3	2400
Október	34 1.4	111 4.5	193 7.8	202 8.1	353 14.2	331 13.3	358 14.4	307 12.4	275 11.1	174 7.0	98 4.0	37 1.5	7 0.3	2480
Nóvember	19 0.8	85 3.5	135 5.6	171 7.1	300 12.5	286 11.9	410 17.1	398 16.6	339 14.1	132 5.5	89 3.7	24 1.0	12 0.5	2400
Desember	22 0.9	72 2.9	132 5.3	164 6.6	291 11.7	281 11.3	303 12.2	351 14.2	349 14.1	230 9.3	158 6.4	81 3.3	46 1.9	2480
Árið	281 1.0	1201 4.1	2212 7.6	2951 10.1	4704 15.1	3802 13.0	4223 14.5	3586 12.3	3000 10.3	1732 5.9	981 3.4	384 1.3	167 0.6	29224



TAFLA 3

	apríl,sept. ókt.,nóv.	maí,júni júlí,ág.	des.,jan. feb.,mars	allt árið
Meðalhiti, tn ( $^{\circ}$ C)	5,4	8,8	2,1	
$\Delta t = 20 - tm$	14.6	11.2	17.9	
Orkunotkun vegna neysluvatns, $Q_N$ (GWst)	2.6	2.6	2.6	7.8
Orkunotkun vegna varmaleiðni, $Q_L$ (GWst)	13.4	10.3	16.5	40.2
Orkunotkun vegna vindkælingar, $Q_K$ (GWst)	3.7	2.1	6.3	12.1
$\Sigma Q = Q_N + Q_L + Q_K$	19.7	15.0	25.4	60.1
Hlutfall vindkælingar $Q_K/\Sigma Q$	18.6%	14.3%	25%	

TAFLA 4

Atriði til samanburðar	Rafmagnsmyllur	Vatnsbremsumyllur
Hámarksafl/myllu	65 KW/myllu	80 KW/myllu
Flatarmál í spaðaskurði	175 m <sup>2</sup>	50 m <sup>2</sup>
Fjöldi mylla	110	110
Heildarhámarksafl	7,2 MW	8,8 MW
Heildar spaðaflötur	19 200 m <sup>2</sup>	5 500 m <sup>2</sup>
Stærð virkjunarsvæðis	$2 \times 10^5$ m <sup>2</sup>	
Ársorka	31,3 Gwst	26 Gwst
Ársorka á fermetra	1630 kWst	4560 kWst
Stofnkostnaður	326 Mkr	200 Mkr
Tengibúnaður	34 Mkr	16 Mkr
Árlegur rekstrarkostnaður	7,2 Mkr	4,3 Mkr
Verð á kwst,	1,35 kr	1,01 kr

## 21. Dæmi um þróun fjárhagss töðu FJAVE (20.03.87/EB)

Við mat á hagkvænni hinna ýmsu orkuöflunarleiða, er nauðsynlegt að setja þar inn rekstrarlíkan og sjá hver áhrifin verða á stöðu langtímaskulda til lengri tíma.

Til þessara hluta er notað áætlanaforrit FJAVE og reiknað til 25 ára.

Slíkir útreikningar þurfa, að sjálfsögðu, að byggja á gefnum forsendum. Hér eru notaðar allar þær sömu forsendur og FJAVE notar í sínum áætlunum, þó með örlítið meiri sölu, til þess að mæta meiri orkukaupum.


Forsendur áætlana:

- \* Selt heitt vatn 1.006.000 m<sup>3</sup>
- \* Staða langtímaskulda 01.01.87: 418.000.000,00 kr.
- \* Ný lán eru tekin á hverju ári ef um greiðsluvandræði er að ræða.
- \* Vextir af nýjum lánum reiknast 7%.
- \* Rekstrarliðir eru hækkaðir um 1% milli ára.

Til þess að gera yfirsýnina auðveldari eru niðurstöður settar fram myndrænt (grafisk).

### Mynd 1:

Mynd 1 sýnir áhrifin frá rekstrarfyrirkomulagi samkvæmt áætlun sem sýnd er á mynd 43 í skýrslunni, þó með þeirri breytingu að varmadælan er látin ganga út afskriftatímann.




Reiknað er með tveim möguleikum á innkaupsverði raforku  $k_L$  0,25 kr/kWh annarsvegar og 0,45 kr/kWh hinsvegar.

Hér kemur glöggt fram hve afgerandi orkuverðið er á skuldastöðuna. Á myndinni má sjá að í fyrra tilfellinu eru skuldirnar komnar niður í núll árið 2008, þegar í því síðara eru eftir skuldir uppá 164 Mkr.

Mynd 2:


Mynd 2 sýnir þann möguleika að uppdælingin og hraunið gefi fulla orku næstu þrjú ár, eftir það verði allri vinnslu á hrauni hætt, en svo taki annarsvegar rafskauta- og hinsvegar olíukatlar við hlutverki orkuöflunar.



Í þessu tilfelli verða áhrifin einnig mjög athyglisverð, einkum hvað varðar samanburð rafskautaketilsins við mynd 1. Þar kemur fram að niðurgreiðslu skulda lýkur tveim árum fyrr samkvæmt rafskautaketils-rekstri á mynd 2. Einnig er fróðlegt að sjá hver skuldastaðan yrði, ef orkuþörfinni væri mætt með olíukyndingu í svartolíukatli.

Mynd 3:

Mynd 3 sýnir sama rekstrarfyrirkomulag og mynd 2, nema hvað hér er, í stað rafskauta- eða oliuketils, orkuþörfinni mætt með varmadælu sem nýtir sjávarvarma.



Glöggt má greina af myndinni að áhrif raforkuverðsins eru töluvert minni í þessu tilfelli. Varmadælan virðist vera nokkuð hagstæð, einkum við hærra orkuverðið. Þá er rétt að benda á, að það er fyrst og fremst stuttur afskriftartími sem rýrir hagkvæmni varmadæla.